# FRÉTTABLAÐIÐ

234. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 4. OKTÓBER 2018


## Fjörutíu prósent óskráð á hálendinu

**STJÓRNSÝSLA** Aðeins sextíu prósent bygginga á miðhálendi Íslands eru skráð í fasteignaskrá Þjóðskrár. Dæmi er um nýbyggt hús innan miðhálendis sem notað er í ferðaþjónustu án þess að vera skráð sem fasteign. Ekki eru greidd opinber gjöld af óskráðum húsum.

Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslu Skipulagsstofnunar um mannvirki á miðhálendinu. 586 byggingar eru á miðhálendinu samkvæmt skýrslunni. Tilgangur hennar er að gefa heildstæða yfirsýn yfir núverandi húsakost og þjónustuframboð á miðhálendinu. Slík yfirsýn er nauðsynleg forsenda fyrir frekari stefnumótun um skipulagsmál á miðhálendinu.

„Ég er með dæmi um hús sem er nýendurbyggt og er nýtt af ferðaþjónustu en fasteignin sjálf er ekki skráð í Þjóðskrá. Þannig að fyrirtækið, eigandi fasteignarinnar, greiðir þar af leiðandi engin gjöld eða skatta af fasteigninni,“ segir Einar Jónsson, sérfræðingur hjá Skipulagsstofnun, sem kom að gerð skýrslunnar.

Við gerð skýrslunnar var byggt á fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands og gögnum frá sveitarfélögum á miðhálendinu, auk upplýsinga frá mörgum stofnunum, félagasamtökum og einstaklingum og úr rituðum heimildum.

„Skýringar á þessu geta verið margvíslegar. Ein af þeim er að sveitarfélögin hafa þá ekki gengið eftir því að skrá þessar fasteignir. Svo er annar angi að ríkið er landeigandi þjóðlenda og nokkuð af þessum fasteignum er í þjóðlendum. Forsenda þess að skrá fasteign er að gera lóðarleigusamninga og ríkið hefur ekkert gengið eftir því. Það er kannski stærsti þátturinn í þessu, að ríkið hefur ekki samið við eiganda fasteignarinnar um lóð,“ bætir Einar við.

Sveitarfélög verða því af nokkrum tekjum hvað þetta varðar, þar sem ekki eru greiddir skattar af þessum húsum.

Einar segir það hafa komið á óvart hversu margar byggingar séu á hálendinu sem ekki eru skráðar í opinberum gögnum. „Ástand fjallaskálanna er auðvitað misjafnt en sveitarfélög eru eftirlitsskyld og því þurfa þau að skoða þetta betur. Við ættum auðvitað að gera þá kröfu að allar byggingar, jafnt á hálendi sem á láglendi, sem nýttar eru skuli skráðar í opinberum gögnum.“ **– sa**

## Fásinna að líta til sanngirnisbóta

**DÓMSMÁL** Ragnar Aðalsteinsson, verjandi Guðjóns Skarphéðinssonar, segir fásinnu að líta til sanngirnisbótamála við ákvörðun bóta í kjölfar sýknudóms í Guðmundar- og Geirfinnsmálum eins og dósent í réttarfari hafði talið líklegt.



„Þeir eiga einfaldlega bótakröfur sem unnt er að fá úrlausn um fyrir hinum almennu dómstólum ef ekki semst,“ segir Ragnar. Margir dómar hafi fallið um bótarétt, þótt málið sé án fordæma.

**– aá** / sjá síðu 4

# Fangar fái menntun við hæfi



**Í haust eru 40 ár síðan skólahald var formlega tekið upp á Litla-Hrauni sem gefur tilefni til að rýna í menntamál fangelsanna á Íslandi. Sérfræðingar segja ýmislegt vanta upp á þetta mikilvæga betrunarúrræði og að skortur sé á eftirfylgni út í samfélagið.** ➜ 10

Rannsóknir erlendis sýna að menntun er mjög mikilvægur þáttur í því að koma í veg fyrir endurkomur. Það eru minni líkur á því að þeir sem raunverulega vilja byggja sig upp og mennta sig fari aftur í fangelsi,“ segir Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands.

Engar tölur eru þó til um slíkt á Íslandi.

Flestir fangar sem nú afplána dóm hafa hlotið greiningu af einhverju tagi, svo sem lesblindu, skrifblindu og athyglisbrest. Slíkt gerir þeim erfitt fyrir að stunda bóklegt nám en þeir myndu þó sóma sér vel í verklegu námi. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Helga og Francis Pakes, prófessors við Portsmouth-háskóla.

Greiningar sem þessar geti einnig verið hluti af því hvers vegna einstaklingar endi í fangelsi. Margir fanganna höfðu flosnað upp úr skóla og töldu sig ekki hafa hlotið viðeigandi aðstoð. Breski sérfræðingurinn Mike Trace kom nýlega til landsins og miðlaði ríkri reynslu sinni af málaflokknum. Hann segir það nauðsynlegt að skoða rót vandans og nálgast málaflokkinn af umhyggju.

Gylfi Þorkelsson kennslustjóri lýsir því hvernig bæta megi menntun fanga. Blása þurfi lífi í menntamálin innan veggja fangelsisins. **– gj**

> Skortur er á meiri náms- og starfsráðgjöf til þess að byggja brú yfir í samfélagið sem er gott fyrir alla
>
> Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Fjárlagafrumvarpið brást eldri borgurum, skrifar Björgvin Guðmundsson. 22

**TÍMAMÓT** Guðrún kennir fólki að lita blátt band. 26

**MENNING** Landslagsmenn hlutu stór verðlaun. 32

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Hvöss norðlæg átt og slydda um landið norðan- og suðaustanvert en hríðarbylur til fjalla. Hvassast á Vestfjörðum og sunnanverðu Snæfellsnesi. Úrkomulítið sunnan til á landinu og lengst af hægari vindur sunnan- og austanlands. SJÁ SÍÐU 28

## Bætur vegna Aserta-málsins

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið var í Héraðsdómi Reykjavíkur í fyrradag dæmt til að greiða Gísla Reynissyni, fyrrverandi starfsmanni Straums fjárfestingabanka, 1,4 milljónir króna í bætur vegna rannsóknaraðgerða í Asertamálinu svokallaða.

Í málinu voru fjórir menn ákærðir fyrir brot gegn lögum um gjaldeyrismál. Mennirnir voru sýknaðir í héraði og fallið frá málinu áður en það var tekið fyrir í Hæstarétti. Var það gert þar sem líklegt þótti að meint brot væru fyrnd.

Gísli krafðist 65 milljóna króna bóta en upphæðin var miðuð við að hann hefði orðið fyrir atvinnutjóni vegna rannsóknarinnar. Krafa Gísla var á grundvelli þess að rannsóknaraðgerðir lögreglu hefðu verið úr hófi, opinberra ummæla rannsakenda og vegna fjártjóns vegna kyrrsetningar og haldlagningar fjármuna. Ekki var fallist á að rannsóknaraðgerðir hefðu verið úr hófi og ummæli rannsakenda þóttu ekki meiðandi.

Aftur á móti þótti sýnt fram á að kyrrsetning og haldlagning hefði varað of lengi. Atvinnutjón hans þótti ekki sannað og voru bætur því ákvarðaðar að álitum 1,4 milljónir. **– jóe**

## Í fangelsi fyrir fíkniakstur

**DÓMSMÁL** Karlmaður var í Héraðsdómi Vestfjarða á mánudag dæmdur í 30 daga fangelsi og sviptur ökurétti ævilangt vegna aksturs undir áhrifum kannabis um Steingrímsfjarðarheiði.

Maðurinn var einnig undir áhrifum lyfseðilsskylds lyfs en ekki gerð refsing vegna þess þar sem vottorð frá lækni fylgdi því. Var það niðurstaða dómsins þrátt fyrir að læknisfræðilegur styrkur þess hafi verið ríflega tvöfalt hærri en vanalegt telst.

Þetta var í þriðja skiptið sem maðurinn er fundinn sekur um akstur undir áhrifum. **– jóe**

## Gjöfull ruslaleiðangur ISAVIA



Starfsfólk ISAVIA með hluta afraksturs svokallaðrar FOD-göngu í gær. Gangan er hluti af öryggisviku félagsins og felur hún það í sér að starfsmenn gera sér dag úr því að tína upp rusl á Keflavíkurflugvelli. Rusl og aðrir aðskotahlutir geta nefnilega ógnað flugöryggi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Bóluefni fyrir Ísland tryggt

**HEILBRIGÐISMÁL** Samkvæmt samningi íslenska ríkisins við lyfjaframleiðandann GlaxoSmithKline fá Íslendingar „eins fljótt og auðið er eftir að lýst hefur verið yfir heimsfaraldri“ 300 þúsund skammta af bóluefni gegn inflúensu.

„Samningur þessi byggir á sambærilegum samningi sem Danir hafa gert við GSK og gildir hann í fjögur ár með möguleika á framlengingu, mest 10 ár,“ segir í Farsóttafréttum.

Samningurinn, sem undirritaður var 10. september, er af gerð viðbragðsáætlana stjórnvalda vegna heimsfaraldurs inflúensu.

„Með samningnum er tryggt að Íslendingar fái bóluefni. Þar sem ekki verður hægt að hefja framleiðslu á bóluefninu fyrr en heimsfaraldri hefur verið lýst yfir, munu líða um fjórir til sex mánuðir frá upphafi faraldurs þar til bóluefnið fæst afhent.“ **– gar**






# Kafa og kortleggja flak frá 1659 í Flateyjarhöfn

**Fornleifafræðingurinn Kevin Martin fer fyrir hópi sem kafar að flaki hollenska kaupskipsins Melckmeyt sem sökk við Flatey árið 1659. Botnleðju og þang þarf að fjarlægja með höndum. Melckmeyt var fulllestað til brottfarar er það sökk.**

**FORNLEIFAR** „Frá sjónarhóli neðansjávarfornleifafræðinnar er þetta skip býsna sérstakt með tilliti til þess hvernig það hefur varðveist,“ segir Kevin Martin fornleifafræðingur um hollenska kaupskipið Melckmeyt sem sökk árið 1659 og liggur á hafsbotni við Flatey á Breiðafirði.

Kafararnir Erlendur Guðmundsson og Sævar Árnason fundu flak Melckmeyt í gömlu höfninni í Hafnarey við Flatey árið 1992. Melckmeyt er elsta þekkta skipsflak landsins. Melckmeyt þýðir mjaltastúlka.

Annar helmingur skipsins var rannsakaður er kafað var að flakinu árið 2016. Á mánudag var verkinu haldið áfram og ætla Kevin og félagar hans, Fraser Cameron frá Iceland Dive Expeditions, Héðinn Þorkelsson frá Diving Island og John McCarthy, doktorsnemi við Flinders háskóla í Ástralíu, að kortleggja hinn helming flaksins. Sjálfur er Kevin doktorsnemi í fornleifafræði við Háskóla Íslands.

Stormur hrakti Melckmeyt upp í kletta við Flatey í október 1659 og tókst skipverjunum fimmtán ekki að losa það. Einn úr áhöfninni drukknaði. Þeir sem lifðu höfðu vetursetu í Flatey. Skipið hafði verið fulllestað fyrir brottför til Amsterdam. Farmur Melckmeyt var að sögn Kevins fiskur, kjöt og fleira.

Kevin segir mjög fátítt að viðir í hollenskum skipum frá sautjándu öld hafi varðveist. „Flest fúna þau burt og oft er það eina sem eftir stendur fallbyssur og leirmunir en sjaldgæft er að timbrið varðveitist. Þetta skip er það elsta sem fundist hefur við Ísland,“ segir hann.

Að sögn Kevins er ætlunin að kortleggja þann helming flaksins sem eftir stendur á stafrænan hátt á þessu ári. Verkefnið er unnið með styrk úr Fornminjasjóði Minjastofnunar Íslands.

„Við vonumst til að staðfesta hverrar tegundar skipið var þar sem það er ekki enn 100 prósent öruggt. Á árinu 2016 tókum við sýnishorn af viði til að greina árhringi og gátum þannig tímasett eikarviðina til áranna 1620 til 1635 og fundið út að þeir voru höggnir í Norður-Þýskalandi,“ segir Kevin.

Leiðangursmenn þurfa að kafa að flakinu og fjarlægja botnleðju og þang handvirkt. „Ef einhverjir hlutir eða leirmunir finnast þarf að mæla þá og mynda áður en þeir eru teknir. Öll gögnin verða á endanum notuð til að gera þrívíddarlíkan af skipsflakinu,“ segir Kevin Martin.

**gar@frettabladid.is**



Búist til köfunar við flak Melkmeyts í Hafnarey í gær. MYND/HÉÐINN ÞORKELSSON



Ástralinn John McCarthy vann líkan af Melckmeyt. MYND/JOHN MCCARTHY

> **Þetta skip er það elsta sem fundist hefur við Ísland.**
>
> Kevin Martin, doktorsnemi í fornleifafræði við Háskóla Íslands

# Skamma Fjarðabyggð fyrir steinristur á Stöðvarfirði

**UMHVERFISMÁL** Fjarðabyggð fór út fyrir valdmörk sín þegar listamaðurinn Kevin Sudeith fékk leyfi til að gera listaverk í kletta á Stöðvarfirði.

Þegar Sudeith óskaði eftir leyfinu benti umhverfisstjóri sveitarfélagsins á að fyrir því þyrfti framkvæmdaleyfi sem meðal annars væri háð samþykki Umhverfisstofnunar (UST). Við meðferð málsins kvað skipulagsstjóri Fjarðabyggðar hins vegar upp úr með að ekkert slíkt leyfi þyrfti. Umhverfisnefndin gerði enga athugasemd við erindið í apríl og fékk Sudeith grænt ljós á listgjörninginn.



Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóri Fjarðabyggðar.

Eftir bréfaskipti UST og Fjarðabyggðar um málið hefur stofnunin nú undirstrikað í nýju bréfi að sveitarfélagið hafi farið út fyrir valdmörk sín og veitt leyfi sem ekki sé unnt að veita samkvæmt lögum. Sveitarfélagið er sagt hafa brugðist leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart Kevin Sudeith sem framið hafi refsiverð brot á náttúruverndarlögum með „áletrunum í náttúrumyndanir“. Algerlega er hafnað þeim rökum Fjarðabyggðar að umræddir klettar séu ekki náttúrumyndanir.

„[UST] lítur svo á að skortur á vönduðum stjórnsýsluháttum sveitarfélagsins hafi stuðlað að því að umræddur listamaður skrapaði í og málaði á umræddar náttúrumyndanir.“

Þá vill UST að vafaatriði verði framvegis borin undir stofnunina. „Um nauðsyn þess stendur nú varanlegur minnisvarði í klettunum í landi Landa í Stöðvarfirði.“

Ekki náðist í Karl Óttar Pétursson, bæjarstjóra Fjarðabyggðar. **– gar**

## Gegn tvöföldu lögheimili barna

**SAMFÉLAG** Samband íslenskra sveitarfélaga leggst enn og aftur gegn því að börn geti haft lögheimili hjá báðum foreldrum sínum eftir sambandsslit foreldra. Hanna Katrín Friðriksson, þingflokksformaður Viðreisnar, hefur lagt fram frumvarp á þingi þess efnis.

Megintilgangur frumvarpsins er að jafna hlut foreldra. Frumvarpið gæfi þá foreldrum sem búa ekki saman en fara sameiginlega með forsjá val um að skrá lögheimili barnsins hjá báðum foreldrum og hafa þá jafna heimild til að taka afgerandi ákvarðanir um daglegt líf barnsins

„Sambandið getur ekki stutt frumvarp sem gerir þá kröfu til sveitarfélaga að þau aðlagi sig að algjörlega nýju greiðslu- og þjónustufyrirkomulagi hjá þúsundum fjölskyldna þegar löggjafinn gerir þá kröfu að samvinna og gott samband milli foreldra sé forsenda þess að hægt sé að ræða um jafna búsetu barns,“ segir í umsögn sambandsins.



Hanna Katrín Friðriksson.

„Tvöföld lögheimilisskráning barna getur haft veruleg áhrif á þjónustu og útgjöld sveitarfélaga, ekki síst í skólamálum,“ segir í umsögn sambandsins. **– sa**

## Nóbel fyrir að beisla þróun

**VÍSINDI** Þrír vísindamenn deila Nóbelsverðlaunum á sviði efnafræði í ár. Hin bandaríska Frances Arnold, Bretinn Gregory Winter og Bandaríkjamaðurinn George Smith.

Smith og Winter eru verðlaunaðir fyrir vinnu með peptíð og mótefni en Arnold er verðlaunuð fyrir stýrða þróun ensíma.

Í tilkynningu frá Nóbelsnefndinni kemur fram að þríeykið hafi beislað þróunina og nýtt hana til hagsbóta fyrir mannkynið. **– þea**

# Vegasmálið nærtækt fordæmi

**Verjandi segir fásinnu að líta til sanngirnisbótamála við ákvörðun bóta í kjölfar sýknudóms í Guðmundar- og Geirfinnsmálum. Bótaábyrgðin sé skýr og margir dómar hafi fallið um bótarétt þótt málið sé án fordæma.**

**DÓMSMÁL** Verjandi eins hinna sýknuðu í Guðmundar- og Geirfinnsmálum segir algjöra fásinnu að leysa megi úr hugsanlegum bótakröfum þeirra sem lýstir hafa verið saklausir af tveimur mannshvörfum með löggjöf svipaðri og sett var um árið í tengslum við þá sem nefndir voru Breiðavíkurdrengir.

Á forsíðu Fréttablaðsins síðastliðinn mánudag var haft eftir Kristínu Benediktsdóttur, dósent í réttarfari, að sennilegast yrði um einhvers konar sanngirnisbætur að ræða, en hún tók þó fram að um eðlisólík mál væri að ræða.

„Lögin um sanngirnisbætur voru sett svo unnt yrði að greiða einhverjar lágmarksbætur enda þótt bótakröfurnar væru taldar fyrndar,“ segir Ragnar Aðalsteinsson, verjandi Guðjóns Skarphéðinssonar, og telur mjög ólíku saman að jafna. „Réttarstaða hinna sýknuðu er allt önnur. Þeir eiga einfaldlega bótakröfur sem unnt er að fá úrlausn um fyrir hinum almennu dómstólum ef ekki semst.“

Ragnar vísar til laga um meðferð sakamála sem hafa að geyma hlutlæga bótareglu vegna einstaklinga sem hafa saklausir þolað refsingu í sakamáli. Hann vísar til nýlegs dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Sigurþórs Arnarssonar sem voru dæmdar bætur árið 2015 vegna dóms sem hann hlaut árið 1993 fyrir líkamsárás sem leiddi til dauða manns á skemmtistaðnum Vegas sama ár.

Eftir að Sigurþór vann mál sem hann höfðaði gegn íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu var mál hans endurupptekið fyrir íslenskum dómstólum og Sigurþór sýknaður. Hann höfðaði í kjölfarið bótamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og voru honum dæmdar rúmar 18,7 milljónir árið 2015, þar af 16,3 milljónir í miskabætur sem miðuðust við tímalengdina sem hann sat inni.

Bótareglur sakamálalaganna taka einnig til þeirra sem sýknaðir hafa verið í sakamáli eða mál þeirra fellt niður, hafi þeir þurft að þola þvingunaraðgerðir vegna rannsóknar, á borð við handtöku, gæsluvarðhald, símhleranir og fleira.

Fjölmörg dómafordæmi eru til í íslenskri réttarframkvæmd um bætur á þessum grundvelli. Eitt þeirra er dómur í máli fjögurra manna sem sátu í gæsluvarðhaldi í 105 daga vegna rannsóknar Geirfinnsmálsins en voru aldrei ákærðir.

Aðspurður vildi Ragnar þó ekki nefna neinar hugmyndir um bótafjárhæð að svo stöddu.

**adalheidur@frettabladid.is**



### Frelsissvipting hinna nýsýknuðu

Albert Klahn Skaftason
**6 mánuðir**

Guðjón Skarphéðinsson
**58 mánuðir**

Tryggvi Rúnar Leifsson
**71 mánuður**

Kristján Viðar Júlíusson
**88 mánuðir**

Sævar Marinó Ciesielski
**99 mánuðir**

### 1,5 milljónir fyrir 21 dag

Sigurður Hilmar Ólason fékk bætur árið 2016 vegna gæsluvarðhalds og annarra þvingunaraðgerða sem hann var beittur vegna rannsóknar fíkniefnamála. Hann var handtekinn í viðurvist fjölmiðlafólks. Hann var ekki ákærður vegna málsins.

**Lengd gæsluvarðhalds:** 21 dagur.
**Bætur:** 1.500.000 kr.

### Rúm milljón fyrir hvern mánuð

Sigurþór Arnarsson fékk tæpar 19 milljónir í bætur fyrir að vera saklaus dæmdur fyrir stórfellda líkamsárás á skemmtistaðnum Vegas árið 1993.

**Frelsissvipting:** 15,5 mánuðir.
**Bætur:** 18,7 milljónir. Þar af 16,3 milljónir sem miðast við tímalengdina sem hann sat inni.

### Bætur fyrir Geirfinnsmál 1983

Fjórir fengu bætur vegna ólögmætrar frelsissviptingar við rannsókn Geirfinnsmálsins. Við rök fjárhæðar var vísað til óforsvaranlegra húsakynna Síðumúlafangelsis og óvæginnar fjölmiðlaumfjöllunar.

**Bætur:** Rúmar 23 milljónir á núvirði. (Uppreiknaðar 220.000 kr. með vöxtum samkvæmt dómsorði.)*
**Lengd gæsluvarðhalds:** 105 dagar.
*Einn fékk aðeins lægri bætur en hinir þrír, vegna styttra varðhalds.

### 2 milljónir fyrir 11 daga

Guðmundi Guðlaugssyni voru dæmdar miskabætur í mars 2017 vegna gæsluvarðhalds og einangrunar mun lengur en efni stóðu til auk annarra þvingunarráðstafana. Dómurinn taldi einangrunarvist hans í fangaklefa á lögreglustöð í 11 daga fara í bága við 68. gr. stjórnarskrárinnar um vanvirðandi og ómannúðlega meðferð.

**Lengd gæsluvarðhalds:** 11 dagar.
**Bætur:** 2.000.000 kr.


Bleikur október í Rekstrarlandi

10% af söluverði bleikra vara í verslun okkar renna til Krabbameinsfélagsins í október. Um leið og þú lífgar upp með bleiku í kringum þig styrkir þú þarft málefni. Ávallt velkomin í Rekstrarland.




Söfnunarfé rennur til starfsemi Krabbameinsfélagsins, með sérstakri áherslu á krabbamein hjá konum og hvatningu til þátttöku í skimun fyrir brjósta- og leghálskrabbameinum.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver **515 1100** | rekstrarland.is

REKSTRARLAND




brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6 · Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5 · Sími 515 7050

volvocars.is



Cristiano Ronaldo. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Ronaldo svarar ásökunum um nauðgun

**ÍTALÍA** Cristiano Ronaldo, leikmaður ítalska knattspyrnuliðsins Juventus, svaraði í gær ásökunum hinnar bandarísku Kathryn Mayorga um að hann hefði nauðgað henni í bandarísku borginni Las Vegas árið 2009. Lögreglan í Las Vegas greindi frá því á þriðjudaginn að hún hefði opnað rannsókn málsins á ný.

> Hún sagði nei og stopp nokkrum sinnum

„Ég hafna staðfastlega þeim ásökunum sem nú beinast gegn mér. Nauðgun er forkastanlegur glæpur sem gengur gegn öllu því sem ég stend fyrir. Þótt ég vilji gjarnan hreinsa nafn mitt neita ég að taka þátt í fjölmiðlasirkusnum sem á sér nú stað í umboði fólks sem vill trana sér fram á minn kostnað,“ tísti Ronaldo.

Der Spiegel fjallaði ítarlega um málið síðasta laugardag og hefur tugi skjala undir höndum um sáttmála sem Ronaldo og Mayorga undirrituðu þar sem Mayorga var greitt fyrir að tjá sig aldrei framar um málið. Lögmenn Mayorga vilja fá samkomulagið ógilt. Í einu þeirra skjala sem Der Spiegel fjallaði um er eftirfarandi haft eftir Ronaldo: „Hún sagði nei og stopp nokkrum sinnum.“ – **þea**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Góður dagur hjá Theresu May

Forsætisráðherrann og leiðtogi Íhaldsflokksins hélt landsfundarræðu í gær. Ræðunni almennt vel tekið og ráðherrann eflaust fegin eftir að hafa fengið mikla gagnrýni vegna Brexit-mála undanfarið. Er þó ekki hólpin.



May dansaði inn á sviðið við lag ABBA, Dancing Queen. NORDICPHOTOS/AFP

**BRETLAND** Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, þykir hafa átt góðan dag í gær eftir erfiðleika undanfarinna mánaða. May hélt ræðu sína á lokadegi landsfundar breska Íhaldsflokksins sem fram fór í Birmingham. Bjartsýnis- og vonartónn var í ræðunni og hvatti hún flokkinn til þess að standa þétt saman.

Forsætisráðherrann sagði að Íhaldsflokkurinn þyrfti að vera flokkur allra. Nú, áratug eftir kreppu, væru betri tímar fram undan. Nefndi hún til dæmis að eldsneytisskattar yrðu ekki hækkaðir, að niðurskurðaraðgerðum yrði alfarið hætt og að lánaþak sveitarfélaga yrði afnumið svo hægt væri að ráðast í byggingu fleiri íbúða.

En útgangan úr Evrópusambandinu var það sem flestir höfðu áhuga á. May varði stefnu sína í útgöngumálum, svokallaða Chequers-stefnu sem gengur meðal annars út á að Bretar fái áfram aðild að tollabandalagi ESB og innri markaðnum að hluta en fái samt sem áður að gera sína eigin fríverslunarsamninga.

Stefnan er afar umdeild. Forseti leiðtogaráðs ESB sagði hana einfaldlega ekki ganga upp. Vegna þess hversu langt er í land í samningaviðræðum um framtíðarsamband ESB og Bretlands er óttast að enginn samningur náist. Brexitmálaráðherrann David Davis og utanríkisráðherrann Boris Johnson sögðu af sér vegna stefnunnar og þingmenn hafa gagnrýnt stefnuna mjög. Sagt hana svik við kjósendur sem kusu að yfirgefa ESB.

Orðið „Chequers“ var þó hvergi að finna í ræðu May. Ráðherrann sagði að fríverslun væri leiðarstef stefnunnar og varaði við því að ef þingmenn hættu ekki að krefjast sinnar „eigin fullkomnu sýnar á Brexit“ gæti það leitt til þess að ekkert yrði af útgöngunni.

Ræðu May var almennt vel tekið. Matt Hancock heilbrigðismálaráðherra sagði ræðuna stórkostlega, May hefði sýnt að hún byggi yfir miklum persónutöfrum. Viðmælendur BBC á fundinum voru almennt á sömu línu. „Þetta var besta ræða sem Theresa May hefur flutt. Hún setti fram frábær stefnumál og sýndi að flokkurinn er sameinaður,“ sagði einn fundargesta.

> Við stöndum á tímamótum. Það er hlutverk flokks okkar að leiða þjóðina í gegnum þau. Þegar við stöndum saman eru engin takmörk fyrir því hvað við getum afrekað.
>
> Theresa May, forsætisráðherra Bretlands

Sameinaður er lykilorð í þessu samhengi. Allt frá því May setti fram svokallaða Chequers-áætlun í Brexitmálinu hefur allt logað í deilum innan flokksins.

Boris Johnson hélt sömuleiðis ræðu á landsfundinum. Auk þess að skjóta á Verkamannaflokkinn og lofa Thatcher sagði hann að Chequers-áætlunin væri mistök. „Hún er ekki raunhæf. Hún er ekki málamiðlun. Hún er hættuleg, jafnt pólitískt sem efnahagslega. Þetta er ekki það sem Bretar greiddu atkvæði með,“ sagði Johnson.

Stjórnmálaskýrandi The Sun sagði svo í gær að einn þingmanna flokksins hefði bent honum á að Iain Duncan Smith, fyrrverandi leiðtogi flokksins, hafi fengið mikið lófaklapp og lof fyrir landsfundarræðu sína árið 2003. Honum hafi engu að síður verið sparkað þremur vikum seinna. **thorgnyr@frettabladid.is**

### Johnson formaður?



Í ljósi þess að Íhaldsflokkurinn hefur sýnt fram á að hann sé klofinn í málinu hefur Boris Johnson verið orðaður við leiðtogasætið. Ræða Johnsons á landsfundinum bar þess skýr merki að hann hefði áhuga á stöðunni en líkt og tíðkast í leiðtogaræðum fór hann vítt og breitt yfir fjölda málefna í ræðunni.

May svaraði ræðu Johnsons og hvatti „sanna föðurlandsvini“ til þess að hafna meintum áformum hans. Sagði að kjósendur vildu hófsaman og góðan Íhaldsflokk.

James Duddridge, þingmaður flokksins, kallaði til að mynda eftir afsögn May rétt áður en hún steig á svið í gær. Hann og fjórir aðrir þingmenn hafa greint frá því að þeir hafi sent hinni svokölluðu 1922-nefnd, nefnd óbreyttra þingmanna sem hafa mikil áhrif á leiðtogaval, bréf þar sem kosninga um nýjan formann er krafist.



# LANCÔME
PARIS







HYPNÔSE MASCARA

8X ÞYKKING
MÝKJANDI, ENDINGARGÓÐ
FORMÚLA MEÐ B5 VÍTAMÍNI

PRIMER SEM EYKUR ÞÉTTLEIKA
AUGNHÁRANNA UMTALSVERT

# LANCÔME KYNNING

## Í HAGKAUP 4. – 10. OKTÓBER

## 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM

Veglegur kaupauki* með ferðastærðum í Lancôme fylgir þegar keyptar eru vörur fyrir 8.500 eða meira

*meðan birgðir endast. Lancôme fæst ekki í Njarðvík og Borgarnesi.

---

LANCÔME FULLKOMNAR FÖRÐUNINA MEÐ FALLEGA MÓTUÐUM AUGABRÚNUM



BROW SHAPING
Augabrúnablýantur sem er með létta kremaða formúlu sem verður að púðri þegar hún þornar. Blýanturinn er tvískiptur og hjálpar greiðan á endanum við að móta augabrúnirnar í hvert skipti. Byrjaðu á að endurmóta augabrúnirnar frá miðju að enda. Líkið næst eftir hárum með strokum yfir alla augabrúnina. Notið greiðuna til þess að blanda fyrir náttúrulegt útlit.

BROW DEFINE
Mjög fíngerður tvískiptur skrúfblýantur með greiðu á endanum sem hjálpar við að endurmóta augabrúnirnar á mjög nákvæman hátt. Byrjið á því að þétta augabrúnir með því að búa til hár með strokum. Blandið því næst upp á við fyrir náttúrulega útkomu.

BROW DENSIFY
Augabrúnapúður sem umbreytist í kremaða áferð þegar það snertir húðina.
Auðvelt er að byggja upp litsterkt púðrið sem er endingargott og smitast ekki.
Byrjaðu á að draga línu eftir augabrúninni. Formúlunni er því næst blandað upp og niður til þess að móta augabrúnina. Endurtakið eins og þarf.

HAGKAUP Meira svona alla daga

## Líkur á að Icelandair semji

Icelandair gæti þurft að sækja sér fjármagn takist ekki að semja við skuldabréfaeigendur um undanþágur frá lánaskilmálum. Líklegra er þó að samkomulag náist að mati hagfræðings hjá Landsbankanum.

Greint var frá því í gær að fulltrúar Icelandair Group hefðu hafið viðræður við fulltrúa skuldabréfaeigenda en samkvæmt lánaskilmálunum megi vaxtaberandi skuldir ekki vera meiri en sem nemur 3,5 sinnum EBITDA-hagnaði síðustu tólf mánaða. Áætlað er að hlutfallið verði 4,4 í árslok.

„Það gæti komið til þess að Icelandair þurfi að sækja fjármagn til þess að koma skuldahlutfallinu í lag en mér finnst allar líkur á því að í staðinn verði endursamið. Hagsmunir beggja aðila ættu að liggja þar,“ segir Sveinn Þórarinsson, hagfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans. Skuldabréfaeigendur eigi ekki að hafa hagsmuni af því að gjaldfella bréfin þó það fari að vísu eftir því hverjir aðilarnir eru.

„Þessir skilmálar voru góðir fyrir skuldabréfaeigendur enda settir á tíma þegar allt lék í lyndi. Þeir gætu því þurft að gefa eftir.“

Spurður hvort viðræðurnar geti leitt til hærri skuldabréfakjara bendir Sveinn á að skuldbindingarnar séu ekki stórar í heildarsamhenginu og staðan öllu betri hjá Icelandair en mörgum öðrum flugfélögum. Hins vegar megi búast við því að kjörin hækki, enda hafi afkoman versnað hratt síðasta árið hjá félaginu. **– tfh**

# Vilja að framleiðendur bjóði allt rafmagn til sölu í kauphöll

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands leggur til að verð á raforkumarkaði taki mið af markaðsaðstæðum. Efla þurfi flutningskerfið. Bregðast má við skorti og offramboði á afmörkuðum svæðum með svæðisbundnu verði á rafmagni.



**Um 27 prósent rafmagns hérlendis koma frá jarðvarma.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.**

> **Heildsöluverð á almennum markaði mundi endurspegla það verð sem stórnotendur vilja borga fyrir rafmagnið.**
>
> Skýrsla Hagfræðistofnunar

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands leggur til að verð á raforkumarkaði taki mið af markaðsaðstæðum. Ef hagstæðara er að selja stórnotendum rafmagn en á almennan markað sé eðlilegt að verð á almennum markaði hækki. Ráðgert sé að koma á fót kauphöll um heildsöluviðskipti á rafmagni. Hún myndi endurspegla framboð og eftirspurn á hverjum tíma.

„Heildsöluverð á almennum markaði mundi endurspegla það verð sem stórnotendur vilja borga fyrir rafmagnið. Sem stendur er Landsvirkjun eini seljandinn sem um munar í heildsöluviðskiptum, en bæta mætti úr því með því að skikka framleiðendur til þess að bjóða allt rafmagn til sölu í kauphöllinni – það sem ekki hefur þegar verið selt stórnotendum. Verðið mundi líklega sveiflast meira en nú, en minni hætta yrði á rafmagnsskorti,“ segir í skýrslu Hagfræðistofnunar, Öryggi á almennum markaði með rafmagn.

Íslenskir orkuframleiðendur keppa við erlenda rafmagnsframleiðendur um raforkusölu til stórnotenda en almennur markaður býr ekki við erlenda samkeppni.

### Stórnotendur selji rafmagn

Í skýrslunni segir að jafnframt þurfi að íhuga hvort leyfa eigi stórnotendum að selja rafmagn beint inn á almennan markað. Eins og sakir standa banna samningar við orkusala það. „Ef almennur rafmagnsmarkaður líktist öðrum mörkuðum mundi rafmagn hækka í verði þegar útlit væri fyrir skort. Þá gæti borgað sig fyrir stórnotendur að draga heldur úr umsvifum og selja það rafmagn sem þannig sparaðist inn á almennan markað.“

Eins ætti Landsvirkjun að bjóða aftur samninga til lengri tíma en eins árs á heildsölumarkaði, til dæmis til fimm ára. „Þegar samningar á heildsölumarkaði gilda í nokkur ár dregur úr óvissu hjá smásölum og þeir eiga auðveldara með að gera langa samninga við rafmagnsnotendur. Landsvirkjun gæti einnig boðið samninga til mislangs tíma á hverju ári. Slíkir samningar rynnu þá líka út á hverju ári. Þannig mundu fást meiri upplýsingar um verð á raforkumarkaði en nú er völ á,“ segir í skýrslunni.

Efla þurfi flutningskerfið. Þannig mætti eyða staðbundnum rafmagnsskorti og offramboði á rafmagni. Þar til rafmagnsflutningar verða greiðari má bregðast við skorti og offramboði á afmörkuðum svæðum með svæðisbundnu rafmagnsverði. Heildsöluverð yrði þá lágt þar sem ofgnótt er af rafmagni, sem erfitt er að flytja annað, en hærra þar sem er staðbundinn skortur á rafmagni.

**helgivifill@frettabladid.is**




Stigahúsateppin okkar eru slitsterk, ofnæmisprófuð og auðveld í þrifum. Gerum verðtilboð að kostnaðarlausu.
Komdu og sjáðu úrvalið. Bjóðum aðeins það besta fyrir þig.

Parki INTERIORS

Parki ehf. • Dalvegi 10-14 • 201 Kópavogi • www.parki.is • parki@parki.is • sími: 595 0570

# ALLAR FERÐATÖSKUR

## 30% VILDAR AFSLÁTTUR

## KOMDU Í HEIMSÓKN & GERÐU GÓÐ KAUP!






Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 8. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## TILVERAN

# Noregur leiðandi í fangelsismálum

**Stærðin er eitt af því sem er jákvætt við umhverfi íslenskra fangelsa. Persónulegt samband við fanga er því betra en gengur og gerist erlendis en þó er margt sem þarf að bæta verulega.**

Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@frettabladid.is



Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands, hefur mikið skoðað fangelsismálin á Íslandi í samanburði við önnur lönd auk þess að hafa gert nokkrar rannsóknir á því sviði. Nýlega sendi Helgi frá sér ritrýnda grein ásamt Francis Pakes, prófessor við Portsmouth-háskóla, þar sem þeir báru fangelsin á Íslandi saman við fangelsi erlendis, sérstaklega í Noregi.

„Noregur hefur verið álitinn fyrirmyndarsamfélag og leiðandi í fangelsismálum. Fræðimenn hafa horft mikið til Skandinavíu en hafa lítið horft til Íslands. Það sem við komumst að á Íslandi er að það er ýmislegt í umhverfi fangelsa sem er til fyrirmyndar, eins og til dæmis stærð fangelsanna.“

Fangelsi á Íslandi eru minni en gengur og gerist erlendis sem gerir það að verkum að samskiptin milli fanga og fangavarða verða persónulegri, aðgengið er betra og fleira. „En gallinn er sá að það skortir meiri faglega aðstoð við fanga. Það er bæði varðandi mönnun meðal fangavarða og einnig sérfræðinga á borð við lækna, sálfræðinga, náms- og starfsráðgjafa og ekki síst félagsráðgjafa, sérstaklega í minni fangelsum. Þarna þarf að gera bragarbót á.“



Helgi Gunnlaugsson, afbrotafræðingur og prófessor í félagsfræði við HÍ

Í rannsókninni tóku Helgi og Pakes viðtöl við fanga og fangaverði og Pakes dvaldi í viku í senn í tveimur fangelsum. Þeir kynntust því umhverfinu vel. „Í stærri löndum eins og Bretlandi, Bandaríkjunum og Ástralíu hafa rannsóknir sýnt að samskiptin eru ópersónulegri og stífari. Þar er viðhorfið gjarnan að fangaverðir séu yfir fangana hafnir og valdapýramídar áberandi,“ segir Helgi.

Í Noregi og víðar í Skandinavíu er áhersla lögð á að koma fram við fanga af meiri virðingu og á jafningjagrundvelli sem leiðir af sér jákvæða hegðun. „Mikið hefur verið litið til Noregs. Þar eru nokkur ný fangelsi sem líta á yfirborðinu út eins og lúxushótel og sumir hafa kallað sumarbúðir fyrir fanga. En það sem gleymist í þeirri umræðu er að það er búið að svipta einstaklingana frelsinu og setja þá til hliðar, en við aðstæður sem eru jákvæðar,“ segir Helgi. „Þarna eru alræmdir glæpamenn og virkilega reynt að vinna með þeim og leiðbeina til að auðvelda aðlögun að samfélaginu á ný. Og ýmislegt gott hefur sýnt sig að komi út úr þessu. Árangurinn hefur til dæmis komið fram í færri endurkomum.“




## Netið hluti af daglegu lífi

Talsverður þrýstingur hefur verið á það að auka aðgang fanga að netinu. Netið er aðgengilegt föngum í opnum fangelsum en er með öðru móti í lokuðum fangelsum. Fangar í lokuðum fangelsum nota netið til að stunda fjarnám en í einhverjum tilfellum hafa fangar ekki getað nýtt sér netið til náms vegna takmarkaðs aðgangs að síðum. „Mér finnst þurfa að taka stefnumarkandi ákvörðun varðandi netaðgang fanga og færa okkur inn í nútímann. Fyrir fáum árum var kannski helmingur okkar á netinu en í dag er þetta búið að þróast svo hratt, það eru allir á netinu. Netið er bara hluti af daglegu lífi og hluti af því að vera í nútímasamfélagi, ef fólk kemst ekki á netið er í raun verið að dæma það úr leik. Ef það er misnotað eiga þó auðvitað að vera viðurlög við því,“ segir Helgi.



## Skortur á eftirfylgni út í samfélagið

Helgi tók þátt í samnorrænni rannsókn fyrir um 10 árum þar sem staða menntunar meðal íslenskra fanga, samanborið við önnur Norðurlönd, var skoðuð ítarlega. Sú rannsókn sýndi að menntunarstaða fanga var í heildina bágbornari hér á landi og fjöldi fanga hafði ekki lokið skyldunámi hér á landi.

„Í kjölfar rannsóknarinnar var tekið til hendinni í þessum málum og virkilega reynt að fá fanga til að mennta sig, sem tókst vel til með. Árið 2015 skoðaði ég þessi mál aftur ásamt nemanda mínum, þá voru það mun fleiri sem stunduðu nám. Mikil fjölgun hafði átt sér stað,“ segir Helgi.

„Rannsóknir erlendis sýna að menntun er mjög mikilvægur þáttur í því að koma í veg fyrir endurkomur. Það eru minni líkur á því að þeir sem raunverulega vilja byggja sig upp og mennta sig fari aftur í fangelsi. Þeir sem ekki mennta sig og hafa lítið fyrir stafni í fangelsi eru líklegri til að koma aftur.“ Engar tölur eru þó um það hvort menntun hafi áhrif á endurkomutíðni í fangelsi á Íslandi. „En á meðan menntun skiptir máli, þá skiptir líka máli að fangar fái menntun við hæfi.

Í rannsókninni árið 2015 kom í ljós að meirihluti fanga hafði hlotið greiningu af einhverju tagi. Greiningarnar voru ýmist skriftarblinda, lesblinda eða athyglisbrestur og ofvirkni. Bóklegt nám getur reynst einstaklingum með slíkar greiningar erfitt og margir óskuðu eftir því að fá meiri aðgang að verklegu námi.

„Persónulegir örðugleikar af þessu tagi og vímuefnafíkn getur verið stór hluti af því hvers vegna menn enda í fangelsi. Lenda upp á kant í skólakerfinu og margir tóku það fram við okkur að þeir hefðu ekki hlotið viðeigandi aðstoð. Þetta sýnir okkur að hér er sannarlega vandi á ferðinni. Oft hentar það einstaklingum með slíka greiningu betur að sækja verklegt nám eða iðnnám, þar sem þeir ná oft að blómstra, og við eigum að koma meira til móts við fanga þar.“

Rannsóknin sýnir einnig fram á þörf á meiri eftirfylgni með náminu þegar afplánun lýkur til þess að geta haldið námi áfram annars staðar. Skortur er á meiri náms- og starfsráðgjöf til þess að byggja brú yfir í samfélagið.

# Þurfum að nálgast þetta af umhyggju

Á tíunda áratug síðustu aldar stóðu Bretar frammi fyrir áskorunum sem tengdust aukinni glæpatíðni sem að stórum hluta var hægt að rekja til áfengis- og fíkniefnaneyslu. Til að bregðast við þessu var mótuð stefna á landsvísu og miklum fjármunum varið í ný meðferðarúrræði.

Mike Trace var einn helsti ráðgjafi ríkisstjórnar Tonys Blair, sem tók við völdum 1997, í þessum málaflokki. Hann var nýverið hér á landi til að miðla af langri reynslu sinni og átti meðal annars fund með Ásmundi Einari Daðasyni velferðarráðherra auk þess að hitta fulltrúa í starfshópi um bættar félagslegar aðstæður fanga að lokinni afplánun.

„Við höfum komið upp kerfi fyrir einstaklinga í neyslu sem stunda glæpi þar sem við reynum að beina þeim í annan farveg og fá þá til að breyta um lífsstíl. Við nálgumst þetta af umhyggju og viljum gefa þessu fólki valkost,“ segir Mike.

Dómstólar geta í tilfellum þar sem um neyslutengda glæpi er að ræða gefið fólki val um að fara í meðferð í stað fangelsis. Séu glæpirnir það alvarlegir að viðkomandi er dæmdur til fangelsisvistar býðst meðferð í fangelsinu.

„Ég hef í öllum mínum störfum lagt áherslu á að það sé mikilvægast að átta sig á því að fólk ánetjast eiturlyfjum af félagslegum og tilfinningalegum ástæðum. Ef við tökumst á við þessar ástæður getum við leyst vandann. Ég held við leysum ekki vandann með því að beita hörðum refsingum. Með því erum við að misskilja ástæður þess að viðkomandi er í neyslu.“

Mike segir þó að bregðast verði við alvarlegum glæpum á viðeigandi hátt. „Það er ekki hægt að horfa fram hjá alvarlegum glæpum en við verðum að skilja ástæður svona hegðunar. Svar okkar á að vera umhyggja og meðferð. Þú yrðir hissa á því hversu vel flest fólk bregst við því og er tilbúið að breyta lífi sínu.“

Að mati Mikes hefur stefnan sem var mótuð á tíunda áratugnum skilað þó nokkrum árangri. Glæpatíðni minnkaði stöðugt frá því um síðustu aldamót og fram til 2012. Rannsóknir sýna að ein helsta ástæða þess var sú að fleiri fíklar nýttu sér meðferðarúrræðin. Glæpatíðni hefur þó aukist á síðustu árum en Mike bendir á að þótt stefnan sé sú sama hjá núverandi stjórnvöldum hafi dregið úr fjárveitingum til málaflokksins.

**„Við höfum komið upp kerfi fyrir einstaklinga í neyslu sem stunda glæpi þar sem við reynum að beina þeim í annan farveg og fá þá til að breyta um lífsstíl.“**

Mike Trace, stjórnandi samtakanna Forward Trust



Mike fer nú fyrir samtökunum Forward Trust sem eru sjálfstæð góðgerðarsamtök sem bjóða upp á meðferðar- og endurhæfingarúrræði. „Við bjóðum upp á ýmis úrræði, meðal annars inni í fangelsum. Þar er um að ræða 20 vikna stífa meðferð en um tveir af hverjum þremur ljúka henni. 29 prósent þeirra sem ljúka meðferðinni hljóta dóm innan árs frá því að þeir komu út úr fangelsinu en það hlutfall er 70 prósent fyrir sambærilega hópa sem fá ekki meðferð.“

Mikil áhersla er lögð á meðferð og endurhæfingu eftir að fólk kemur út úr fangelsi. „Þetta eru krossgötur fyrir marga. Ef stuðningurinn er áfram til staðar eftir að fólk kemur út, þá nærðu góðum árangri. Fyrsti aðilinn sem margir hitta eftir að þeir koma út er eiturlyfjasalinn þeirra. Við leggjum mikla áherslu á fyrsta daginn og aðili á okkar vegum mætir og tekur á móti fólki þegar það kemur út.“

sighvatur@frettabladid.is


Kringlukast
KAUPHLAUP
herra
GARÐURINN
-klæðir þig vel
Jakkaföt frá Benvenuto.
Verð nú kr.41.988
Verð áður kr. 69.980
40% afsláttur
Jakkaföt frá FINUCCI
Verð nú kr.35.988
Verð áður kr. 59.980
40% afsláttur
Stakir jakkar frá Benvenuto.
Verð nú kr.29.988
Verð áður kr. 49.980
40% afsláttur
Stakar buxur frá Benvenuto.
Verð nú kr.11.988
Verð áður kr. 19.980
40% afsláttur
Peysur frá FINUCCI
Verð nú kr.7.788
Verð áður kr. 12.980
40% afsláttur
Verð nú kr.8.988
Verð áður kr. 14.980
40% afsláttur
Verð nú kr.10.188
Verð áður kr. 16.980
40% afsláttur
2
fyrir eina
Skyrtur
FINUCCI
Verð nú kr.12.980
Verð áður kr. 25.960
KRINGLAN - SMÁRALIND

# Bann við menntun til betrunar?



**Stjórnarkona í Olnbogabörnum setur spurningarmerki við þá refsingu í fangelsinu á Hólmsheiði að gera fanga brottrækan frá námi í mánuð vegna smávægilegs brots. Hún segir það mikilvægt að halda föngum í námi, sérstaklega ungu fólki, enda liður í því að beina þeim á rétta braut.**

Berglind Hólm Harðardóttir situr í stjórn samtakanna Olnbogabörn/Týndu börnin okkar. Hún segir að áhyggjufull móðir hafi leitað til samtakanna vegna sonar síns sem varð tvítugur á dögunum en hann afplánar í fangelsinu á Hólmsheiði.

„Þessi ungi maður er ekki búinn að mennta sig og hefur verið að velkjast um í kerfinu í einhver ár og endar svo þarna. Hann sýnir nú áhuga á því að mennta sig og fyrsta skóladaginn nú í byrjun hausts fer hann á Facebook í tölvunni sem hann fær til afnota til að iðka sitt nám. Það er bannað að fara á Facebook í fangelsinu og því hlýtur hann refsingu. Refsingin sem hann fær er hins vegar sú að hann er settur í bann frá skólanum í mánuð og að auki fá aðrir fangar ekki að fara á netið í þrjá sólarhringa,“ segir Berglind. „Við erum að skoða þetta mál enda hafa samtökin áhuga á að skoða hvernig búið er að unga fólkinu okkar í fangelsum landsins.“

**Bíða upplýsinga um verklag**

Facebook er ein af mörgum síðum sem bannað er að fara á í fangelsinu og ber að fara eftir því. Hægt er að loka fyrir síðurnar svo að ekki sé hægt að fara inn á þær þó svo að það sé reynt.

„Það hefur verið mjög létt fyrir hann að komast þarna í gegn. Það er spurning hvort Fangelsismálastofnun þurfi ekki bara að endurskoða tölvumálin. Þetta væri allt annað ef drengurinn væri mjög klár í tölvum, en það er ekki raunin,“ segir Berglind. „Auðvitað á hann að virða reglurnar en okkur finnst þetta brjóta á öllu því sem á að kallast betrun, því sem á að hjálpa honum að verða að betri manni með því að mennta sig. Við vitum það alveg að ef maður missir mánuð úr skóla þá er erfitt að ná því aftur upp, á flestum stöðum þýðir það fall. Það hefur lengi ríkt úrræðaleysi gagnvart þessum börnum sem lenda utan vegar og þetta gæti verið anginn af því, að þau endi í fangelsi.“

> **Við vitum það alveg að ef maður missir mánuð úr skóla þá er erfitt að ná því aftur upp, á flestum stöðum þýðir það fall.**
>
> **Berglind Hólm Harðardóttir, stjórnarmeðlimur Olnbogabarna/ Týndu börnin okkar.**

Nemendur í fangelsinu á Hólmsheiði hafa aðgang að tölvum frá klukkan 9 til 16 og nota þeir þennan tíma til að skila inn verkefnum í fjarnáminu. Nemandinn sem um ræðir getur ekki skilað inn verkefnum í gegnum tölvuna vegna bannsins og fær því núll í einkunn. Líkt og stendur í lögum um fullnustu refsinga getur forstöðumaður fangelsis beitt fanga agaviðurlögum vegna brota á lögum, reglugerðum og reglum. Berglind segir að búið sé að óska eftir verklagsreglum hjá Fangelsismálastofnun vegna þessa tiltekna máls. „Við fengum þau svör að það væri forstöðumaður fangelsisins sem tæki ákvörðun með svona mál. Við vinnum nú í því að óska eftir upplýsingum um það.“

Skólinn í fangelsinu hófst 10. september og komst upp um brotið þann 12. september. Refsingin tók gildi þann 15. Ungi maðurinn er enn þá í banni. Fangelsismálastofnun virtist ekki kannast við málið þegar innt var eftir svörum. **– gj**

# Réttur til þjónustu

Þeir sem eru í þeirri stöðu að þurfa að afplána dóma í fangelsi hafa með mismunandi hætti brotið lög og með þessu úrræði er þeim gert að taka út refsingu og markvisst skal stefnt að betrun. Það er ekki óskynsamleg nálgun, en útfærslan hefur gengið misvel og oft koma upp vandamál sem getur reynst erfitt að leysa við þessar kringumstæður.

Þekkt er að ýmsum ráðum er beitt komi til hegðunarvanda eða átaka innan veggja fangelsa bæði hérlendis sem erlendis og fyrir agabrot er hópnum oftsinnis refsað auk einstaklingsins sjálfs. Réttindi geta verið dregin til baka, líkt og heimsóknir fjölskyldu og aðgangur að afþreyingu, og í sumum tilvikum er einangrun beitt. Það er augljóst að fangar eiga það sameiginlegt að hafa ekki fulla stjórn á kringumstæðum sínum með sama hætti og þeir sem ganga frjálsir og er það hluti þeirrar frelsissviptingar sem þeir eru dæmdir til.

Á sama hátt er augljóst að ekki eru allir fangar eins, né sitja þeir inni fyrir sömu afbrot. Mikill munur getur verið á félagslegum tengslum þeirra, stöðu innan sem utan veggja fangelsis, fjölskylduaðstæðum, menntun og starfsreynslu sem og heilbrigði þeirra hvort heldur er líkamlegu eða andlegu. Að vera aðskilinn frá fjölskyldu og vinum reynist vafalítið erfitt og fyrir þá sem glíma við fíkni og/eða geðsjúkdóma má segja að ástandið sé brothætt svo vægt sé til orða tekið.

> **Að vera aðskilinn frá fjölskyldu og vinum reynist vafalítið erfitt og fyrir þá sem glíma við fíkni- og/eða geðsjúkdóma má segja að ástandið sé brothætt svo vægt sé til orða tekið.**
>
> Teitur Guðmundsson læknir.



Umræða um geðheilbrigðisþjónustu við fanga hefur verið fyrirferðarmikil og er ekki enn búið að leysa þann vanda þrátt fyrir að skýrt sé kveðið á um að ekki skuli mismuna einstaklingum og fangar eigi rétt til slíkrar aðstoðar. Tíðni sjálfsvíga er há innan veggja fangelsa um allan heim og versnun á líðan einstaklinga sem glíma við geðsjúkdóma er öllum ljós. Umboðsmaður Alþingis lýsti því viðhorfi að vistun geðsjúkra manna í fangelsi kynni að brjóta gegn ákvæðum stjórnarskrár og Mannréttindasáttmála Evrópu og að fangar ættu rétt á að njóta þeirrar umönnunar sem þeir þurfa samkvæmt stjórnarskrá og lögum. Fangelsismálastjóri og Ríkisendurskoðun ásamt fleirum hafa kallað eftir því að stjórnmálamenn og þá aðallega ráðherrar standi í lappirnar með fjárveitingar og skilgreiningu á þeirri þjónustu sem veita skuli í fangelsum hérlendis, en þeirri vinnu er ekki lokið. Þó hefur verið ýtt á eftir því reglulega síðan árið 2010 hið minnsta.

Fíknivandi blandast sérstaklega saman við önnur undirliggjandi vandamál og getur verið erfitt að eiga við hann nema með stuðningi fagfólks. Fíknin flækir ferli geðsjúkdóma og vandans almennt svo það er ekki hægt að leggja nægjanlega áherslu á það að þverfagleg teymi starfi innan veggja fangelsanna. Refsingin getur ekki falist í því að sjúkdómsástand versni til muna og leiði jafnvel til dauða. Betrunarferli fanga er mikilvægt og að þeir hafi tækifæri til að snúa af þeirri braut sem leiddi til vistunar. Heilsa og heilbrigði eru lykilatriði þar, menntun og endurmenntun skipta miklu sem og félagslegt tengslanet þeirra sem um ræðir. Við þurfum því að vera vakandi fyrir öllum þessum þáttum og tryggja að við gefumst ekki upp við nögg svo erfitt og krefjandi verkefni sem þjónusta og umönnun við fanga er.

Ráðherrar, það er kominn tími til að kippa þessu í liðinn.

Doktor.is

# Hóprefsingar óásættanlegar

Afstaða, félag fanga, hefur ítrekað mótmælt því hvernig forstöðumenn fangelsa landsins beita agaviðurlögum, en félagið segir að oftar en ekki þjóni þau ekki tilgangi sínum.

„Saga unga mannsins á Hólmsheiði er skýrt dæmi um það og nánast óskiljanlegt að telja það ásættanlega refsingu að hefta aðgang hans að náminu, enda er nám algjör grunnur að allri betrun í kerfinu. Með margvíslegum hætti má bæta stuðning, þar með talið eftirlit, í stað þess að beita íþyngjandi viðurlögum,“ segir Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu.

„Agaviðurlög í íslenskum fangelsum eru að mestu arfleifð fornaldarhugsunar þar sem viðurlögin eru oft margþætt, sem oftar en ekki ýtir undir veikindi fangans sem er iðulega fíknisjúkdómur og kemur harðast niður á fjölskyldu fangans og samfélaginu. Við ættum ekki að eiga í erfiðleikum með að finna betri aðferðir enda hafa þær verið teknar upp í mjög mörgum Evrópulöndum og þá sérstaklega á Norðurlöndunum sem eru auðvitað þau lönd sem við viljum bera okkur saman við en erum áratugum á eftir þegar kemur að fangelsismálum.“



Guðmundur bætir því við að Afstaða telji hóprefsingar með öllu óásættanlegar og vera aðeins til þess fallnar að valda ólgu meðal fanga sem beinist þá að þeim brotlega og getur auðveldlega sett viðkomandi fanga í hættu.

„Tilgangurinn virðist hreinlega vera sá að nota fangahópinn til að sjá um að framfylgja refsingu á hendur einum einstaklingi. Það kann ekki góðri lukku að stýra. Með svipuðum hætti hefur fjölskyldum dómþola, oft og tíðum börnum þeirra, verið gert að taka út heimsóknarbann vegna agaviðurlaga. Að beita slíkum refsingum er að mati Afstöðu forkastanlegt,“ segir Guðmundur. **– gj**

> **Við ættum ekki að eiga í erfiðleikum með að finna betri aðferðir enda hafa þær verið teknar upp í mjög mörgum Evrópulöndum og þá sérstaklega á Norðurlöndunum.**
>
> Guðmundur Ingi Þóroddsson, formaður Afstöðu.

**FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS**

Ítarlegt viðtal við Gylfa Þorkelsson, kennslustjóra á Litla-Hrauni og frekari umfjöllun má finna á +Plús síðu Fréttablaðsins.

**Fréttablaðið +Plús er eingöngu í Fréttablaðs-appinu eða í PDF-útgáfu blaðsins sem er aðgengilegt á frettabladid.is.**

# SUM DEKK ERU ÓSTÖÐVANDI
# EKKI DEKKIN OKKAR




Sími 544 5000 • Skútuvogur, Kópavogur, Hafnarfjörður, Njarðvík og Selfoss • solning.is

SÓLNING
*Meira til skiptanna*



„Það er bara gríðarleg hindrun að þurfa að setjast fyrir framan tölvu og fara í fjarnám í einhverjum skóla og hitta ekki kennara," segir Gylfi um fjarnámið. MYNDIR/FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Menntun fanga ósáinn akur

**Í haust eru 40 ár síðan formlegt skólahald hófst í fangelsum á Íslandi. Kennslustjóri vill í tilefni af því hvetja til skýrari framtíðarsýnar um menntun sem besta mögulega betrunarúrræði fyrir fanga eins og rannsóknir hafa sýnt fram á.**

Fyrsta haustið innrituðust 14 nemendur í iðnskóladeildina á Litla-Hrauni og tíu árum síðar voru þeir orðnir 20. Árin á eftir var nemendafjöldi svipaður, milli 20 og 30, en tók síðan kipp árið 2010 þegar námsráðgjafi var ráðinn til starfa. Síðan þá hafa að jafnaði um og yfir 60 nemendur innritað sig til náms. Námsárangur í fangelsum hefur eðli málsins samkvæmt verið upp og ofan. Til að koma til móts við nemendur er skólinn sveigjanlegri en almennt gerist og nemendur fá lengri tíma til að ljúka einstökum áföngum. Enn er margt sem má bæta í fangelsunum til þess að hvetja fanga og gefa þeim tækifæri til menntunar. Það er margtuggin staðreynd að menntun sé lykilþáttur í betrun.

Fyrstu árin var aðstaða til skólahalds fremur dapurleg en mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan. En betur má ef duga skal. Gylfi Þorkelsson er kennslustjóri Fjölbrautaskóla Suðurlands í fangelsum landsins og hefur sinnt því starfi síðustu fjögur árin.

„Þó margt hafi áunnist, nám og kennsla smám saman vaxið að umfangi og fjölbreyti, fangelsum fjölgað og starfið þróast í samræmi við það, þá má fullyrða að menntun fanga og skólastarf í fangelsum er að stórum hluta til ósáinn akur," segir Gylfi. „Það eru enn ótal möguleikar vannýttir. Ég og samstarfsfólk mitt höfum undanfarin ár verið að reyna að mjaka málum áleiðis með erindum, tillögum og skýrslum til þingmanna, stofnana og ráðuneyta, móta tillögur um framtíðarskipan mála, en það gengur því miður hægt að fá skýr svör og enn hægar að fá einhverjar niðurstöður, framtíðarlausnir og framkvæmdir."

> Margir fangar glíma við athyglisbrest, lestrarörðugleika, fíkn og aðrar hindranir. Verklegt nám höfðar oft frekar til slikra nemenda.
>
> Gylfi Þorkelsson, kennslustjóri á Litla-Hrauni



Fangelsin gefa það út að boðið sé upp á nám í öllum fangelsum en þó er það misjafnt hvers konar nám er í boði. Á Hólmsheiði er til að mynda aðeins fjarnám í boði og á Litla-Hrauni segir Gylfi að mikill skortur sé á verknámi.

**Biðlisti langur í verknám**

„Margir fangar glíma við athyglisbrest, lestrarörðugleika, fíkn og aðrar hindranir. Verklegt nám höfðar oft frekar til slíkra nemenda. Við hefðum viljað bjóða upp á meira verknám og það þarf að efla það stórlega. Hér á Litla-Hrauni getum við til dæmis aðeins tekið inn fimm nemendur í einu í verklega áfanga málmiðngreina, því aðstaðan á verkstæðinu býður ekki upp á meira. Það má því segja að „fyrstir koma, fyrstir fá" og alltaf er einhver biðlisti í þetta nám. Og aðstaða til verknáms er ekki fyrir hendi í öðrum fangelsum."

Námsráðgjafi FSu í fangelsum er með meginaðstöðu sína á Litla-Hrauni en fer einu sinni í viku á Sogn og undanfarin ár hafa fangelsin á Kvíabryggju og Akureyri einnig notið þjónustu námsráðgjafa, sem meðal annars aðstoðar nemendur þar við fjarnámsskráningar. Námsráðgjafi FSu fer einnig tvisvar í viku á Hólmsheiði. Á síðasta skólaári bættist sérkennari í fast stöðugildi við skólahald FSu í fangelsunum og heimsækir hann Litla-Hraun tvisvar í viku, en Sogn og Hólmsheiði einu sinni í viku. Þörfin fyrir þjónustu sérkennara er mikil og hana þyrfti að efla.

**Fjarnám hentar misvel**

„Á Hólmsheiði er bara gert ráð fyrir fjarnámi og þangað fara aðeins námsráðgjafi og sérkennari. Nemendur þar þurfa meiri þjónustu, það er meira en að segja það að setjast fyrir framan tölvu og skrá sig inn í einhver kennsluumsjónarkerfi, ekki síst fyrir nemendur með fjölþættan námsvanda. Ég myndi gjarnan vilja fara þangað sjálfur líka, til að aðstoða nemendur við tæknileg atriði og styðja þá í náminu. En til þess þarf aukið stöðugildi, kennslustjórn í fangelsum á Íslandi er aðeins 50 prósent starf. Við í FSu höfum langa reynslu af skólahaldi og þjónustu við nemendur í fangelsum og við viljum gjarnan víkka út starfsemina. Það þarf meira til en það sem er í boði núna, og það þarf ekki að kosta einhver ósköp að efla starfið verulega," segir Gylfi.

Þegar fangelsið á Hólmsheiði var tekið í notkun var ekki búið að hugsa til enda hvernig námi og kennslu yrði háttað þar. Það var þó ljóst strax í upphafi að ekki stóð til að reka þar hefðbundið skólastarf heldur bjóða upp á fjarnám.

„Sá böggull fylgir skammrifi að nemendur í fangelsum eiga margir erfitt með nám af ýmsum ástæðum. Það er bara gríðarleg hindrun að þurfa að setjast fyrir framan tölvu og fara í fjarnám í einhverjum skóla og hitta ekki kennara. Það er einfaldlega erfitt fyrir flesta og krefst mikils sjálfsaga. Rannsóknir hafa sýnt fram á það að nemendur í fjarnámi ná miklu betri árangri og tolla betur í námi ef þeir geta hist, haft félagsskap hver af öðrum og lært saman. Sá þáttur er oft vanmetinn í sambandi við fjarnám. Auk þess er á Hólmsheiði kvennafangelsið, þar eru langtímavistaðar konur sem hafa sama rétt til náms og aðrir fangar."

Gylfi telur að ekki væri annað meira viðeigandi en að fagna 40 ára afmæli skólahalds í íslenskum fangelsum með bættri aðstöðu og tækjakosti. „Við erum ekkert að tala um að eyða gríðarlegum fjármunum í arkitektúr og graníthallir, heldur aðeins lítils háttar stækkun á verknámsaðstöðu, nokkur verkfæri til kennslunnar, viðunandi húsgögn í skólastofum og aðeins hlýlegra umhverfi. Þetta þarf ekki að vera flókið eða að fara fyrir ótal sérfræðinefndir, margt smátt gerir eitt stórt," segir Gylfi að lokum.





**Á Litla-Hrauni er takmarkað pláss í verklegt nám og fyllast þau fljótt.**

## Staðnar einingar síðustu þrjú ár

**Skólaárið 2017-2018**

*Haustönn*
37 nemendur skráðir í 447 einingar
Staðnar: 160 einingar

*Vorönn*
47 nemendur skráðir í 633 einingar
Staðnar: 286 einingar

**Skólaárið 2016-2017**

*Haustönn*
30 nemendur skráðir í 347 einingar
Staðnar: 166 einingar

*Vorönn*
59 nemendur skráðir í 745 einingar
Staðnar: 129 einingar

**Skólaárið 2015-2016**

*Haustönn*
52 nemendur skráðir í 758 einingar
Staðnar: 245 einingar

*Vorönn*
89 nemendur skráðir í 1342 einingar
Staðnar: 286 einingar

## TILVERAN

# Grænt er gómsætt

**Guðrún Sóley hefur borið út boðskap grænkera í nokkur ár og er einstaklega lunkin við að prófa sig áfram með uppskriftir. En af hverju ákvað Guðrún Sóley að gerast vegan?**


Guðrún Sóley Gestsdóttir þáttastjórnandi.

Fyrir dýrin. Ég komst að raun um hvernig farið er með dýr í matvælaframleiðslu og mér fannst ekki vera stætt á að halda áfram að styðja þann iðnað með peningunum mínum,“ segir Guðrún Sóley Gestsdóttir sem stýrir menningarumfjöllun RÚV í Kastljósi. „Umhverfisvernd og stórbætt heilsa og líðan voru svo afbragðsgóður bónus!“

Hún fullyrðir að það sé engan veginn nauðsynlegt að borða dýraafurðir til að þrífast vel og vera heilbrigður einstaklingur. „Það opnast fyrir manni heill heimur af hráefnum, kryddum, samsetningum og matreiðslu á nýjum forsendum þegar maður kynnist grænni eldamennsku. Að auki er framleiðsla dýraafurða óforsvaranlega orkufrek og mengandi og það er eitt stærsta skref sem einstaklingur getur tekið í að minnka vistsporið sitt að minnka neyslu á dýraafurðum.“

gunnthorunn@frettabladid.is

## Þrjú góð ráð fyrir framtíðar grænkera

Guðrún Sóley er með þrjú snjöll ráð fyrir þá sem eru að feta sín fyrstu spor í átt að grænkeralífsstíl:

1. Húrra! fyrir þér að vera með opinn huga fyrir nýrri hugmyndafræði.

2. Kynntu þér alls kyns skemmtilegt vegan efni á netinu til að setja þig betur inn í málin. Ég mæli með veganistur.is, Vegan Ísland grúppunni á Facebook og veganuar.is.

3. Mundu að öll viðleitni er betri en engin, til dæmis að hafa einn kjötlausan dag í viku, minnka mjólkurvörur eða velja vegan valkosti á veitingastöðum.



## Rjómapasta með brokkolí, sveppum og feikoni

Það eru einhverjir töfrar í góðu rjómapasta. Þetta pasta gefur ekkert eftir í rjómastemningu, það er safaríkt og ostakennt, með stökku feikoni (vegan beikoni) og ætti ekki að svíkja einn einasta pastaunnanda.

**1 pakki pasta að eigin vali (helst ferskt)**
**Nokkrir sneiddir sveppir, gaman að nota blöndu t.d. af hvítum, portóbelló og kastaníu**
**4-5 sneiðar feikon**
**½ rauðlaukur**
**3 hvítlauksgeirar**
**Tamarí- eða sojasósa**
**Hálfur brokkolíhaus**
**Um hálf askja vegan rjómaostur (fæst t.d. í Hagkaupum og Krónunni)**
**1 teningur sveppa- eða grænmetiskraftur**
**Salt og pipar**

**Feikon**

**Hrísgrjónapappír**
**Sojasósa**
**Reykt paprikukrydd**

**Aðferð**

Útbúum fyrst feikonið. Útbúið kryddlög í skál úr soja- eða tamarísósu og reyktu paprikukryddi. Ef extra mikill metnaður hleypur í ykkur má nota sósuna „liquid smoke“ sem meðal annars fæst í Hagkaupum, það er vökvi sem gefur sterkt reykjarbragð og er tilvalinn í feikongerð. Klippið hrísgrjónapappírinn í strimla, í hefðbundinni beikonstærð, og leggið í löginn, í 10-12 sekúndur. Komið fyrir á bökunarpappírsklæddri ofnplötu og bakið á 190°C í 6-8 mínútur. Úr þessu fást stökkir strimlar með sterku bragði.

Sjóðið því næst pasta samkvæmt leiðbeiningum. Hellið hitaþolinni ólífuolíu á pönnu og svissið laukinn, leggið til hliðar. Bætið olíu á pönnuna og léttsteikið brokkolí með ríkulegum skammti af salti og pipar, leggið til hliðar. Bætið enn á ný olíu á pönnu og steikið sveppi með dassi af tamarísósu og hvítlauk. Bræðið rjómaostinn í potti, brytjið kryddteninginn smátt og blandið saman við þar til hann hefur leyst upp og blandast. Komið pasta fyrir í stórri skál, hellið sósu út á, grænmetinu og loks söxuðu feikoni. Blandið vel saman. Gott er að strá söxuðum valhnetum eða steiktum sesamfræjum út á.

Athugasemd: Í þessa uppskrift er tilvalið að nýta kjúklingabaunasafa (aquafaba) til þykkingar. Þá skvettið þið örlitlu magni út í eftir að öllu hefur verið blandað saman.



## „Jackfruit“ naggar með hvítlaukssósu

**1 pakki rifið jackfruit, í kryddlegi eða úr dós (fæst t.d. í Hagkaupum)**
**120 g fræ- og hnetublanda, til dæmis pistasíuhnetur, sesam- og hampfræ**

**Sósa**

**2 dl vegan majónes (t.d. hægt að nota Vegannaise sem fæst í Krónunni og Hagkaupum)**
**1-2 geirar hvítlaukur, pressaðir**
**Skvetta af sítrónusafa**
**Salt og pipar**
**Söxuð steinselja**
**Ef þið viljið ostakeim í þessa sósu er gott að setja drjúgan skammt af næringargeri saman við.**

**Aðferð**

Hitið ofninn í 180°C. Saxið fræin og hneturnar mjög smátt, gott er að nota matvinnsluvél í verkið. Komið blöndunni fyrir í skál. Klípið smá skammt af rifnu jackfruit og mótið kúlu með höndunum, veltið vandlega upp úr fræblöndunni og komið fyrir á bökunarpappírsklæddri plötu. Grillið síðan jackfruitbitana í 18-20 mínútur. Á meðan er gott að útbúa hvítlaukssósuna – blandið einfaldlega öllum innihaldsefnum saman í skál, hrærið og kælið örlítið. Berið fram og njótið.



## Karamellíseraðar valhnetudöðlur

Þessi vinnur verðlaun fyrir einfaldleika! Bara tvö hráefni og tekur enga stund að útbúa, en ég vara ykkur við; döðlurnar eru ávanabindandi og það er engin leið að skilja neitt eftir af þeim skammti sem er útbúinn. En enginn skaði skeður, þetta er meinhollt og fer vel í maga.

**10-12 mjúkar döðlur**
**Sami fjöldi valhnetur**

Aðferð: Hitið ofn í 180°C. Opnið döðlurnar og komið valhnetu fyrir í hverri og einni. Setjið á bökunarpappírsklædda ofnplötu og bakið í 8-10 mínútur. Þá karamellíserast döðlurnar en valhneturnar haldast stökkar, fullkomin blanda!

# Fasteign vikunnar

úr fasteignablaði Fréttablaðsins











**Einstaklega vandað íbúðarhús á einum besta stað í Stykkishólmi. Húsið er á 271,8 fermetrar og á tveimur hæðum með innbyggðum 42,5 fermetra bílskúr. Húsið er við miðbæinn og stendur á 1.248 fermetra lóð. Ægifagurt sjávarútsýni er úr húsinu. Efri hæð skiptist í forstofu, glæsilegar stofur með eldhúsi, hjónasvítu með fataherbergi og sér baðherbergi, barnaherbergi, baðherbergi, þvottahús og bílskúr. Á neðri hæð eru þrjú stór herbergi, þar af er eitt með sér baði inn af, auk þess er baðherbergi niðri fyrir hin tvö herbergin.**



Ed Sheeran
AUKATÓNLEIKAR 11. ÁGÚST
LAUGARDALSVÖLLUR
MIÐASALA Á AUKATÓNLEIKANA HEFST Á
MORGUN KL. 9!
LAUGARDALSVÖLLU
UPPSELT!
10. ÁGÚST
AEG
PRESENTS
MIÐASALA Á TIX.IS/ED · NÁNARI UPPLÝSINGAR Á SENALIVE.IS/ED
sena
LIVE!
EDSHEERAN.COM
THE ALBUM ÷
OUT NOW

# TILVERAN




# Vikan

**Afsökunarbeiðni forsætisráðherra til sakborninga í Geirfinnsmálinu, gjaldþrot Primera Air, spenna á vinnumarkaði og dómaraefni undir rannsókn voru meðal helstu mála sem Fréttablaðið greindi frá í vikunni.**











## Enn undir smásjánni

Bandaríska alríkislögreglan (FBI) varði vikunni í bakgrunnsrannsókn á Brett Kavanaugh, dómaraefni til hæstaréttar. Útlit var fyrir að Kavanaugh myndi fljóta í gegnum öldungadeild þingsins á atkvæðum Repúblikana þar til hann var sakaður um kynferðisbrot. Þá var dómsmálanefnd þingsins kölluð saman og eftir yfirheyrslur yfir Kavanaugh og Christine Blasey Ford, fyrsta ásakandanum, knúði Repúblikaninn Jeff Flake fram að rannsóknin yrði opnuð á ný. Þá er Michael Avenatti, lögmaður Julie Swetnick sem sakar Kavanaugh um hópnauðgun, foxillur yfir því að ekki hafi verið rætt við skjólstæðing hans. Lögmenn Ford eru ósáttir við að FBI hafi ekki heldur rætt við skjólstæðing þeirra.

Á mánudag var svo greint frá því að Kavanaugh hafi lent upp á kant við mann á bar árið 1985 og kastað í hann klaka.

**Kavanaugh sætti bakgrunnsrannsókn bandarísku alríkislögreglunnar.**

## Spennan magnast á vinnumarkaði

Kjarasamningar losna um áramót. Samtök atvinnulífsins (SA) sendu formönnum verkalýðsfélaga bréf í vikunni með samningsáherslum. Þar er bent á að bæta megi lífskjör með öðru en beinum launahækkunum. Launahækkanir muni skila sér í hærra verðlagi sem gætu leitt til hærri vaxta.

Seðlabankinn hélt stýrivöxtum óbreyttum og varaði við spennu í þjóðarbúskapnum vegna launaákvarðana og þróunar verðbólgu.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, brást hinn versti við og gaf Seðlabankanum, SA og stjórnvöldum aðvörun. Verði ekki látið af vaxtaokri og hótunum um vaxta- og verðlagshækkanir verði svarað með aðgerðum og hörku sem ekki hafi áður sést á íslenskum vinnumarkaði.

## Primera pakkaði saman

Flugfélagið Primera Air fór fram á greiðslustöðvun í fyrradag með tilheyrandi röskun á flugi og fjárhagstjóni. Málið komst í fréttir eftir að tölvupósti frá yfirmanni í fyrirtækinu til starfsmanna var lekið.

Fjölmargir lýstu yfir óánægju sinni á samfélagsmiðlum og í viðtölum við fjölmiðla vegna röskunar á flugferðum. Þeirra á meðal var bresk flugfreyja sem sendi út neyðarkall á Twitter og kvaðst strandaglópur á flugvelli í Toronto.

Danski miðillinn DR fjallaði um að fyrirtæki, sem sérhæfir sig í að framfylgja bótakröfum farþega flugfélaga, hefði sýslað með kröfur rúmlega 4.000 farþega Primera Air sem munu líklega aldrei fá bæturnar.

Greiðslustöðvun Primera hefur í för með sér að Arion banki mun tapa allt að 1,8 milljörðum króna.

## Kóngurinn Óli Jóh

Valur varð Íslandsmeistari á laugardag eftir öruggan 4-1 sigur á botnliði Keflavíkur. Þetta er annað árið í röð sem Valsmenn verða Íslandsmeistarar og í 22. sinn alls.

Ólafur Jóhannesson sýndi það enn og aftur að hann er kóngurinn í íslenska boltanum. Hann hefur unnið stóran titil á hverju tímabili síðan hann tók við Val og á síðustu níu tímabilum hans í efstu deild hefur smiðurinn unnið átta stóra titla. Óli er kominn á sjötugsaldur en hefur aldrei verið beittari.

Talsverðar breytingar hafa orðið á þjálfaramálum liðanna í Pepsi-deildinni. KA og ÍBV voru ekki lengi að finna sér þjálfara (Óla Stefán Flóventsson og Pedro Hipólito) en þjálfaraleit Grindavíkur og Víkings R. stendur enn yfir. Þá eru fallnir Fjölnismenn án þjálfara og óvíst er hver verður næsti þjálfari Keflvíkinga sem féllu án þess að vinna leik.

**Ólafur Jóhannesson hefur unnið átta titla á síðustu níu árum.**

## Langþráð sýkna

Fimm voru sýknaðir af aðild að hvarfi Guðmundar og Geirfinns fyrir viku. Nokkuð var deilt um dóminn sem þykir snubbóttur. Forsætisráðherra hefur fyrir hönd ríkisstjórnarinnar beðið alla sakborningana og aðstandendur þeirra afsökunar á því ranglæti sem þeir hafa mátt þola vegna málsins. Hún tilkynnti um skipun starfshóps til að leita sátta við hina sýknuðu.

Ekki er útilokað að rannsóknir þessara gömlu sakamála verði opnaðar á ný. Lögreglan hefur til skoðunar hvernig farið verður með ábendingar sem komið hafa fram um afdrif Guðmundar og Geirfinns.

Erla Bolladóttir greindi frá því að hún hygðist einnig leita réttar síns vegna málsins. Beiðni Erlu um endurupptöku var synjað í fyrra.

# Fólkið á götunni

## Er Guðmundar- og Geirfinnsmálunum lokið að þínu mati?



**Bjarni Lárus Hall**
„Guðmundar og Geirfinnsmálunum ætti ekki að vera lokið, nema að því leyti sem þau snúa að þeim sem voru dæmd á sínum tíma. Þau voru ranglega dæmd og hafa loksins hlotið uppreist æru (nú þarf bara að finna bætur fyrir þau). En varðandi málin sjálf þá hafa komið fram tvær mikilvægar ábendingar sem þarf að athuga betur. Ef fólkið er enn á lífi sem er viðriðið ábendingarnar þá er enn góður möguleiki á að það komi eitthvað út úr þeim. Það er enginn fyrningarfrestur á morði.“



**Guðný Ósk B. Garðarsdóttir**
„Það má segja að þeim sé lokið fyrir þá sem voru sýknaðir, en máli Erlu Bolladóttur er enn ólokið og ég vona að því ljúki með sams konar niðurstöðu úr því að forsendur eru nú brostnar. Það er mjög sorglegt að einhverjir sakborningar hafi ekki fengið að lifa þennan dag eftir margra áratuga þrotlausa baráttu en að sama skapi huggun harmi gegn fyrir ættingja þeirra. Ég finn líka til með ættingjum Guðmundar og Geirfinns sem vita enn ekki um afdrif þeirra. Ég vona innilega að svona atburðir endurtaki sig ekki og að einhver lærdómur verði dreginn af þessu máli.“

**Birkir Vagn Ómarsson**
„Nei, ég efast um að þessu máli muni ljúka. Það þarf meira en bara fyrirgefðu.“



**Ásgeir Jónsson**
„Svona máli er aldrei raunverulega lokið á meðan sakamál stendur óleyst. Svo nei, ég held að þetta mál muni alltaf fylgja þjóðinni. Ég vona hinna sýknuðu vegna að dómurinn færi þeim og þeirra nánustu málalok, sem er þó ekki gefið eftir áratuga langt ofbeldi af hálfu yfirvalda. Þá er illskiljanlegt að eitt fórnarlamba þessa máls fái ekki úrlausn sinna mála fyrir dómstólum. Skammarlegt hreinlega.“



## Manstu hvar þú varst þegar Geir bað Guð að blessa Ísland?



**Hildur Kristín Stefánsdóttir**
*tónlistarkona*
„Ég var á morgunvakt sem baðvörður í Sundhöllinni, það var alltaf hækkað í botn þegar fréttirnar komu og svo kom þetta og ég man að samstarfsmaður minn fussaði og sveiaði og sagði „djöfulsins helvítis rugl“ og svo var vaktin mjög þung eftir þetta. Ég var líka að detta í ferðalag fljótlega eftir þetta og man að ég var mjög glöð að flýja aðeins frá þessari stemningu.“



**Arnar Freyr Frostason**
*rappari*
„Ég stóð fyrir utan sjónvarpabúð með hóp af fólki sem horfði saman háskælandi á útsendinguna í gegnum búðargluggann, og hóf svo að velta bílum. Indæl stund. Nei, ég hef engar raunverulegar minningar.“



**Steinþór Helgi Arnsteinsson**
*tónleikahaldari*
„Ég var í sófanum heima og horfði á þetta með mömmu. Fann hvernig gæsahúðin hríslaðist upp hrygginn á mér og öskraði: Búmm! Man samt að ég var líka að berjast við tárin.“



**Steinunn Jónsdóttir**
*Reykjavíkurdóttir*
„Ég var á síðustu önninni minni í MH, nýflutt aftur heim til mömmu og pabba eftir að hafa eytt sumrinu í Kaupmannahöfn að vinna á elliheimili. Allt í einu tvöfaldaðist virði sumarlaunanna sem var alveg frekar næs fyrir áhyggjulausan unglinginn … allavega þangað til alvara hrunsins sló mann í andlitið.“


Eini íslenski framleiðandinn sem framleiðir eingöngu úr íslensku grísakjöti
Veljum íslenskt
með skinkunni frá Stjörnugrís
98% kjöt og ekkert viðbætt vatn. Hágæðavara unnin úr ferskum íslenskum grísalærvöðvum.
Reykt 98% kjöt og ekkert viðbætt vatn. Hágæðavara unnin úr ferskum íslenskum grísalærvöðvum.
80% kjöt, fínskorin hágæðavara unnin úr ferskum íslenskum grísalærvöðvum.
80% kjöt, silkiskorin og reyktónuð hágæðavara unnin úr ferskum íslenskum grísalærvöðvum.
Allar skinkur frá Stjörnugrís eru eingöngu unnar úr ferskum íslenskum grísalærvöðvum sem aldrei hafa verið frystir.
Þú finnur áleggin frá Stjörnugrís í öllum betri matvöruverslunum um land allt.
STJÖRNU GRÍS
www.svinvirkar.is

TILVERAN



Fjárhópurinn er dreginn í slumpum yfir Breiðá á heimasmíðuðum pramma, sem nokkrar tómar olíutunnur halda á floti. Hér er fyrsta skammtinum hleypt um borð. Benni og Lóa ætla yfir í kláfnum að hjálpa til þar. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN



Einar Ingimundarson, Ingvar Kristinsson, Sólveig Guðlaugsdóttir, Gunnar Sigurjónsson og Jón Ragnarsson.



Fjallafálurnar sætta sig við orðinn hlut og renna hinar prúðustu upp ölduna og á kerru eiganda síns.



Móttökunefndin er viðbúin á suðurbakkanum. Yngstur er Sæmundur Jaki sem situr í fangi föður síns fjærst á mynd.

# Fjallafálur ferjaðar yfir Breiðá




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


Hópur vaskra manna og kvenna fór í árlega smölun í Breiðamerkurfjall á Suðausturlandi fyrir skemmstu. Nokkrir bændur í Öræfum eiga þar fé í sumarhögum og vinir og vandamenn koma, jafnvel um langan veg, og aðstoða þá við að ná því til byggða á haustin, bæði af hjálpsemi og ævintýraþrá.

Breiðamerkurfjall er mikið um sig, víða bratt og klettótt og ekki auðvelt yfirferðar. Féð sem þar gengur kann því misvel að verða fyrir ónæði í friðsælli náttúrunni. Sumar ærnar beita öllum brögðum til að hrista smalana af sér og miklir eltingaleikir eiga sér stað um gilskorninga, klungur og snasir.

Einn þaulvanur göngugarpur sem oft hefur smalað Fjallið lýsti því að fimmtán kindur, flestar mórauðar, hefðu raðað sér á hamrasyllu og híað á hann þegar hann varð frá að hverfa, því annars hefði hann stofnað lífi þeirra allra í hættu. En þær mórauðu voru ekki lengi í paradís því hann og fleira frískleikafólk fór strax daginn eftir og sigraði þær og fleiri sem stungið höfðu af.

Flest féð náðist þó í rétt fyrri daginn eftir níu tíma göngu en ævintýrið var ekki búið þó að þangað væri komið því eftir var að draga það á pramma með handafli yfir Breiðá í allnokkrum ferðum. Kláfur sem gengur fyrir sama afli er notaður til fólksflutninga yfir ána.

Breiðamerkurfjall (774 m) var umlukið jökli á alla vegu í hátt í tvær og hálfa öld, frá því um 1700 þar til árið 1946 að jökulhaftið rofnaði við fjallið sunnanvert. Á síðustu árum fara skriðjöklarnir umhverfis það hraðminnkandi eins og annars staðar og eyri framan við það fer því sístækkandi. Austan við eyrina er víðáttumikið Breiðárlón og úr því fellur Breiðá vestur í Fjallsárlón.

Við Breiðamerkurfjall eru söguslóðir því samkvæmt Njálu bjó Kári Sölmundarson á bænum Breiðumörk, eftir að hafa hefnt brennumanna, brotið skip sitt við Ingólfshöfða, sæst við Flosa á Svínafelli og gengið í hjónaband með Hildigunni bróðurdóttur hans.



Féð má vera ánægt að komast yfir þurrum fótum, í stað þess að þurfa að leggjast til sunds yfir ískaldan elginn.



Kláfur er notaður til að komast upp á eyri. Þar dreifir fólk sér og reynir að beina fénu rétta leið í réttina þegar þar að kemur. Kláfurinn rennur af stað en svo þurfa farþegar að toga sig áfram. Hluti Breiðamerkurfjalls í baksýn og Ærfjall í fjarska, handan Fjallsjökuls.



Fjallkóngurinn Gunnar Sigurjónsson horfir yfir lagðprúðan hópinn og saknar þess að sjá ekki fleiri mórauðar.



Miklu meira en bara ódýrt
ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali
frá 4.995
Hjólafesting á bíl
8.995
Loftdæla OMEGA 12V 30L
frá 1.999
Álskóflur
4.895
Viðgerðarbretti
Sonax hreinsivörur á frábæru verði
Hjólatjakkur 2T m/tösku
3.795
Öflugar háþrýstidælur 165Bör 1800W
19.999
Háþrýstidæla 1650W
9.999
6T Búkkar 605mm Par
9.999
frá 1.495
Startkaplar
4.995
Hleðslutæki 12V 6A
Mikið úrval af verkfæratöskum
frá 795
34.995
Verkfæraskápur á hjólum
79.995
Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum
Steðjar í miklu úrvali
7.995
1/2 Toppasett
3.995
1/4 Toppasett
Vice Multi angle
6.985
14.995
1/2+1/4 Toppasett Kraft-mann 94stk
5.995
Verkfærasett 108 stk
7.985
Skrall-lyklar 8-17
Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla
Lunchbox útvarp ryk/regn/frostþolið
24.995
Ruslapokar 10,20,50stk
frá 395
frá 395
Ruslatínur
Hjólbörur 100kg
3.995
Frábært úrval af dragböndum/ ströppum
Skóflur
frá 995
Laufahrífur
frá 999
Strákústar
685
Myndlistavörur í miklu úrvali
13.995
Flísasög 80mm
Scanslib Hverfisteinn
frá 19.995
9.999
Silverline LI-ion 18V hleðslubor-vél 13mm
Fjölsög Höfftech
5.999
Rafmagnsvírtalíur í miklu úrvali
14.999
Hjólsög GMC 1200W
19.995
Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)
16.995
Metabo KS216 bútsög
14.999
SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

# Fyrir fólkið



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Það má hafa nokkurn skilning á því að verkalýðsleiðtogar láti sér ekki segjast þótt þeim sé margsagt að lítið sem ekkert svigrúm sé til launahækkana. Eins og landsmenn allir hafa þeir heyrt þessi orð sögð árum og áratugum saman í hvert sinn sem kemur að kjarasamningum. Kauphækkanir nást svo fram, mismiklar að vísu en allmiklar á síðustu árum. Þær miklu launahækkanir hafa ekki sett þjóðarbúið á hausinn, eins og varað var við. Ekkert reyndist því að marka þau háværu varnaðarorð sem þá heyrðust.

Einu sinni enn segja forsvarsmenn atvinnulífsins að lítið sé til skiptanna. Verkalýðsleiðtogarnir taka ekkert mark á því og neita að viðurkenna að launahækkanir liðinna ára hafi verið svo umtalsverðar að ekki sé hægt að endurtaka þær án þess að illa fari. Það blasir þó við að aðstæður eru ekki jafn góðar og þær voru fyrir örfáum árum, það má greina niðursveiflu í þjóðfélaginu og ástæða er til að fara varlega. Miklar launahækkanir geta auðveldlega leitt til þess að vextir muni hækka, verðbólga fari á skrið og fyrirtæki, sem þola ekki aukinn launakostnað, munu þá vitanlega grípa til uppsagna. Ekki er þetta frýnileg mynd, enda afneitar verkalýðsforystan henni kröftuglega. Hún segir að ekkert þessu líkt muni gerast. Má ekki vera að hún sé þar í vissri afneitun?

Fari hlutir illa í kjölfar komandi kjarasamninga og launahækkanir hins venjulega Íslendings verði étnar upp á svipstundu vegna hærri vaxta og verðbólgu þá er verkalýðshreyfingin ekki í sérlega góðum málum. Þá hefur hún brugðist fólkinu í landinu, vaðið áfram með óhóflegar og óraunsæjar kröfur án þess að gera sér grein fyrir afleiðingunum. Vill verkalýðshreyfingin kalla yfir sig það hlutskipti að hafa verið þeim verst sem hún unni mest? Varla.

Menn mega ekki vera svo blindir á eigin málstað að þeir sjái í forsvarsmönnum atvinnulífsins holdgervinga hins gráðuga kapítalisma, menn sem standi nákvæmlega á sama um kjör venjulegs fólks. Forsvarsmenn atvinnulífs og verkalýðshreyfingar verða að geta unnið saman og talast við af heilindum, án þess að grípa til skætings. Báðir hópar eru að vinna fyrir fólkið í landinu og hafa skyldum að gegna við það.

Samtök atvinnurekenda sendu á dögunum viðsemjendum sínum bréf þar sem meðal annars kom fram að miklar launahækkanir myndu draga úr samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja. Þar var einnig lögð áhersla á að auka þyrfti framboð á húsnæði fyrir tekjulága hópa. Óskað var eftir formlegum viðræðum um ýmis efnisatriði bréfsins, sem framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Halldór Benjamín Þorbergsson, sagði vera útrétta sáttarhönd til verkalýðshreyfingarinnar.

Ekki vakti þessi sending mikla lukku hjá verkalýðsforystunni en formaður VR, Ragnar Þór Ingólfsson, afgreiddi bréfið með þeim orðum að engin ástæða væri til viðræðna ef ekkert væri til skiptanna. Verkalýðsforinginn herskái hefur talað um skæruverkföll sem lausn til að knésetja atvinnurekendur, leið sem ekki verður séð að almenningur þrái. Æsingur leysir engan vanda, eykur einungis á hann.

Enginn ætlast til að hjörtu fulltrúa atvinnulífs og verkalýðshreyfingar slái fullkomlega í takt, en á báðum stöðum þarf að hafa hagsmuni fólksins að leiðarljósi. Varla er það til of mikils mælst.

**Vill verkalýðshreyfingin kalla yfir sig það hlutskipti að hafa verið þeim verst sem hún unni mest?**




## Halldór




## Frá degi til dags

**Spakmælahöfundur**

**Vigdís Hauksdóttir, borgarfulltrúi Miðflokksins, bætti í spakmælasafn sitt í bókun á borgarstjórnarfundi í fyrradag. Fyrir í safninu eru sjálfstjórnarhéraðið Malta, grjót úr steinhúsi, að stinga höfði í stein, og það að neyðast til að afboða forföll. Í bókuninni lýsti hún yfir áhyggjum af því að í miðborg Reykjavíkur væru að rísa rándýrar íbúðir þar sem „gratín og marmari [léku] aðalhlutverk“. Hvort Vigdís nagi sig í handarkrikana eftir þetta gullkorn skal ósagt látið en aðdáendur spakmæla hennar bíða spenntir eftir því næsta. Kannski verður það stutt bið en mögulega lengri enda var Róm ekki byggð á hverjum degi.**

**Kjördæmavikan**

**Hluti stjórnarandstöðuflokkanna á þingi er nokkuð súr þessa dagana en nú stendur yfir kjördæmavika. Sumir flokkanna náðu ekki inn manni í öllum kjördæmum en vildu fá að senda áheyrnarfulltrúa í þau kjördæmi til að fylgjast með. Það var ekki leyft og þurftu „nærrum því þingmennirnir“ því að sitja heima með sárt ennið. Þeim er nokkur vorkunn enda alkunna að gleðin er við völd í slíkum kjördæmavikum og þær eitthvað sem enginn lætur fram hjá sér fara.**

**joli@frettabladid.is**

# Fjölgum hlutastörfum!



Gunnar Alexander Ólafsson
heilsuhagfræðingur

Undanfarið hafa borist fréttir af því hversu fá vinnuúrræði séu í boði fyrir fólk með skerta starfsgetu. Það er ömurlegt að lesa um hvað bíður ungs fólks með þroskahömlun eftir að námi lýkur. Fólkið þarfnast þess að takast á við störf við hæfi. Raunin er sú að því er boðið upp á bið eftir „úrræðum“ eða að hanga heima sem er mjög einangrandi. Það er eins og samfélagið hafi ekki gert ráð fyrir því að fólk með fötlun geti verið fullt af krafti og vilji leggja sitt af mörkum í formi vinnu og virkrar samfélagsþátttöku.

**Fatlað fólk á að fá sömu tækifæri**

Samfélagið þarf að endurspegla fjölbreytni á öllum sviðum og allir geta lagt sitt af mörkum. Það orkar tvímælis að ekki hafi verið gert stórátak í að auka atvinnuþátttöku fólks með skerta starfsgetu í ljósi góðs atvinnuástands undanfarin ár. Að auki eru yfirvöld með svo stífar aðhaldskröfur á stofnanir að ekkert svigrúm er til staðar til að ráða fólk með skerta starfsgetu í hlutastörf. Í skýrslunni „Virkt samfélag“ sem Öryrkjabandalag Íslands gaf út árið 2016 kom fram að auglýst hlutastörf árið 2015 hefðu verið á bilinu 10-30%, sem er í samræmi við tölur frá Hagstofu Íslands, en hlutfall hlutastarfa tímabilið 2000-2015 var um 22%. Þetta hlutfall er einfaldlega of lágt sé miðað við þörf fólks sem getur einungis sinnt hlutastarfi.

Það er mikilvægt að fjölga hlutastörfum, þannig að fólk með skerta starfsgetu geti tekið þátt í samfélaginu á eigin forsendum. Fatlað fólk á að fá sömu tækifæri og aðrir til að vera þátttakendur á vinnumarkaði. Því legg ég til að fjölmennum opinberum vinnustöðum verði gert skylt að ráða ákveðið hlutfall starfsfólks með skerta starfsgetu í hlutastörf við hæfi. Þessi aðferð myndi án efa hafa jákvæð áhrif á vinnustaðinn, jákvæð áhrif á samfélagið þar sem hvert okkar skiptir máli.

**Fatlað fólk á að fá sömu tækifæri og aðrir til að vera þátttakendur á vinnumarkaði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálsson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Tveir dagar til stefnu

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Reykjavík – Þegar bankakerfið hrundi fyrir tíu árum þurftu margir að axla þungar byrðar. Þúsundir misstu heimili sín. Tjónið af völdum hrunsins er talið nema samanlagðri landsframleiðslu Íslands í sex ár. Tvo þriðju hluta skaðans, jafnvirði landsframleiðslu Íslands í fjögur ár, báru útlendingar, einkum eigendur erlendra banka sem föllnu bankarnir gátu ekki staðið í skilum við. Þriðjung skaðans, jafnvirði landsframleiðslu Íslands í tvö ár, báru Íslendingar sjálfir. Munaði þar mest um hrun á hlutabréfamarkaði, rýrnun lífeyrissjóða og kostnað skattgreiðenda vegna fjármögnunar nýrra banka á rústum gömlu bankanna og vegna endurfjármögnunar Seðlabanka Íslands sem varð tæknilega gjaldþrota. Þessi fjármögnun nam 36% af landsframleiðslu og skiptist jafnt milli föllnu bankanna annars vegar (18%) og Seðlabankans hins vegar (18%).

Hæstiréttur hefur dæmt 36 bankamenn og tengda aðila til samtals 92 ára fangavistar fyrir ýmis brot tengd hruninu svo sem lýst er á vefsetri Gagnsæis, samtaka gegn spillingu. Réttarhöldum yfir bankamönnum er þó ekki enn fulllokið. Féð sem hvarf úr bönkunum í hruninu er ófundið enn.

**Jafnræði fyrir lögum?**

Í skýrslu sinni (7. bindi, bls. 318-321) taldi Rannsóknarnefnd Alþingis (RNA) þrjá seðlabankastjóra hafa sýnt af sér vanrækslu í skilningi laga. Nýjar upplýsingar komu í ljós þegar Morgunblaðið birti 18. nóvember 2017 útskrift af símtali seðlabankastjóra og forsætisráðherra, símtali sem Seðlabankinn hafði haldið kyrfilega leyndu í meira en níu ár, jafnvel gagnvart Alþingi. Í símtalinu kemur fram að Seðlabankinn ákvað að lána Kaupþingi 500 milljónir evra auk fyrri lána og bankastjórinn segir í símann: „Ég býst við því að við fáum ekki þessa peninga til baka.“ Það kom á daginn. Aðeins helmingur fjárins fékkst endurgreiddur.

Miðað við dómaframkvæmd fyrri ára hefði bankastjórnin átt að sæta sakamálarannsókn vegna gruns um að hafa framið umboðssvik í opinberu starfi skv. 249. grein almennra hegningarlaga, grein sem er einföld og auðskilin: „Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að 2 árum, og má þyngja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að 6 ára fangelsi.“ Hæstiréttur hefur þegar dæmt 22 bankamenn og aðra seka um brot gegn þessu ákvæði.

Bankarnir fóru allir eins að fram að hruni að heita má. Samt hefur dómum yfir bankamönnum verið misskipt milli banka. Kaupþingsmenn hafa til þessa fengið 36 ár, Glitnismenn 19, sparisjóðamenn 12 ár, Landsbankamenn 11 ár og aðrir 14 ár, samtals 92 ár. Seðlabankastjórarnir hafa sloppið við ákæru enda þótt þeir hafi með ráðslagi sínu lagt jafnþungar byrðar á skattgreiðendur í landinu eins og stjórnendur viðskiptabankanna þriggja og sparisjóðanna.

**Engin rannsókn, engin gögn „að svo stöddu“**

Saksóknurum hefði verið í lófa lagið að rannsaka meint umboðssvik af hálfu Seðlabankans varðandi risalánið til Kaupþings, en það hefur ekki verið gert svo vitað sé. Bankaráði Seðlabankans bar skv. lögum að hafa eftirlit með því að bankinn starfi í samræmi við lög. Bankaráðinu bar því að biðja um opinbera rannsókn á Kaupþingsláninu eftir þeirri reglu að eðlilegt sé að ósk um rannsókn berist af meintum brotavettvangi. Bankaráðið virðist hafa vanrækt þessa lagaskyldu. Fundargerðir ráðsins eru leyniskjöl.

Þingnefnd sem Alþingi fól að undirbúa viðbrögð þingsins við skýrslu RNA óskaði vorið 2010 eftir rannsókn á meintri vanrækslu seðlabankastjóranna og forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Settur saksóknari svaraði þrem vikum síðar: „Niðurstaða setts saksóknara er að umfjöllunarefni og ályktanir rannsóknarnefndar Alþingis ... gefi að svo stöddu ekki tilefni til að efna til sakamálarannsókna á hendur Davíð Oddssyni, Eiríki Guðnasyni, Ingimundi Friðrikssyni og Jónasi Fr. Jónssyni.“ Engin gögn eru tilfærð í bréfinu til að skýra þessa niðurstöðu sem er andstæð vel rökstuddri niðurstöðu RNA enda féllst Landsdómur á hliðstæða niðurstöðu RNA varðandi Geir H. Haarde fv. forsætisráðherra. Tveir hinna brotlegu bankastjóra hafa gert lítið úr RNA. Annar þeirra hefur sagt á prenti: „Skýrsla rannsóknarnefndar endurspeglar annars vegar álit þeirra sem í nefndinni sátu og hins vegar álit þeirra sem hún ræddi við.“ Hann var endurráðinn til starfa í Seðlabankanum fyrir nokkru.

**Traust í molum**

Alþingi samþykkti 7. nóvember 2012 að láta rannsaka einkavæðingu bankanna 1998-2003. Rannsóknin fór ekki fram. Meint brot í tengslum við einkavæðinguna fyrntust 2013. Nú sýnist Alþingi ætla að halda uppteknum hætti. Eftir tvo daga, 6. október, fyrnist meint brot seðlabankastjóra varðandi risalánið til Kaupþings. Meint brot seðlabankastjóranna voru framin í opinberu starfi sem varðar allt að helmings þyngingu refsingar skv. 138. grein almennra hegningarlaga.

Meint lögbrot með stjórnmálaívafi eru enn látin viðgangast á Íslandi líkt og fyrr. Traust er í molum, bæði traust á mörgum stofnunum samfélagsins og traust milli manna. Spillingin æðir áfram í skjóli refsileysis.





# Framtíð laxeldis er í lokuðum kerfum



Gísli Sigurðsson
íslensku-
fræðingur

Það er óumdeilt að laxeldi í opnum sjókvíum veldur miklum umhverfisskaða: 1) Mengun spillir nærumhverfinu; 2) sjúkdómar og lúsafaraldrar magnast upp og lúsin leggst bæði á eldisfiskinn og villta laxfiska og dregur þá til dauða; 3) eldisfiskar sleppa alltaf út og valda erfðablöndun í villtum laxastofnum.

Hægt er að kynna sér þessi umhverfisáhrif í skýrslu norsku ríkisendurskoðunarinnar frá árinu 2012. Þá er nýkomin skýrsla norska vísindaráðsins um ástand villtra laxa í Noregi þar sem enn eru dregin fram hin neikvæðu umhverfisáhrif opins sjókvíaeldis.

Norsk stjórnvöld auglýstu árið 2015 eftir hugmyndum að þróunarverkefnum í fiskeldi sem gætu undið ofan af þeim skaða sem eldið hafði valdið í Noregi. Veglegir styrkir voru í boði til nýsköpunar á þessu sviði og var tekið við umsóknum til 17. nóvember 2017. Nú hafa átta verkefni af þeim 45 sem tekin voru til efnislegrar skoðunar hlotið styrki til áframhaldandi þróunar.

Í fyrra tóku Samtök norska iðnaðarins undir með stjórnvöldum og settu markið á að árið 2030 yrði hægt að ala lax við Noreg án hinna neikvæðu umhverfisáhrifa.

Íslensk stjórnvöld ættu að bjóða nýsköpunarverkefni í laxeldi velkomin hingað til lands með þeim ívilnunum sem stjórnvöld geta veitt vaxtarbroddum í atvinnulífi. Þannig mætti stilla Íslandi upp í fremstu röð og taka stefnuna á umhverfisvænt laxeldi í sjó í stað þess að láta okkur taka fortíðarvanda Norðmanna í arf hér á landi – á meðan þeir sjálfir stefna í aðra átt heima hjá sér.




Veitingahúsið Ráin í Keflavík
Vantar góðan þjón (veitingastjóra) í fullt starf.
Upplýsingar:
893 2082 Vífill
852 2083 Mark
Ráin



Slakaðu á með Slökun



Einkenni magnesíum-skorts
- Lítil orka
- Þróttleysi
- Veik bein
- Hormóna ójafnvægi
- Svefntruflanir
- Vöðvakrampar, kippir og spenna
- Kölkun líffæra
- Óreglulegur hjartsláttur
- Kvíði
- Streita
- Pirringur

Mamma Veit Best
HREIN HEILSA
www.mammaveitbest.is


# Fjárlagafrumvarpið brást eldri borgurum!



Björgvin Guðmundsson
viðskipta-
fræðingur

Eldri borgarar biðu með nokkurri eftirvæntingu eftir að sjá fjárlagafrumvarpið fyrir 2019 til þess að sjá hvað hækka ætti lífeyri þeirra frá almannatryggingum. Þeir urðu fyrir miklum vonbrigðum. Hækkunin er aðeins 3,4% og tekur ekki gildi fyrr en um næstu áramót. Þetta er alger hungurlús. Þetta þýðir, að lífeyrir eftir skatt muni hækka um rúmlega 6.000 kr. á mánuði eða úr 243 þúsund kr. mánuði eftir skatt í 249 þúsund eftir skatt hjá einstaklingum.

Þetta er fyrsta hækkun lífeyris aldraðra og öryrkja, sem ríkisstjórn Katrínar getur eignað sér. Fram til þessa hefur lífeyrir aldraðra frá almannatryggingum ekki hækkað um eina krónu fyrir frumkvæði ríkisstjórnar Katrínar. Þó var sérstök beiðni send til Katrínar strax í byrjun ársins um að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja frá almannatryggingum vegna þess að þessi lífeyrir dygði ekki til framfærslu. Það hefði verið eðlilegt að Katrín Jakobsdóttir hefði brugðist við strax af tveimur ástæðum: 1) vegna þess, að í stefnu VG fyrir síðustu kosningar sagði, að bæta þyrfti kjör eldra fólks með því að hækka ellilífeyri 2) Katrín sagði á síðasta ári, þegar hún var í stjórnarandstöðu, að réttlætinu yrði ekki frestað. En því miður. Katrín hefur brugðist eldri borgurum; Katrín hefur brugðist öryrkjum. Hún hefur frestað réttlætinu.

**Þurfa 318 þúsund kr. á mánuði eftir skatt; lágmark**

Starfandi er á vegum ríkisstjórnarinnar starfshópur, sem á að fjalla um afkomu þeirra, sem verst eru staddir og þar á meðal eldri borgara hækkun. Mér kæmi ekki á óvart þó sá starfshópur mundi ákveða öldruðum aðra álíka hungurlús, t.d. önnur 3,4% í hækkun. En það dugar ekki.

Það á að mínu mati að hækka lífeyri aldraðra og öryrkja frá almannatryggingum það mikið, að það dugi til mannsæmandi lífs. Það á að duga til þess að eldri borgarar geti átt áhyggjulaust ævikvöld og öryrkjar þurfi ekki að kvíða morgundeginum. Og það á að duga til þess að aldraðir geti tekið eðlilegan þátt í samfélaginu. Þeir þurfa að geta keypt og rekið tölvu. Þeir þurfa helst að geta átt bíl og rekið hann. Og þeir þurfa að eiga fyrir afþreyingu, geta farið í leikhús og á tónleika, ferðast innanlands og geta gefið barnabörnum sínum gjafir. Ég tel ekki upp það nauðsynlegasta eins og mat, fæði og húsnæði, það er svo sjálfsagt. En ég tel, að sem lágmark til þess að ná framangreindu markmiði og uppfylla það sem ég taldi upp þurfi einstaklingur 318 þúsund á mánuði eftir skatt. Það þýðir 420 þúsund á mánuði fyrir skatt.

Það sem ég hef rætt um á fyrst og fremst við um þá lægst launuðu, þ.e. þá aldraða og öryrkja, sem eingöngu hafa lífeyri frá almannatryggingum. En þeir, sem hafa lítinn lífeyrissjóð til viðbótar t.d. 50-100 þúsund úr lífeyrissjóði eru lítið betur settir. Þeir verða að sæta það mikilli skerðingu auk skatta. Í grófum dráttum getur skerðing verið það mikil í þessum tilvikum, að það jafngildi því að ríkið hrifsi 30-50% af þessum lífeyri.

**Gróf skerðing hjá eldri borgara**

Margir eldri borgarar, sem ég hef samband við hafa nefnt mér dæmi um skerðingar, sem þeir sæta: Dæmi: Eldri borgari er 73ja ára. Fær kr. 152 þús. á mánuði fyrir skatt úr lífeyrissjóði og frá TR 182.334 kr. fyrir skatt, eða samtals 334.334 kr. fyrir skatt og eftir skatt eru þetta 264.726 kr. Ef þessi eldri borgari hefði ekkert fengið úr lífeyrissjóði og aldrei greitt í hann þá væru tekjurnar þessar: Frá TR 239.484 kr. á mánuði fyrir skatta. Eftir skatta væri upphæðin 204.914 kr. Vegna greiðslu frá lífeyrissjóði að fjárhæð 152 þúsund kr. á mánuði skerðist lífeyrir þessa eldri borgara frá almannatryggingum um 57.150 kr. á mánuði fyrir skatt. Þetta þýðir, að mismunur á greiðslum til hans og manns sem aldrei hefur greitt í lífeyrissjóð eru kr. 59.182 eftir skatt. Eldri borgarinn, sem ég hef hér fjallað um, fær 264.726 kr. eftir skatt samanlagt frá TR og lífeyrissjóði.

Þetta er óásættanlegt. Þessi skerðing hjá eldri borgara, sem greitt hefur í lífeyrissjóð alla sína starfsævi er alls óeðlileg. Það verður að afnema slíka skerðingu; það verður að afnema alla tekjutengingu vegna lífeyrissjóða. Hún gengur í berhögg við það, sem lagt var upp með: Að lífeyrissjóðirnir ættu að vera hrein viðbót við almannatryggingar. Við það verður að standa. Annað eru svik.

# Föllum ekki í hræðsluáróðursgryfjuna



Guðrún Ebba Ólafsdóttir



Kristín I. Pálsdóttir
fyrir hönd
ráðs Rótarinnar

Fyrir stuttu var myndin „Lof mér að falla“ eftir Baldvin Z frumsýnd en myndin fjallar um sorgleg örlög tveggja stúlkna sem ánetjast vímuefnum. Í umræðum um myndina er áberandi að bundnar eru miklar vonir við að hún verði til þess að fæla börn og ungmenni frá eiturlyfjaneyslu og hafi mikið forvarnargildi.

Því miður hafa sögur eins og sú sem er sögð í myndinni lítið sem ekkert forvarnargildi, enda er myndin ekki forvarnarverkefni. Þó að við skyldum alla nemendur til að sjá hana er ólíklegt að það forði þeim frá neyslu vímuefna. Dapurlegar neyslusögur eða hræðsluáróður hafa lítið sem ekkert forvarnargildi eða fælingarmátt. Líklegt er að ungmenni sem horfa á myndina spegli sig ekki í persónum hennar, ekki einu sinni þó að þau séu að fikta við neyslu. Unglingar lifa í þeirri trú að þau muni aldrei missa svona stjórnina, þau muni hætta áður en svo langt væri gengið. Auk þess er sumum alveg sama og hræðast ekki dauðann. Rannsóknir síðustu áratuga sýna að forvarnir sem byggja á hræðsluáróðri virka einfaldlega ekki á ungt fólk og geta haft öfug áhrif á þá sem í mestri hættu eru.

Samkvæmt „íslenska módelinu“ sem svo hefur verið kallað, virkar ekki vel að „ganga á milli skóla og predika yfir ungmennum um skaðsemi áfengis og reykinga“. Forvarnir eiga ekki að snúast um að reyna að stjórna unglingum heldur frekar hvetja til samvista með foreldrum, leiðbeina á rétta braut og hvetja fjölskyldur til að gera ýmislegt saman. (Sjá nánar https://www.mbl.is/frettir/innlent/2017/10/03/arangur_i_forvornum_fangar_athygli_dana/.)

Sú hugsun að fíkniefnaneysla sé einfaldlega afleiðing af tilviljanakenndri ákvarðanatöku og „vondum félagsskap“ horfir fram hjá því að ungmenni sem fara út í neyslu eiga flest sögu sem skýrir af hverju þau velja að deyfa sig með fíkniefnum, öfugt við það sem oft er haldið á lofti. Nægir að benda á ACE-rannsóknina, rannsókn á erfiðri reynslu í æsku, sem sýnir fram á sterkt samband á milli þess að verða fyrir erfiðri reynslu í æsku og að leiðast út í neyslu fíkniefna síðar á ævinni, og skýrslu UNICEF á Íslandi frá árinu 2013, Réttindi barna á Íslandi: Ofbeldi og forvarnir, þar sem fjallað er um áhrifaþætti á þróun fíknihegðunar.

Tvær rannsóknir hafa verið gerðar á Íslandi á konum með fíknivanda og báðar sýna að helmingur kvennanna höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi í æsku. Kyn er mikilvægur áhrifaþáttur á þróun fíknar og þau vandamál sem fylgja fíknivanda leggjast iðulega þyngra á konur en karla vegna félagsmótunar og kynhlutverka. Oft er því hægt að rekja upphaf þess að stúlkur í sporum aðalpersónanna í „Lof mér að falla“ fara að þróa með sér fíknivanda og það upphaf tengist iðulega því mikla ofbeldi sem stúlkur og konur verða fyrir.

> **Þess er óskandi að myndin „Lof mér að falla“ veki upp frjóa og lausnamiðaða umræðu um bráðan vanda ungs fólks í neyslu. Sú umræða þarf hins vegar að beinast að þeim sem bera ábyrgð á velferð barna og ungmenna en ekki að börnunum og ungmennunum sjálfum.**

Þess er óskandi að myndin „Lof mér að falla“ veki upp frjóa og lausnamiðaða umræðu um bráðan vanda ungs fólks í neyslu. Sú umræða þarf hins vegar að beinast að þeim sem bera ábyrgð á velferð barna og ungmenna en ekki að börnunum og ungmennunum sjálfum. Þannig getur hún haft áhrif á yfirvöld og aðra sem er annt um velferð barna og unglinga á Íslandi og hvatt þau til dáða.

Forvarnir þurfa að byggja á gagnreyndum aðferðum og þar hafa hræðsluáróður og neyslusögur ekkert forvarnargildi heldur geta haft öfug áhrif á þau sem eru í viðkvæmri stöðu og áhættuhópi.

# PIER





EMMEN HÆGINDASTÓLAR
69.900,- 55.920,-



VELÚR SKEMLAR
59.900,- 41.930,-



HAAG HORNSÓFI
169.900,- 135.920,-

20%
AFSLÁTTUR AF
HAAG SÓFUM





PAPASAN
STÓLL + PULLA
FRÁ 14.990,-



HAAG TUNGUSÓFI
199.900,- 159.920,-





30%
AFSLÁTTUR AF
MANHATTAN
LÍNUNNI

MANHATTAN STÓLL
29.900,- 20.930,-



**www.pier.is**

**SMÁRATORG - KORPUTORG - SELFOSS**

Gildir 4. - 10. október. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

## Dramatík í Smáranum




**Sigu fram úr undir lokin** Fyrsta umferð Domino's deildar kvenna hófst í gær með fjórum leikjum. Mesta spennan var í Kópavogi þar sem Snæfell vann Breiðablik, 80-93, eftir tvíframlengdan leik. Kristen McCarthy (á myndinni) skoraði 34 stig og tók 16 fráköst. Nýliðar KR gerðu góða ferð á Ásvelli og unnu Íslandsmeistara Hauka, 59-67. Þá vann Stjarnan Keflavík, 71-79, og Valur vann Skallagrím örugglega, 71-51. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Félag sem vill alltaf vinna

Ómar Ingi Magnússon hefur farið vel af stað með Aalborg eftir vistaskiptin frá Århus. Selfyssingurinn er í hópi markahæstu leikmanna dönsku úrvalsdeildarinnar og aðeins einn hefur gefið fleiri stoðsendingar.

**HANDBOLTI** „Þetta hefur gengið fínt. Það er gott að vera hérna. Þetta er frábært lið með frábæra þjálfara. Ég er mjög ánægður með þetta,“ segir Ómar Ingi Magnússon, landsliðsmaður í handbolta, um fyrstu mánuði sína í herbúðum Aalborg. Ómar gekk í raðir Álaborgarliðsins í sumar eftir tveggja ára dvöl hjá Århus.

Aalborg er stórt félag sem hefur þrisvar sinnum orðið Danmerkurmeistari, síðast árið 2017 undir stjórn Arons Kristjánssonar. Aalborg varð einnig danskur meistari 2010 og 2013. Ómar segir að stökkið frá Árósum til Álaborgar hafi verið nokkuð stórt.

„Þetta er betra lið og stærra félag. Það er aðeins meiri alvara í þessu og meiri stemning,“ segir Ómar. „Það er frábær kúltúr hérna. Þeir eru alltaf meðal fjögurra efstu liða og vilja alltaf vinna.“

Það er engu logið um að Ómar hafi farið vel af stað með Aalborg. Hann hefur skorað 35 mörk í sjö leikjum og er í 9. sæti yfir markahæstu leikmenn dönsku deildarinnar. Skotnýting Selfyssingsins er frábær, eða 71%. Þá er hann næststoðsendingahæsti leikmaður deildarinnar með 27 slíkar.

„Ég hef reynt að velja réttu færin. Það hefur gengið vel. Það skiptir ekki öllu máli hversu mikið ég skora,“ segir Ómar sem fékk loksins að taka víti í síðasta leik, 31-22 sigri á Mors-Thy. Hann segist þó ekki vita hvort hann sé orðinn aðalvítaskytta Aalborg. „Það kemur bara í ljós en ég er alltaf klár,“ segir Ómar hlæjandi.

Hjá Aalborg leikur Ómar með sveitunga sínum, Janusi Daða Smárasyni. Aðstoðarþjálfari Aalborg er svo Arnór Atlason sem lagði skóna á hilluna í vor eftir að hafa leikið með Álaborgarliðinu síðustu árin á ferlinum. Ómar ber Arnóri afar vel söguna.

„Mér finnst hann frábær. Hann býr yfir mikilli þekkingu og hefur spilað fyrir frábæra þjálfara. Hann hjálpar mér mikið með öll atriði sem tengjast leiknum,“ segir Ómar.

Aalborg er á toppi dönsku deildarinnar með tólf stig eftir sjö umferðir. Ómar segir að stefnan sé sett á að vinna allt sem í boði er á tímabilinu.

„Að sjálfsögðu. En þetta er langt mót og þú vinnur ekki neitt í október. Við þurfum að vera tilbúnir fyrir úrslitakeppnina þegar að henni kemur,“ segir Ómar.

Selfyssingurinn hefur verið í íslenska landsliðinu undanfarin tvö ár og farið á tvö stórmót (HM 2017 og EM 2018). Fram undan eru leikir í undankeppni EM og í janúar er svo komið að heimsmeistaramótinu sem fer fram í Danmörku og Þýskalandi.

Guðmundur Guðmundsson tók við íslenska landsliðinu eftir EM í byrjun árs og Ómar nýtur þess að spila undir stjórn þessa reynda þjálfara sem er að stýra landsliðinu í þriðja sinn.

„Það er æðislegt. Hann er nákvæmur í því sem hann gerir og veit hvað hann vill. Hann stýrir þessu vel. Það er mjög auðvelt að spila undir stjórn hans,“ segir Ómar sem er nokkuð bjartsýnn á gott gengi á HM. „Við getum gert góða hluti. Þetta er spurning um hversu vel við spilum. Ef við gerum það er allt hægt.“ ingvithor@frettabladid.is

> Mér finnst Arnór frábær. Hann býr yfir mikilli þekkingu og hefur spilað fyrir frábæra þjálfara.
>
> Ómar Ingi Magnússon



Ómar Ingi í leik með íslenska landsliðinu á EM í Króatíu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

### Leikir Ómars Inga í dönsku úrvalsdeildinni í vetur

| | |
|---|---|
| **29-24 sigur** á SönderjyskE | 5 mörk og 7 stoðsendingar |
| **26-30 sigur** á Skanderborg | 1 mark og 4 stoðsendingar |
| **24-30 sigur** á Ribe-Esbjerg | 7 mörk |
| **37-26 sigur** á Skjern | 8 mörk og 9 stoðsendingar |
| **37-29 sigur** á Nordsjælland | 3 mörk og 2 stoðsendingar |
| **34-25 tap** fyrir GOG | 4 mörk og 2 stoðsendingar |
| **31-22 sigur** á Mors-Thy | 7 mörk og 3 stoðsendingar |

## Nýjast

### Meistaradeild Evrópu

**A-riðill**

**Atl. Madrid - Cl. Brugge 3-1**
1-0 Antoine Griezmann (28.), 1-1 Arnaut Groeneveld (39.), 2-1 Griezmann (67.), 3-1 Koke (90+4.).

**Dortmund - Monaco 3-0**
1-0 Jacok Bruun Larsen (51.), 2-0 Paco Alcácer (72.), 3-0 Marco Reus (90+2.).

**B-riðill**

**Tottenham - Barcelona 2-4**
0-1 Philippe Coutinho (2.), 0-2 Ivan Rakitic (28.), 1-2 Harry Kane (52.), 1-3 Lionel Messi (56.), 2-3 Érik Lamela (66.), 2-4 Messi (90.).

**PSV - Inter 1-2**
1-0 Pablo Rosario (27.), 1-1 Radja Nainggolan (44.), 1-2 Mauro Icardi (60.).

**C-riðill**

**Napoli - Liverpool 1-0**
1-0 Lorenzo Insigne (90.).

**PSG - Rauða stjarnan 6-1**
1-0 Neymar (20.), 2-0 Neymar (22.), 3-0 Edinson Cavani (37.), 4-0 Ángel Di María (42.), 5-0 Kylian Mbappé (70.), 5-1 Marko Marin (74.), 6-1 Neymar (81.).

**D-riðill**

**Porto - Galatasary 1-0**
1-0 Moussa Marega (49.).

**Lokomotiv - Schalke 0-1**
0-1 Weston McKennie (88.).

### Dominos-deild kvenna

**Haukar - KR 59-67**
**Haukar:** LeLe Hardy 28/15 fráköst, Magdalena Gísladóttir 9, Rósa Björk Pétursdóttir 8, Þóra Kristín Jónsdóttir 5/7 fráköst, Eva Margrét Kristjánsdóttir 3, Bríet Lilja Sigurðardóttir 2, Anna Lóa Óskarsdóttir 2, Sigrún Björg Ólafsdóttir 2.
**KR:** Kiana Johnson 32, Orla O'Reilly 14/10 fráköst, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 6, Perla Jóhannsdóttir 5, Unnur Tara Jónsdóttir 4/11 fráköst, Ástrós Lena Ægisdóttir 4, Vilma Kesanen 2.

**Keflavík - Stjarnan 71-79**
**Keflavík:** Brittanny Dinkins 27/9 fráköst, Birna Valgerður Benónýsdóttir 11, Bryndís Guðmundsdóttir 10/11 fráköst, Embla Kristínardóttir 6, Katla Rún Garðarsdóttir 5, Irena Sól Jónsdóttir 5, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 3, Erna Hákonardóttir 2, Telma Lind Ásgeirsdóttir 2.
**Stjarnan:** Danille Rodriguez 36/8 fráköst/11 stoðsendingar, Maria Palacios 23, Alexandra Eva Sverrisdóttir 7, Ragnheiður Benónísdóttir 6/14 fráköst, Bríet Sif Hinriksdóttir 5, Sólrún Sæmundsdóttir 2.

**Valur - Skallagrímur 71-51**
**Valur:** Brooke Johnson 20/16 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 18/11 fráköst, Bergþóra Holton Tómasdóttir 14, Ásta Júlía Grímsdóttir 11, Simona Podesvova 6/8 stoðsendingar, Dagbjört Samúelsdóttir 2/9 fráköst.
**Skallagrímur:** Shequila Joseph 17/17 fráköst, Bryesha Blair 13, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 8, Maja Michalska 6, Karen Dögg Vilhjálmsdóttir 5, Árnína Lena Rúnarsdóttir 2/8 fráköst

**Breiðablik - Snæfell 80-93**
**Breiðablik:** Bryndís Hanna Hreinsdóttir 21/6 stoðsendingar, Kelly Faris 20/9 fráköst, Sóllilja Bjarnadóttir 13, Erna Freydís Traustadóttir 9, Isabella Ósk Sigurðardóttir 9/18 fráköst, Eyrún Ósk Alfreðsdóttir 4, Anita Rún Árnadóttir 2, Þórdís Jóna Kristjánsdóttir 2
**Snæfell:** Kristen Denise McCarthy 34/16 fráköst, Angelika Kowalska 17/11 fráköst, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 14, Gunnhildur Gunnarsdóttir 11/10 fráköst, Rebekka Rán Karlsdóttir 7, Katarina Matijevic 6/7 fráköst, Heiða Hlín Björnsdóttir 4.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 4. OKTÓBER 2018



# Heillandi borgarferðir með Icelandair

Á haustin er tilvalið að skreppa til útlanda og upplifa eitthvað nýtt og spennandi. Icelandair býður glæsilegt úrval áfangastaða þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Aldrei hefur verið auðveldara að skoða, bóka og njóta með Icelandair.

Icelandair býður upp á úrval spennandi og skemmtilegra áfangastaða í Evrópu og Bandaríkjunum. París er til að mynda kjörborg heimsborgara og elskenda.

**Acid Soothe**
- ertu með brjóstsviða?







Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Framhald af forsíðu ➺

### Hjólaferðir, háhýsi og fjölbreytt menningarlíf

„Chicago er uppáhaldsborgin mín því að hún hefur upp á svo margt að bjóða: góða stemningu, fjölbreytt menningarlíf og flottan arkitektúr. Þar er enn fremur gott úrval veitingastaða og verslana. Borgin er hrein og græn miðað við stórborg, auk þess sem heimamenn eru kurteisir og þægilegir,“ segir Stella Ólafsdóttir, flugstjóri hjá Icelandair. „Ég hef komið þangað nokkrum sinnum – fyrst þegar Icelandair byrjaði að fljúga þangað aftur árið 2016. Ég man að ég hugsaði þá að borgarferð til Chicago hentaði öllum, hvort heldur sem væri fjölskyldum, pörum eða vinahópum. Fyrir þá sem eru að koma í fyrsta sinn mæli ég með því að taka daginn snemma og fara í klassískan amerískan morgunmat á Wildberry Pancakes við Millennium Park og þaðan að Cloud Gate (Bauninni). Svo myndi ég leigja hjól þar og hjóla um borgina að Michigan-vatni. Þaðan er flott útsýni yfir skýjakljúfana. Næst færi ég í hádegismat á Le Pain Quotidien. Einnig mæli ég með siglingu um borgina. Yfirleitt er mikið um að vera í Chicago og gott að vera búinn að kynna sér hvað er í boði af leiksýningum og tónleikum. Annars er alltaf gaman að fara á uppistand, til dæmis í Chicago's Second City.“

*Hvað finnst þér ómissandi að gera í Chicago?*

„Ef ég er í vinnunni finnst mér nauðsynlegt að slaka á með göngutúr um græn svæði borgarinnar, til dæmis Millennium, Maggie Daley eða Grant. Eins finnst mér gaman að hjóla við Michigan-vatn – jafnvel skreppa á ströndina þar. Í Chicago er gríðarlegt úrval flottra og skemmtilegra veitingastaða. Mér finnst alltaf skemmtilegt að fara upp í háhýsi þegar ég heimsæki stórborgir og mæli því með kaffibolla eða drykk á Signature Room, The Wit, Drumbar og Cindy's. Þannig slærðu tvær flugur í einu höggi: færð flott útsýni og hvílir fæturna eftir borgarröltið. Við verslunargötuna Michigan Avenue, oft kölluð Magnificent Mile, finnur maður allt það helsta – henni svipar til 5th Avenue í New York. Við State Street eru síðan stærri verslanir með ódýrari varning.

*Hvaða minjagrip tækir þú með þér frá borginni?*

„Ég myndi helst ekki kaupa neitt – góðar minningar og nokkrar myndir duga mér. Sennilega myndi ég kaupa klassíska Jordan-treyju fyrir körfuboltamanneskjuna í fjölskyldunni,“ segir Stella að lokum.



„Chicago er hrein og græn miðað við stórborg, auk þess sem heimamenn eru kurteisir og þægilegir,“ segir Stella Ólafsdóttir, flugstjóri hjá Icelandair.

### Frummynd allra borga

„París er uppáhaldsborgin mín þar sem móðir mín er frönsk og ég var þar við nám í mörg ár. Ég elska sennilega París svona heitt því að föðurættin mín er að norðan, frá Dalvík. Sem barn fannst mér dásamlegt að hlaupa úti á túni í Svarfaðardalnum og vera síðan allt í einu mætt í Orsay-safnið með mömmu að skoða meistaraverk Renoir. Í mínum huga hefur París alltaf verið frummynd allra borga,“ segir Lea Gestsdóttir Gayet, almannatengill fyrir Vestur-Evrópusvæði Icelandair. „Ég bjó þar í um 15 ár og á þar nú litla íbúð sem ég elska. Þannig er auðvelt fyrir mig að skreppa út þegar ég sakna borgarinnar um of.“

Í París finnst Leu ómissandi að labba meðfram Le Canal Saint Martin með vinum sínum og ræða stjórnmál, lífið og allt þar á milli. „Svo fær maður sér sæti á kaffihúsi og fylgist með mannlífinu. Ég elska klæðaburð Parísarbúa, en kjörorð franskrar tísku er less is more. Ég elska líka að fara í bíó þar sem framboðið er svo fjölbreytt. Svo setja almenningsgarðarnir sterkan svip á borgina, til dæmis Le Parc des Buttes-Chaumont og Le Jardin des Plantes. Ég nýt þess að heimsækja Versali eða fá mér te í arabíska menningarsetrinu Institut du monde arabe. Rodin-safnið og garðurinn standa líka alltaf fyrir sínu,“ greinir Lea frá og bætir við að spennandi kaffihús sé að finna í 10., 11., 19. og 20. hverfi. Þau séu laus við ferðamenn og því hægt að sjá daglegt líf Parísarbúa. „Les Parigots, Chez Prune og Le Jaures Café eru mjög hefðbundnir staðir heimamanna. Svo er ágætt að kíkja út á lífið á Le Point F og fá sér kokteil á Le Comptoir Général. Einnig mæli ég með La Vue í Hyatt Regency turninum.“

*Hvar finnst þér best að versla í París?*

„Mér finnst best að versla á götunum í kringum La République. Þar eru outlet-verslanir merkja sem allar Parísardömur elska: Les Petites, Maje, Comptoir des Cotonniers og Sandro. Stærri verslunarmiðstöðvar eru til dæmis Chatelet og La Défense.“

Að lokum kveðst Lea ávallt mæla með að gestir Parísarborgar kaupi eintak af Veislu í farangrinum (A Moveable Feast) eftir Ernest Hemingway þar sem hann lýsi borginni best að hennar mati. „Það er líka gaman að kaupa rauðvín til að drekka heima á Íslandi. Svo er ágætt að eiga ljúfa tóna, nokkur lög með Edith Piaf eða Jacques Brel. Svo er auðvitað alltaf vinsælt að kaupa sér lítinn Eiffelturn.“



„Tenging við danska menningu lætur manni alltaf líða vel í Kaupmannahöfn,“ segir Lára Margrét Möller, vörumerkjastjóri hjá Icelandair. MYND/ANTON BRINK



París er mekka menningar og lista að sögn Leu Gestsdóttur Gayet, almannatengils fyrir Vestur-Evrópu hjá Icelandair.

> Það er gaman að kaupa rauðvín til að drekka heima á Íslandi og svo er auðvitað alltaf vinsælt að kaupa sér lítinn Eiffelturn.
>
> Lea Gestsdóttir Gayet

### Falleg dönsk hönnun besti minjagripurinn

„Kaupmannahöfn er þessi fullkomna blanda af stórborg en hefur á sama tíma sjarma á við smábæ,“ segir Lára Margrét Möller, vörumerkjastjóri hjá Icelandair, sem var búsett þar í sjö ár. „Þangað er svo margt að sækja – í raun eitthvað fyrir alla sem vilja fara í borgarferðir. Góðir verslunarmöguleikar, margir góðir veitingastaðir, krúttlegar götur og hverfi, fallegir garðar, listasöfn og markaðir. Það hversu Íslendingar tengjast danskri menningu og sögu með svo sterkum hætti gerir það að verkum að manni líður vel í hvert sinn sem maður fer til Kaupmannahafnar. Síðan er svo auðvelt að komast á milli staða í borginni, hvort sem það er með því að leigja hjól, taka strætó eða fara með neðanjarðarlest.“

*Hvert er best geymda leyndarmál borgarinnar?*

„Værnedamsvej, eða litla París eins og hún er stundum kölluð, er lítil gata í 15 mínútna göngufjarlægð frá miðbænum og að mínu mati ein huggulegasta gata Kaupmannahafnar. Þar er að finna nokkra franska veitingastaði, kaffihús og markaði. Þar eru oft markaðir um helgar og einn besti morgunverðarstaður Kaupmannahafnar, Granola. Annað leyndarmál er rooftop-barinn á hótelinu Manon Les Suites Guldsmeden. Ég fer þangað í hvert sinn sem ég fer til Kaupmannahafnar og sit og sötra freyðivín þar til sólin sest.“

Aðspurð um bestu veitingastaðina segist Lára alltaf mæla með með pitsustaðnum Mother í Kødbyen, gamla kjötiðnaðarhverfinu sem núna er orðið hip og kúl veitingastaða- og klúbbahverfi. „Ef þig langar í alvöru steik mæli ég með Mash og Retour Steak í miðbæ Kaupmannahafnar. Svo er alltaf gaman að fara í Torvehallerne og borða smurbrauð, sushi eða annað léttmeti á meðan maður fylgist með mannlífinu. Loks mæli ég með Les Trois Cochons á Værnedamsvej.“

Lára kveðst versla langmest í miðbænum. „Ég er minnst á Strikinu og mæli frekar með að rölta Købmagergade og hliðargöturnar út frá henni. En fjarri miðbæjarönglþveitinu mæli ég með Gammel Kongevej á Frederiksberg og Frederiksberg Center, gríðarlega flottri og stórri verslunarmiðstöð. Aðeins dýrari verslanir er að finna í Hellerup, sem er skemmtilegt hverfi að rölta um og skoða fínu húsin. Ég tel að falleg dönsk hönnun sé besti minjagripurinn, til dæmis frá Illums Bolighus. Ég held að næst kaupi ég mér einhvern lítinn hlut í íbúðina mína sem minnir mig á gamla heimilið mitt, Köben.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Sólveig Gísladóttir,** solveg@frettabladid.is s. 512 5351 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 512 5347 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 512 5442, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429,


YFIRHAFNADAGAR
20%
afsláttur af völdum yfirhöfnum
Ullar/kashmír kápa
~~Verð 33.980~~
Tilboðsverð 27.184
Margir litir
hjá Hrafnhildi
Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

# Fetar í fótspor mömmu

Fyrirsætan Kaia Gerber hefur verið áberandi á tískupöllum heimsins síðustu misseri. Hún er dóttir ofurfyrirsætunnar Cindy Crawford og þykir ekkert gefa henni eftir í glæsileik eins og sjá mátti á tískuvikunni í París.

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Ekki er langt síðan hin 17 ára Kaia Gerber steig sín fyrstu spor á tískupöllunum. Þó hefur hún verið lengi í bransanum. Landaði til dæmis fyrsta fyrirsætuverkefni sínu tíu ára gömul fyrir Young Versace línuna. Hún hefur setið fyrir í tímaritum á borð við Vogue, Teen Vogue og Pop Magazine. Þá hefur hún einnig reynt fyrir sér í leiklist en hún lék 15 ára gömul í Sisters Cities.

Kaia þykir sjálf á góðri leið með að fá ofurfyrirsætutitil líkt og móðir hennar, Cindy Crawford. Hún tók þátt í sinni fyrstu tískusýningu í fyrra fyrir Calvin Klein og hefur síðan sýnt fyrir merki á borð við Saint Laurent, Fendi, Miu Miu, Prada, Moschino og Alexander Wang. Mæðgurnar komu síðan saman fram á Versace-sýningu. Hún sat ein fyrir á forsíðu franska Vogue í febrúar.

Kaia var áberandi á tískuvikunni í París nýverið og eru allar myndirnar af henni þaðan.



Isabel Marant.




Chanel.



Valentino.



Stella McCartney.




KRINGLUKAST

20-40%

Afsláttur af öllum vörum

PEYSUR Á

7.990

COSMO

Kringlunni



Fyrirsæturnar röltu í fjörunni.

# Pamela á ströndinni

Tískusýning Chanel á tískuvikunni í París olli ekki vonbrigðum frekar en endranær. Sýningin var haldin í Grand Palais sýningarhöllinni eins og svo oft áður en í þetta sinn var henni umbreytt í strönd og bláan himin. Fyrirsæturnar gengu berfættar í sandinum og sulluðu í flæðarmálinu meðan ljúfar öldur gengu yfir tær þeirra.



Grand Palais sýningarhöllinni var breytt í strönd með sjávarsýn á allar hliðar. Öldur gljáfruðu og strandverðir fylgdust með af sérstökum pöllum. NORDICPHOTOS/GETTY

Ströndin var römmuð inn með máluðum bláum himni sem minnti nokkuð á kvikmyndina Truman Show enda var talið að Karl Lagerfeld væri með þessu að búa til heim til að skýla áhorfendum fyrir öllu áreiti og leiðindum raunveruleikans.

Fjölmargar frægar stjörnur fylgdust með sýningunni. Ein vakti hvað mesta athygli, Strandvarðagellan fyrrverandi Pamela Anderson. Hún rifjaði upp gamla takta og hljóp berfætt um Chanel-ströndina, þó ekki í rauða sundbolnum heldur klædd frá toppi til táar í hvítar Chanel-flíkur. Anderson þykir orðin æði Parísardömuleg en hún hefur uppfært stíl sinn nokkuð síðustu mánuði, eða eftir að hún tók saman við franska fótboltamanninn Adil Rami.



Pamela Anderson rifjaði upp gamla takta og rölti berfætt í sandinum. Rauði sundbolurinn var þó víðs fjarri en hún klæddist hvítri Chanel-dragt.

# Jólin nálgast með lakkrís

Það styttist í jólin. Margir hafa gaman af því að setja upp fjölskyldudagatal og telja dagana niður. Jóladagatalið frá Lakrids by Johan Bülow er ákaflega vandað og gefur ljúffenga lakkrísupplifun hvern dag í desember. Lakkrísinn getur verið með súkkulaði, saltkaramellu, kaffi eða einhverju öðru skemmtilegu bragði. Það er verslunin Epal sem selur lakkrísdagatalið hér á landi og er það þegar komið í forsölu og verður afhent um miðjan október. Veittur er 10% afsláttur í forsölu. Danska fyrirtækið Lakrids by Johan Bülow sérhæfir sig í framleiðslu á handgerðum gæðalakkrís. Lakkrísinn er glútenlaus og án allra aukaefna og er því góður kostur fyrir þá sem vilja gera vel við sig. Lakkrísinn frá Johan Bülow hefur notið mikilla vinsælda hérlendis og er hann líklega einn besti lakkrís sem hægt er að finna. Þar fyrir utan eru umbúðirnar fallegar og því er þetta falleg gjöf til góðra vina eða ættingja. Nánar má lesa um lakkrísdagatalið á epal.is.




Lakkrísdagatalið kemur í smekklegum umbúðum.














Margrét Dórothea Jónsdóttir með burstasafnið sitt góða en hún segir nauðsynlegt að eiga fleiri en færri. MYNDIR/ERNIR

# Förðunarburstar við flest tækifæri

Margrét Dórothea Jónsdóttir förðunarfræðingur er ákafur safnari förðunarbursta. Hún var til skamms tíma áskrifandi að burstum og hætti því eingöngu vegna plássleysis en ekki af því að hún væri komin með nóg.

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Ég lærði förðun 2013 í Mood Makeup School og fékk þá töluvert safn af burstum í byrjunarsetti," segir Margrét aðspurð um hvenær burstaáhuginn hafi kviknað. „Verandi nördinn sem ég er þurfti ég alltaf að bæta aðeins við. Svo var mér bent á síðu þar sem hægt var að vera í áskrift að burstum og fékk þá pakka með þremur til fimm burstum á mánuði. Ég vissi aldrei hvað ég fengi en það var alltaf eitthvað skemmtilegt. Og þannig má segja að ég hafi misst stjórnina."

Margrét Dórothea á eitthvað um hundrað bursta í dag. „Ég er bara með eitt andlit svo ég nota ekkert of marga bursta á sjálfa mig en þegar ég fæ verkefni þá er alltaf gott að eiga fleiri en færri bursta." Hún flokkar förðunarbursta gróflega í þrjá flokka, fyrir andlit, augu og varir, sem skiptast svo í undirflokka eftir því hvort þeir eru notaðir í þurrt efni eins og púður eða blautt efni eins og krem. „Ef það er eitthvað sem mér finnst ég aldrei eiga nóg af eru það góðir blöndunarburstar fyrir augnskugga. Þegar ég farða sjálfa mig hversdags þá eru þetta fimm, sex burstar í grunnförðun og þá er ég búin en þegar ég er að fara á svið, til dæmis á burlesque-sýningum, þá nota ég svona fimmtán bursta bara á augun. Þá er ég með bursta fyrir grunnlit, tilfærslu, skyggingu, aðallit og alltaf hreinan bursta á milli til að blanda ef ég vil hafa þetta virkilega áferðarfallegt. Það er hægt að nostra endalaust ef maður gefur sér tíma og það er langskemmtilegast."

Hún segir að góður bursti þurfi að hafa ákveðna eiginleika. „Það skiptir máli hvernig hann tekur upp litinn og dreifir úr honum og líka að hann dragi ekki í sig of mikið af farða. Og að hann búi til sléttan og fallegan grunn, dragi úr misfellum í stað þess að ýkja þær. Sumir burstar eru betri í ákveðin verk en ég hef mest gaman af burstum sem hægt er að nota í ýmislegt, allt eftir því hvernig áferð þú vilt ná fram."



Mikilvægt er að þrífa burstana vel með mildri sápu eða sjampói, einkum þá sem notaðir eru í blautfarða þar sem annars er hætta á bakteríusýkingum.

Margrét segir breytilegt hvaða bursti sé í mestu uppáhaldi. „Núna er það bursti á stærð við kinnina á mér sem ég nota í sólarpúður og þarf bara rétt að sópa yfir andlitið. Ég fékk hann í einum af síðustu burstaáskriftarpökkunum áður en ég sagði upp áskriftinni. Sem ég gerði eingöngu vegna plássleysis, ekki af því mig langaði ekki í fleiri bursta. En mér finnst líka gaman að pínulitlum nákvæmnisburstum sem ég nota í smáatriði eins og að gera glimmermynstur fyrir burlesquesýningar."

Hún leggur mikla áherslu á mikilvægi þess að hirða burstana sína vel. „Það þarf að þvo þá reglulega upp úr mildu sjampói eða burstasápu, sérstaklega þá sem fara í blaut efni því annars safnast bakteríur í þá sem fara beint í húðina. Ég var einmitt að kaupa mér sílíkonmottu til að auðvelda þrifin því ég hef annars notað lófann á mér til að snúa þeim á og þegar verið er að þrífa þrjátíu bursta þannig er hætta á húðpirringi."

Fram undan er mikil burstaveisla á laugardaginn þegar burlesque-hópur Margrétar, Dömur og herra, er með sýningu. „Mér finnst alltaf gaman að geta gefið félögum mínum í burlesquinu góð ráð varðandi förðun og svo njóta þau góðs af mikilli söfnunaráráttu minni, til dæmis hefur varalitasafnið mitt oft komið í góðar þarfir. Ég reikna með að aðstoða þau fyrir sýninguna okkar á laugardaginn í Secret Cellar. Sýningin snýst um bíómyndir svo við verðum öll að vera æðisleg."

Hægt er að verða áskrifandi að burstum á liveglam.com. Nánari upplýsingar um Bíó-Burlesque eru á tix.is.

# BÓNUS®

Hágæða **ÍSLENSK** Repjuolía




**579** kr. 500 ml

**Sandhóll Repjuolía**
Extra Virgin olía, 500 ml

NÝTT Í BÓNUS




**479** kr. 1 kg

**Sandhóll Haframjöl**
1 kg

NÝTT Í BÓNUS




**479** kr. 1 kg

**Sandhóll Tröllahafrar**
1 kg

ÍSLENSKT
gjörið svo vel




**359** kr. 125 g

**Lambhaga Bónusblanda**
125 g



**298** kr. kg

**Rófur**
Ný uppskera



**359** kr. 500 g

**Leynir Gulrætur**
Ný uppskera, 500 g

Verð gildir til og með **7. október** eða meðan birgðir endast

KJARNAFÆÐI

ÍSLENSKT Lambakjöt

Af nýslátruðu 2018



**2.098 kr. kg**

**Kjarnafæði Lambahryggur**
Lundarpartur, af nýslátruðu



**1.998 kr. kg**

**Kjarnafæði Lambahryggur**
Heill, af nýslátruðu



**1.259 kr. kg**

**Íslandslamb Lambalæri**
Sérskorið, af nýslátruðu

Aðeins 798kr pr. kg



**958 kr. 1,2 kg**

**Stjörnugrís Grísahakk**
1,2 kg

SAMA VERÐ UM LAND ALLT

Lúxus PÖRUSTEIK



**1.298 kr. kg**

**Stjörnugrís Pörusteik**
Úrbeinuð, af nýslátruðu

Íslenskt grísakjöt AF NÝSLÁTRUÐU



**1.298 kr. kg**

**Stjörnugrís Grísahnakki**
Úrbeinaður, af nýslátruðu

Verð gildir til og með 7. október eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Íslenskur
**KJÚKLINGUR**
á góðu verði




**669** kr. kg

**Bónus Kjúklingaleggir**
Ferskir




**679** kr. kg

**Bónus Kjúklingur**
Ferskur, heill






**1.398** kr. kg

**Brauðostur**
26%

330g




**598** kr. 330 g

**OS Brauðostur**
26%, í sneiðum, 330 g

500g




**898** kr. 500 g

**OS Samlokuostur**
Í sneiðum, 500 g

MYLLAN
ALLTAF NÝ BAKAÐ




**298** kr. 770 g

**Myllu Heimilisbrauð**
770 g

4 kubbar




**259** kr. 4 stk.

**Bónus Kjarnakubbar**
4 stk. í poka

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**98**
kr. 500 ml

**Egils Kristall**
Sítrónubragð, 500 ml

ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA




**698**
kr. ks

**Pepsi og Pepsi Max**
10x330 ml

ÍSLENSKT
gjörið svo vel

LÁGT VERÐ




**698**
kr. stk.

**Bónus Þorskalýsi**
500 ml




**798**
kr. pk

**Lýsi Heilsutvenna**
32 dagskammtar




**1.398**
kr. 150 stk.

**Lýsi Omega3 Forte**
150 töflur

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00
**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00




B.

BRANDTEX

Kringlan | Sími: 5582800 | Brandtex Ísland | www.brandtex.is

CISO SIGNATURE B. BRANDTEX IMITZ JENSEN




GUERLAIN KYNNING Í SIGURBOGANUM 4.–6. OKTÓBER

Við kynnum til leiks nýtt serum frá Guerlain sem er nýjung á markaði!

Guerlain-sérfræðingur verður á staðnum og veitir persónulega ráðgjöf.

20% afsláttur af öllum vörum frá Guerlain meðan á kynningu stendur

SIGURBOGINN











Lil Miquela hefur starfað með tónlistarmanninum Baauer, sem er þekktastur fyrir lagið Harlem Shake. INSTAGRAM/LILMIQUELA

# Áhrifavaldurinn sem ekki er raunverulegur

**Lil Miquela hefur vakið athygli á Instagram þar sem hún birtir myndir af sér og úr daglegu lífi. Miquela er ekki lifandi manneskja heldur listverkefni sem margir skilja ekki.**

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Miquela Sousa er fyrirsæta og tónlistarkona frá Kaliforníu sem hefur 1,4 milljónir fylgjenda á Instagram. Miquela byrjaði á Instagram árið 2016 og hefur birst á myndum með alls konar frægu þotuliði og fengið umfjöllun hjá mörgum stórum miðlum. Hún gaf fyrsta lagið sitt út í fyrra og í febrúar síðastliðnum tók hún yfir Instagram-reikning Prada á tískuvikunni í Mílanó. Velgengni Miquelu er aðdáunarverð, en kannski enn merkilegri af því að Miquela er ekki til í alvörunni.

Miquela, betur þekkt sem Lil Miquela, er skálduð persóna og stafrænt listaverkefni eftir Trevor McFedries og Söru Decou. Instagram-reikningur hennar sýnir hefðbundna glansmynd af hversdagslegu lífi. Þar birtast myndir af henni þar sem hún nýtur lífsins með vinum sínum, klæðist nýjum og fínum tískufatnaði og lýsir yfir stuðningi við ýmis samfélagsleg baráttumál. Þar er líka sagt frá skálduðum samskiptum hennar við aðrar stafrænar Instagram-persónur sem voru skapaðar af McFedries og Decou.

Margir hafa velt fyrir sér hver hugmyndin eða tilgangurinn með verkefninu sé. Fólk hefur ýmist hrósað útliti hennar eða gagnrýnt það, sumir hafa velt upp þeim möguleika að þetta sé einhvers konar félagsleg tilraun, aðrir telja þetta vera markaðsherferð fyrir The Sims-tölvuleikina og það var líka orðrómur á kreiki um að breska fyrirsætan Emily Bador væri Miquela, því að þær eru mjög líkar.

Þrátt fyrir að hún sé ekki raunveruleg hafa verið sögusagnir um að Miquela sé í sambandi með tónlistarmanninum Noah Gersh og aðrir vilja meina að hún sé í raun vélmenni, en Miquela „segir sjálf“ að hún sé vélmenni sem hugsar sjálfstætt.

Það er hægt að finna Miquelu á Instagram undir nafninu lilmiquela og tónlistin hennar er aðgengileg á Spotify.



Lil Miquela á góðri stundu með „vinkonu“ sinni. INSTAGRAM/LILMIQUELA



Á Instagram-reikningi Lil Miquela er mikið af tískumyndum af henni.



Lil hefur vakið mikla athygli á Instagram, en veldur mörgum líka miklum heilabrotum. INSTAGRAM/LILMIQUELA



Stærðir
36-56
20-50% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM DAGANA 4-8.OKT
á Kringlukasti í Kringlunni, á Dömulegum dekurdögum á Glerártorgi og á www.zikzakverslun.is
ZIKZAK
TÍSKUHÚS
TÚNIKA
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
st.36-54
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st.S-XXXL
BOLUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
st.36-48
TÚNIKA
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st.36-48
SKYRTA
ÁÐUR 7.990
NÚ 3.990
st.S-XXXL
BOLUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st.S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
st.S-XXXL
KJÓLL
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st.S-XXXL
SKOKKUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st.S-XXXL
BOLUR
ÁÐUR 1.990
NÚ 1.590
st.S-XXXL
ÚLPA
ÁÐUR 16.990
NÚ 12.990
st.36-56
www.zikzakverslun.is
Tískuhús Zik Zak
Kringlan 551-1314
Glerártorg 559-1314
SKOÐAÐU LAGERSÖLU ZIKZAK Á WWW.ZIKZAKVERSLUN.IS
AÐEINS Í VEFVERSLUN
ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
VERÐ FRÁ
590kr

# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Til sölu

**TIL SÖLU**

**Úlfur í sauðagæru**



BMW X5 40D M Sport, smíðaárgerð 2013 nýskráður 11/12. Ekinn 99 þús km. Allir hugsanlegir aukahlutir, mjög vel með farinn. Stærri vélin, fjölskyldubíll en úlfur í sauðagæru.
**Verð 5.950.000.**

**Upplýsingar á grenivellir@gmail.com**




## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensinvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrir litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 209.000,-

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**




## Viðgerðir




## Þjónusta

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Spádómar

**661 3839 - SÍMASPÁ**
Opið frá kl. 15 alla daga.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
**Tímapantanir í síma 864-1273**

## Keypt & Selt

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Skólar & Námskeið

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500




# Atvinna

## Atvinna í boði

Stýrimaður óskast á Friðrik Sigurðsson ÁR 17 Uppl í síma: 4833548 email: sigrun@hafnarnesver.is

Gæðastál ehf óskar eftir starfsmanni í fjölbreytt verkefni. Mikil vinna framundan. Uppl. S:699-6867

## Þjónusta




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

**Bílvogur eh/f**

Bifreiðaverkstæði
Auðbrekka 17
200 Kópavogi

Láttu okkur gera bílinn kláran fyrir veturinn.

Yfir 30 ára reynsla í öllum almennum bílaviðgerðum og smurþjónustu.

Sími 564 1180 • bilvogurmot@simnet.is • www.bilvogur.is

**EYJALIND** GRAMMER

Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta



Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Ferðaþjónustuhús**



Vönduð hús sem henta vel í ferðaþjónustuna, afhendast fullkláruð.

Nánari uppl. reisum@simnet.is eða í síma 899 0913 Fríða www.reisum.is

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR

SMIÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

**viftur.is**

Viftur ● Blikkrör ● Aukahlutir

**íshúsið**



S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

**Geymsluskúrar /gestahús til sölu**



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bárustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari uppls; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

**Við sérhæfum okkur við heimilisþrif, húsfélög og fyrirtækjaþrif.**

Hægt að panta tíma á hofdabon.is

Höfðabón ehf
Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

HÖFÐABÓN

HÖFÐABÓN

**BÓN OG ÞVOTTUR**

Hægt að panta tíma á hofdabon.is

Höfðabón ehf • Dugguvogi 10 (bakvið húsið)
S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

*Snyrti & nuddstofan Smart*

Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ



Alltaf frábær tilboð í gangi hjá okkur!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

*Verið hjartanlega velkomin.*

Tímapantanir í s. 789 3031 & 897 3035 • helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

# Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is gudruninga@frettabladid.is

## Fasteignir





Í byggingu vel skipulagt og fallegt einbýlishús
Staðsett í botnlanga á útsýnisstað í Urriðaholti
Húsið er staðsteypt á tveimur hæðum um 245 fm
Glæsileg alrými og 4-5 svefnherbergi
Húsið afhendist fokhelt að innan eða skv samkomulagi



Nánari upplýsingar veitir:
**Atli S. Sigvarðsson** lögg. fasteignasali
atli@miklaborg.is **sími:** 899 1178

Verð :
**97,0 millj.**

FASTEIGNASALAN MIKLABORG **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

HÖFÐI FASTEIGNASALA
**Suðurlandsbraut 52**
**108 Reykjavík**
**Sími 533 6050**
**Faxnr. 533 6055**
**www.hofdi.is**

### Hólaberg 72 – 111 Reykjavík








**OPIÐ HÚS! Í dag milli kl. 17:30 og 18:00**

**ENDARAÐHÚS Á TVEIMUR HÆÐUM 148,1 FM ÁSAMT BÍLSKÚR, FJÖGUR SVEFNHERBERGI.**
Rúmgóðar stofur, nýlegt eldhús og baðherbergi. Fjögur góð svefnh. eru á efri hæðinni. Nýtt gler var sett í húsið árið 2013. Sólpallar bæði fyrir framan og aftan húsið. **Ásett verð 55,8 millj.**
**Sjón er sögu ríkari og verið velkomin í opið hús!**
**– Ekki missa af þessari!**

**Allar nánari uppl. veitir**
**Jóhann Friðgeir, lögg.fast.**
**s: 896-3038 eða á johann@hofdi.is**


Jóhann Friðgeir Valdimarsson






Náðu meiri árangri
í samningaviðræðum

Námskeið í samningatækni

HAGVANGUR

hagvangur.is

# HM kostaði KSÍ tæpan milljarð

**FÓTBOLTI** Kostnaður við þátttöku íslenska karlalandsliðsins í fótbolta á HM í Rússlandi var tæpur milljarður, eða 903 milljónir króna. Þetta kemur fram í fundargerð KSÍ frá stjórnarfundi 25. september.

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, kynnti drög að uppgjöri eftir HM í Rússlandi. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir því að kostnaðurinn við þátttöku Íslands á HM væri 914 milljónir. Miðað við bráðabirgðauppgjör er kostnaðurinn hins vegar um 903 milljónir. Stjórn KSÍ lýsti yfir ánægju með vandaða fjárhagsáætlun fyrir HM.

Á stjórnarfundinum kynnti Klara einnig drög að sex mánaða uppgjöri KSÍ. Samkvæmt því eru rekstrargjöld 40% af áætlun ársins. Stórir útgjaldaliðir falla þó á seinni hluta ársins. **– iþs**



**Steve Bruce stýrði Aston Villa í tvö ár.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Stjóri Birkis fékk sparkið

**FÓTBOLTI** Aston Villa rak í gær Steve Bruce úr starfi knattspyrnustjóra liðsins. Bruce keypti Birki Bjarnason til Villa í byrjun árs 2017, nokkrum mánuðum eftir að hann tók við liðinu.

Villa hefur ekki vegnað vel í upphafi tímabils og hefur aðeins unnið þrjá af fyrstu ellefu leikjum sínum í ensku B-deildinni.

Bruce stýrði Villa í síðasta sinn þegar liðið gerði 3-3 jafntefli við Preston á heimavelli í fyrradag. Glenn Whelan fékk tækifæri til að tryggja Villa sigurinn í uppbótartíma en klúðraði vítaspyrnu. Reiður stuðningsmaður Villa kastaði kálhaus í áttina að Bruce á meðan á leiknum í fyrradag stóð. **– iþs**

# Logi hættur með Víking

**FÓTBOLTI** Í gær var tilkynnt að stjórn knattspyrnudeildar Víkings R. og Logi Ólafsson hefðu komist að samkomulagi um starfslok.

Logi tók við Víkingi vorið 2017 af Milos Milojevic sem hætti skyndilega eftir þrjár umferðir. Var þetta í annað skiptið sem Logi stýrði liði Víkings á þjálfaraferlinum en hann færði Víkingum síðasta Íslandsmeistaratitil félagsins í fótbolta árið 1991.



Undir stjórn Loga hélt Víkingur sæti sínu í Pepsi-deildinni tvö ár í röð en árangurinn í ár var örlítið lakari en í fyrra og lenti liðið í 9. sæti að þessu sinni með 25 stig, tveimur stigum minna en fyrir ári. **– kpt**

# Kristófer sneri sig á ökkla

**KÖRFUBOLTI** Kristófer Acox, landsliðsmaður í körfubolta, hefur ekki átt sjö dagana sæla síðan hann kom til franska B-deildarliðsins Denain Voltaire í sumar.

Hann hefur glímt við veikindi í maga undanfarna viku. Eftir að hafa hrist magakveisuna af sér mætti hann á æfingu með liðinu í gær og sneri sig þar illa á ökkla. Kristófer er ekki brotinn en hlaut slæma tognun og er bæði marinn og illa bólginn.

Hann verður frá næstu þrjár vikurnar vegna þessara meiðsla og missir af leikjum liðsins í riðlakeppni í franska bikarnum sem fram fara á föstudaginn og þriðjudaginn.

Þá missir hann af fyrsta deildarleik liðsins sem leikur í frönsku B-deildinni en stefnir á að vera orðinn klár í tæka tíð fyrir annan deildarleik liðsins þar á eftir.

Kristófer, sem er 24 ára, varð Íslandsmeistari með KR á síðasta tímabili. Hann var bæði valinn besti leikmaður Domino's deildarinnar og besti leikmaður úrslitakeppninnar. Eftir tímabilið ákvað hann að reyna fyrir sér í Frakklandi. **– hó**



**Kristófer í leik með íslenska landsliðinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



## Merkisatburðir

**1799** Sveinn Pálsson er skipaður fjórðungslæknir í Sunnlendingafjórðungi.

**1908** Þórhallur Bjarnarson er vígður biskup Íslands. Hann var áður forstöðumaður Prestaskólans.




**1911** Kennsla hefst í **Háskóla Íslands.**



**1957** Sovétmenn skjóta geimfarinu Spútnik 1 á loft.

**1970** Rauðsokkahreyfingin er stofnuð á Íslandi.

**1975** Fjölbrautaskólinn í Breiðholti hefur starfsemi sína.

**1984 Allsherjarverkfall BSRB hefst.** Áhrif þess eru víðtæk, skólar loka, strætisvagnar ganga ekki og Ríkisútvarpið sendir lítið sem ekkert út.

**1992** Sextán ára langri borgarastyrjöld í Mósambík lýkur með undirritun friðarsamnings í Róm.



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Gylfi Matthíasson**

verktaki,
Hofslundi 1, Garðabæ,

lést mánudaginn 1. október.
Útför auglýst síðar.

**Kristín Sveinbjarnardóttir**
**Sigurður, Erla og Þórdís**
**og fjölskyldur þeirra.**



✝

Elskulegur bróðir okkar,

**Haraldur Örn Haraldsson**

Stigahlíð 71, Reykjavík,

sem lést 28. september sl. verður jarðsunginn frá Garðakirkju mánudaginn 8. október kl. 13. Blóm eru vinsamlegast afþökkuð, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**F.h. aðstandenda,**

**Sigurður Haraldsson**
**Þóra Haraldsdóttir**
**Haukur Már Haraldsson**



✝

Elsku eiginmaður minn, faðir okkar og afi,

**Jóhann Ó. Bjarnason**

Svarfaðarbraut 26, 620 Dalvík,

lést þann 20. september á Sjúkrahúsi Akureyrar. Jarðarförin fer fram laugardaginn 6. október í Dalvíkurkirkju kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Velferðarsjóð barna í Dalvíkurbyggð, kt. 620598-2089, rkn. 0177-15-200686.

**Fyrir hönd okkar allra,**
**Aðalheiður Kjartansdóttir**

**Viltu birta minningargrein á frettabladid.is?**

Minningargreinar skal senda á timamot@frettabladid.is.
Birting er endurgjaldslaus og opin öllum á frettabladid.is/timamot



**„Ég fæ hópa í heimsókn til mín á vinnustofuna að kíkja í pottana og allir virðast hafa gaman af,“ segir Guðrún.**

# Blár var litur kónganna, víkinganna og ríka fólksins

**Engin jurt á Íslandi gefur bláan lit en á laugardaginn heldur Guðrún Bjarnadóttir náttúrufræðingur námskeið í Hespuhúsinu á Hvanneyri og kennir fólki þar að lita blátt.**

Blár litur er fágæti úr náttúrunni, mjög fáar jurtir gefa bláan lit,“ segir Guðrún Bjarnadóttir náttúrufræðingur, sem á laugardaginn heldur litunarnámskeið í Hespuhúsinu við Andakílsárvirkjun. Þar læra nemendur að nota indígójurtina til að lita blátt, Guðrún segir það aðeins snúnara en hefðbundin jurtalitun.

„Indígólitun er skemmtilegt ævintýri því litunarlögurinn er ekki blár heldur gulur og litarefnið getur bara fest stig við ullina í súrefnisleysi en sýnir sig svo þegar bandið kemur upp úr pottinum. Þá kemur í ljós hvort það var of lengi eða of stutt ofan í, hvort liturinn verður dökkur eða ljós. Þetta er í raun dálítil happa- og glappaaðferð. En það er eitt af því óvænta sem heldur manni gangandi.“

Sagan segir að blágresi (Geranium sylvaticum) hafi getað gefið bláan lit en aðferðin við það hafi gleymst þegar kona á Skagaströnd tók hana með sér í gröfina. Líklega var það þó aðeins grátt sem fékkst úr blágresinu en ekki blátt. Grátt virkar blátt innan um aðra liti.

Saga bláa litarins er skemmtileg því það var svo erfitt að ná honum fram, að sögn Guðrúnar. „Þess vegna var hann litur kónganna og víkinganna,“ segir hún. „Þeir elskuðu bláa litinn. Hann var tákn valds og ríkidæmis og þess að þeir hefðu ferðast. Það var einmitt málið. Víkingarnir ferðuðust til Noregs og keyptu þar litklæði sem voru meðal annars blá. Norðmenn gátu fengið blátt úr sinni náttúru en ekki við. Woad, eða litunarkarsi eins og tegundin nefnist á íslensku, var besta uppsprettan af bláum lit á landsnámsöld og fram á þá 15. Þegar indígó barst til Evrópu og ruddi woad úr sessi.“ Guðrún segir jurtalitun höfða til fólks á öllum aldri og báðum kynjum. „Unga fólkinu finnst þetta spennandi og núna er mikið í tísku að prjóna. Jurtalitun sameinar margt sem fólk fékk áhuga á eftir bankahrunið svo sem að nýta náttúruleg hráefni, halda við gömlum hefðum og gera eitthvað sjálfur. Ég fæ hópa í heimsókn til mín á vinnustofuna að kíkja í pottana og allir virðast hafa gaman af.“

Stór uppskrift verður blönduð á laugardaginn, að sögn Guðrúnar. „Þá getum við sett fleira en hvítt band í pottinn, til dæmis gult og þá verður bandið grænt. Svo er hægt að nota hnútaaðferð til að fá marglitað band. Möguleikarnir í litunarpottinum eru endalausir.“

Námskeiðið er á vegum endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands. **gun@frettabladid.is**



**Litadýrðin sem jurtirnar gefa er ótrúleg.**

### Lítið eitt um Guðrúnu litunarkonu

Guðrún hefur verið búsett í Borgarfirði frá árinu 2003. Hún er með BS-próf í búvísindum frá LBHÍ og MSc-próf í náttúrufræðum. Meistararitgerð hennar fjallaði um hvernig villtur gróður var nýttur á fyrri dögum. Hún er líka menntaður dýrahjúkrunarfræðingur frá USA og er með kennsluréttindi fyrir framhaldsskóla frá HA. Hún hefur starfað sem landvörður og þá farið með gestum í grasafræðslugöngur. Lærði að þekkja jurtirnar hjá ömmu sinni og alnöfnu á Akranesi og hannyrðir lærði hún hjá móður sinni sem var handavinnukennari. Jurtalitun sameinar öll þessi áhugamál hennar.



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
SLÁ Í GEGN
SIRKUS SÖNGLEIKUR
Söngleikurinn sigldi fram úr okkar björtustu vonum.
Þvílík skemmtun!
STUÐMENN
SYNGDU MEÐ - SÝNING
19. OKTÓBER ER „SYNGDU MEÐ“ SÝNING
LOKASÝNING 3. NÓVEMBER
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á
LEIKHUSID.IS
Þjóðleikhúsið • Hverfisgata 19 • 101 Reykjavík • s. 551 1200 • leikhusid.is

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Hvöss norðlæg átt og slydda um landið norðan- og suðaustanvert en hríðarbylur til fjalla. Hvassast á Vestfjörðum og sunnanverðu Snæfellsnesi. Úrkomulítið sunnantil á landinu og lengst af hægari vindur sunnan- og austanlands. Hiti 1 til 7 stig.



## Föstudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 3° ↓8 | -2° ↙3 | -1° ↓8 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 1° ↓12 | 3° ↓11 | -4° ↓10 |

## Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 5° ↖16 | -1° ↑14 | -2° ↑11 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| -0° ↑10 | 2° ←5 | -4° ↑17 |

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 2 | | | 4 | 5 |
| | | 8 | | 4 | 3 | | | |
| 9 | | 2 | 1 | | 8 | 3 | | |
| 1 | 3 | 5 | | | | | | 7 |
| | | 9 | | 8 | | 5 | | |
| 7 | | | | 3 | 2 | | | 9 |
| | | | | | | | 2 | |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| 3 | | 7 | | 9 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | 7 | 2 | | |
| 2 | | 7 | 5 | | | 9 | | |
| | | | 8 | | | | | 7 |
| | 2 | 1 | | | | | 8 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| | | 8 | | 2 | 3 | 7 | | |
| | 6 | 5 | | | | 8 | | |
| | 4 | | | | 6 | | | 9 |
| | | 9 | 3 | 1 | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | | | 1 | 4 | | |
| 8 | 6 | 3 | | | | | 5 | 7 |
| | 1 | | 5 | | | | | 3 |
| 4 | | | | | | 3 | | |
| 1 | 2 | | | | 6 | | 8 | |
| 3 | | | | | 4 | | | 1 |
| 5 | 3 | 2 | | | 7 | | | |
| | | 9 | | 4 | | | | |
| | | | 6 | | | | | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 9 | 5 | 7 | 3 |
| 8 | 2 | 5 | 7 | 3 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 3 | 7 | 9 | 4 | 1 | 5 | 2 | 6 | 8 |
| 1 | 4 | 7 | 5 | 6 | 8 | 3 | 2 | 9 |
| 9 | 8 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 5 | 3 | 2 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 7 |
| 4 | 5 | 1 | 9 | 8 | 2 | 7 | 3 | 6 |
| 7 | 9 | 3 | 6 | 4 | 1 | 8 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 9 | 6 | 8 | 2 | 1 | 4 | 5 | 3 |
| 8 | 3 | 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 7 | 3 | 4 | 6 | 9 | 8 |
| 5 | 4 | 7 | 3 | 6 | 9 | 8 | 2 | 1 |
| 9 | 6 | 1 | 4 | 8 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 1 | 7 | 9 | 4 | 6 |
| 3 | 5 | 2 | 9 | 4 | 8 | 1 | 6 | 7 |
| 4 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 2 | 3 | 9 |
| 6 | 1 | 9 | 2 | 7 | 3 | 5 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 3 | 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 8 | 1 |
| 8 | 2 | 4 | 1 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 6 | 8 | 2 | 3 | 4 | 7 |
| 5 | 8 | 2 | 7 | 9 | 6 | 4 | 1 | 3 |
| 1 | 4 | 9 | 3 | 2 | 8 | 5 | 7 | 6 |
| 6 | 7 | 3 | 5 | 4 | 1 | 8 | 9 | 2 |
| 2 | 9 | 7 | 8 | 1 | 5 | 6 | 3 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 7 | 1 | 5 | 9 |
| 3 | 5 | 1 | 9 | 6 | 4 | 7 | 2 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. steikja
5. sakka
6. í röð
8. klaufska
10. skóli
11. blessun
12. samsull
13. streita
15. uppvakning
17. flugfar

**LÓÐRÉTT**
1. matjurt
2. leiktæki
3. háma
4. niðurfelling
7. plönturót
9. gægjast
12. endafjöl
14. tilvist
16. tveir eins



**LÁRÉTT:** 1. brúna, 5. lóð, 6. fg, 8. ólagni, 10. ma, 11. lán, 12. gums, 13. álag, 15. lífgun, 17. flaug.
**LÓÐRÉTT:** 1. blómkál, 2. róla, 3. úða, 4. afnám, 7. ginseng, 9. glugga, 12. gafl, 14. líf, 16. uu.

## Skák Gunnar Björnsson

Masha Klinova (ÍSR) átti leik gegn Önu Matnadze (SPÁ) í kvennaflokki Ólympíumótsins.
**43. Dc2??** (43. Hbb7 tryggir hvítum nokkuð auðveldan sigur) **43. – gxf4+ 44. Kh1 Df1 45. Bd4 He5 46. h4 De1 47. Df2 Dxb4 48. Bxe5??** (48. Dxf4 heldur jafntefli) **dxe5 49. Dc2? De1 50. Hc3 Dg1+ 51. Kh3 Hg3+ 0-1**
Tapið kostaði Ísrael viðureignina gegn Spáni.

Íslensku liðunum gekk afleitlega gegn Svíþjóð og Albaníu en aðeins náðust tvö jafntefli. **Nánar á skak.is**

**Hvítur á leik**






Sýningarsalir
Krókháls 9, Reykjavík, 590 2000
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ, 420 3330
Opnunartímar
Virka daga 9–18
Laugardaga 12–16
Bílabúð Benna


## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





bodum
Pizzusett
VERÐ ÁÐUR...9.995
TILBOÐ .........4.995
50%
50%
Bistro mjólkurflóari
VERÐ ÁÐUR...11.995
TILBOÐ ...........5.995
Bistro brauðbox
50%
VERÐ ÁÐUR...7.995
TILBOÐ .........3.995
KitchenAid
BLANDARI X1
ÞÚ SPARAR 15.000
SVARTUR MATT
VERÐ ÁÐUR...89.995
TILBOÐ .........74.995
KRINGLUKAST
byggtogbúið
KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
SJÁÐU ÖLL TILBOÐIN Á WWW.BYGGTOGBUID.IS
Dyson
RYKSUGA
MEÐ KAUPAUKA
Animal Extra
VERÐ ÁÐUR...59.995
TILBOÐ .........49.995
SOUS VIDE TÆKI
23%
Fyrir nákvæmari eldun
VERÐ ÁÐUR...12.995
TILBOÐ ...........9.995
OHB NORDICA VACUMPÖKKUNARVÉL
VERÐ ÁÐUR...12.995
TILBOÐ ...........9.795
25%
Fissler
°SensoRed®
PANNA
35%
28cm
VERÐ ÁÐUR...12.995
TILBOÐ ...........8.445
25%
MEDISANA
SNYRTISPEGILL
2 in1
VERÐ ÁÐUR.....5.995
TILBOÐ ...........4.495
LE CREUSET
50%
LeCreuset POTTUR
26 sm djúpur pottur
í litnum INK
VERÐ ÁÐUR...44.995
TILBOÐ .........22.995
MEDISANA
VEKJARI MEÐ LJÓSI
25%
Vekur mjúklega
VERÐ ÁÐUR.....8.995
TILBOÐ ...........6.745
OHB NORDICA
KAFFIVÉL
Café Inox
30%
VERÐ ÁÐUR..... 9.995
TILBOÐ ........... 6.995
NÝJUNG – SENSEO SWITCH
PHILIPS
Senseo
VEGLEGUR KAUPAUKI
3 pakkar af Senseo kaffi og 2 Senseo glös!
FULLT VERÐ ............ 22.995
KYNNINGARVERÐ ... 17.995
KitchenAid
HRÆRIVÉLA
TILBOÐ
KAUPAUKI
Keramik eldföst mót - 4 stk. sett að verðmæti
19.995
FJÖLDI LITA – VERÐ FRÁ 74.995
Philips
SJÁLFVIRK KAFFIVÉL
INCANTO
ÞÚ SPARAR 25.000
VERÐ ÁÐUR... 104.995
TILBOÐ ........... 79.995
RYKSUGUVÉLMENNI
iRobot
HREIN SNILLD!
ÞÚ SPARAR 10.000
Roomba 695
VERÐ ÁÐUR...69.995
TILBOÐ .........59.995
ÞÚ SPARAR 15.000
Roomba 875
VERÐ ÁÐUR...89.995
TILBOÐ .........74.995

# BÍLAR



Bílunum 12 sem komust í úrslit í Bíl ársins þetta árið var stillt upp á Kvartmílubrautinni í Kapelluhrauni þar sem þeir voru reyndir til hins ítrasta og grandskoðaðir.

# Bíll ársins er Volvo V60

Kia Ceed var bíll ársins í flokki minni fólksbíla, Volvo V60 í flokki stærri fólksbíla, Volkswagen T-Roc í flokki minni jeppa og Volkswagen Touareg í flokki stærri jeppa.



Frá afhendingu Stálstýrisins, verðlaunagripnum sem fylgir vegtyllunni Bíll ársins.

Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is

Bandalag íslenskra bílablaðamanna (BÍBB) stendur á ári hverju fyrir vali á Bíl ársins og var valið tilkynnt við athöfn í húsnæði Blaðamannafélags Íslands í gærkveldi. Sigurvegarinn í ár var Volvo V60. Þetta árið var 31 bíll sem uppfyllti það skilyrði að vera gjaldgengur í valinu, en bílarnir þurfa annaðhvort að vera nýir eða af nýrri kynslóð. Forvalsnefnd fjögurra aðila í Bandalagi íslenskra bílablaðamanna valdi 12 þeirra í úrslit í fjórum flokkum að þessu sinni, eftir að hafa prófað þá alla. Þessir fjóru flokkar voru: Minni fólksbílar, stærri fólksbílar, minni jeppar og stærri jeppar. Það kom svo í hlut níu manna valnefndar að lokaprófa þessa tólf bíla og var það gert sem fyrr á Kvartmílubrautinni í Kapelluhrauni. Að prófunum loknum var þeim svo gefin einkunn hvað 12 mismunandi þætti þeirra varðar.

### Ceed, T-Roc og Touareg unnu sína flokka

Sigurvegari í flokki smærri fólksbíla reyndist Kia Ceed, í öðru sæti Mercedes Benz A-Class og í því þriðja Ford Focus. Í flokki stærri fólksbíla stóð efstur á blaði Bíll ársins, þ.e. Volvo V60, í öðru sæti var Alfa Romeo Giulia og Kia Stinger í því þriðja. Í flokki minni jeppa trónaði hæst Volkswagen T-Roc, í öðru sæti varð Skoda Karoq og Hyundai Kona í því þriðja. Í flokki stærri jeppa var Volkswagen Touareg sigurvegarinn, Volvo XC40 í öðru sæti og BMW X3 í því þriðja. Í þessum síðastnefnda flokki var minnsti munur á milli þeirra þriggja bíla sem náðu í úrslit, eða aðeins 27 stig.

### Nokkrir yfirburðir Volvo V60

Bíll ársins að þessu sinni, Volvo V60, fékk 807 stig í einkunnagjöf dómnefndar og hafði sigur með þó nokkrum yfirburðum. Þegar stig allra 12 bílanna lágu fyrir kom í ljós að næstflest stig fékk Alfa Romeo Giulia eða 782, en langt er síðan að bíll frá Alfa Romeo hefur verið í vali á Bíl ársins og að þessu sinni virðist Alfa Romeo hafa aldeilis stimplað sig inn með stæl. Í þriðja sæti var svo Volkswagen Touareg með 776 stig. Fjórða sæti hreppti Kia Ceed með 773 stig og það fimmta kom í hlut Volvo XC40 sem hlaut 767 stig.

## Tesla Model 3 selst meira en Corolla

Toyota Corolla hefur ávallt selst vel í Bandaríkjunum þó að stóri bróðurinn Camry seljist þar yfirleitt enn betur. Það hafa hingað til engir rafmagnsbílar átt séns í sölutölur Corolla þar vestanhafs, en nú eru tímar breyttir.

Sölutölur frá nýliðnum september sýna að Tesla Model 3 bíllinn er orðinn söluhærri en Corollan. Tesla Model 3 seldist nefnilega í 22.250 eintökum í Bandaríkjunum í september á meðan Toyota seldi þar 20.797 Corollur. Langt mun þó líða þangað til Tesla mun selja fleiri Model 3 bíla en Corolla á heimsvísu þar sem Corolla er mest selda bílgerð heims og í fyrra seldist um ein milljón Corolla bíla.

## Meira afl og drægi í Octavia G-TEC

Metanbílar sem framleiddir eru sem metanbílar, ekki breytt í metanbíla eftir á, eru góður kostur og brenna þeir eldsneyti hér á landi sem fellur til á ruslahaugunum á Álfsnesi. Þeim mætti þó fjölga talsvert miðað við það magn metans sem til fellur hér á landi. Því eru þessir bílar umhverfisvænni en bílar sem eingöngu brenna innfluttu eldsneyti og gjaldeyrissparandi í leiðinni. Einn fárra slíkra bíla sem hér fást er Skoda Octavia G-TEC og nú er von á nýrri gerð hans. Hann verður bæði með meira geymslurými í þremur metantönkum sínum, en auk þeirra er hann með 11,8 lítra bensíntank.

Octavia G-TEC í núverandi mynd er með uppgefið 1.330 km drægi og er leitun að öðru eins. Sá nýi mun samt örugglega hafa enn meira drægi með meira rými í tönkunum þremur. Nýr Octavia G-TEC fær nú 1,5 lítra TSI vél, en var áður með 1,4 lítra vél og fjölgar hestöflunum um 20 og hann því orðinn 130 hestöfl. Engu að síður verður bíllinn með minni eyðslu að sögn Skoda. Octavia G-TEC er vel búinn bíll sem fyrr og með 7 gíra sjálfskiptingu með tveimur kúplingum og öðrum þeim ríflega búnaði sem almennt gerist í Skoda Octavia bílum. Octavia G-TEC fæst sökum lágra vörugjalda á einkar góðum kjörum miðað við aðra bíla í sama stærðarflokki og núverandi gerð hans kostar 3.450.000 kr.



Skoda Octavia G-TEC hefur fengið stærri vél, meira tankrými og drægni.

ORMSSON

ÖLL ÞVOTTATÆKI
Í ÖLLUM MERKJUM
MEÐ 15% AFSLÆTTI
Í NOKKRA DAGA

# ÞVOTTADAGAR

15%

**AEG**
914550043
**ÞVOTTAVÉL**
*L7FBE840E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1400 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi. Kolalaus mótor.
Íslensk notendahandbók.
**Verð áður: 119.900,-** **Verð nú: 101.915,-**



ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ
3 ÁRA ÁBYRGÐ
10 ÁRA ÁBYRGÐ Á MÓTOR

**AEG**
914550046
**ÞVOTTAVÉL**
*L7FBM826E*
Tekur 8 kg af þvotti. 1600 snúningar.
Öll hugsanleg þvottakerfi.
Kolalaus mótor.
**Verð áður: 139.900,-** **Verð nú: 118.915,-**

10 ára ábyrgð á kolalausum mótor



15%
**AEG**
916097949
**ÞURRKARI**
*T6DBM720G*
Tekur 7 kg af þvotti.
**Áður: 99.900,-**
**Nú: 84.915,-**



15%
**AEG**
916097952
**ÞURRKARI**
*T6DEL821G*
Tekur 8 kg af þvotti.
**Áður: 109.900,-**
**Nú: 93.415,-**



15%
**AEG**
916097905
**ÞURRKARI**
*T7DEP831E*
Með varmadælu.
Tekur 8 kg af þvotti.
**Áður: 129.900,-**
**Nú: 110.415,-**




15%
**AEG**
911 444 409
**UPPÞVOTTAVÉL**
*FFB63806PM FS*
Tekur 13 manna stell
**Áður: 179.900,-**
**Nú: 152.915,-**



15%
**AEG**
911 444 415
**UPPÞVOTTAVÉL**
*FSILENCM4 FS STÁL*
Tekur 13 manna stell.
**Áður: 129.900,-**
**Nú: 110.415,-**



15%
**AEG**
911 444 416
**UPPÞVOTTAVÉL**
*FSILENCW4 FS HVÍT*
Tekur 13 manna stell.
**Áður: 119.900,-**
**Nú: 101.915,-**



**SAMSUNG**
**ÞVOTTAVÉL**
**ECO BUBBLE**
**7KG 1400SN**
SAWW70J5486MW/EE
**Áður: 69.900,-**
**Nú: 59.900,-**



**SAMSUNG**
**ÞURRKARI**
**7KG BARKALAUS**
SADV70M5020KW/EE
**Áður: 89.900,-**
**Nú: 79.900,-**



**ZANUSSI**
**ÞVOTTAVÉL**
**7KG 1200SN**
ZWF71243W
**Áður: 64.900,-**
**Nú: 55.165,-**



**ZANUSSI**
**ÞURRKARI**
**8KG BARKALAUS**
ZDC8202PZ
**Áður: 79.900,-**
**Nú: 67.915,-**

**Opnunartímar:**
**Virka daga kl. 10-18**
**Laugardaga kl. 11-15**

ormsson

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Netverslun
ORMSSON.IS

ORMSSON
Greiðslukjör
Vaxtalaust
í allt að 12 mánuði

| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | PENNINN | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS | BLÓMSTURVELLIR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI | HELLISSANDI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 4712038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 | SÍMI 436 6655 |

# Vindur sig upp í átt að sólarlaginu

**Teiknistofan Landslag hlaut nýlega ein virtustu verðlaun sem veitt eru í landslagsarkitektúr, fyrir hönnun tröppustígs upp Saxhól á Snæfellsnesi. Þráinn Hauksson og Jón Rafnar Benjamínsson veittu þeim viðtöku.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Dómnefndin tók djarfa ákvörðun þegar hún valdi lítið og tiltölulega einfalt hönnunarverkefni til verðlauna. Tröppustíg upp á Saxhól á Snæfellsnesi. Tók það fram yfir átta önnur, þar á meðal tvö risastór kínversk verkefni og eitt stórt frá Mexíkó. Hún sá einhverja fegurð í einfaldleikanum,“ segir Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hjá teiknistofunni Landslagi. Hann er nýkominn frá Barcelona, ásamt félaga sínum, Jóni Rafni Benjamínssyni. Þangað fóru þeir á vegum teiknistofunnar að taka þátt í hinni alþjóðlegu Rosa Barba Landscape Prize og komu heim með 1. verðlaun í farteskinu.

Rosa Barba eru veitt annað hvert ár. Þau eru ein stærstu verðlaun sem veitt eru fyrir landslagsarkitektúr, að minnsta kosti í Evrópu og eru virt um allan heim, að sögn Þráins sem segir þetta í fyrsta skipti sem íslenskir landslagsarkitektar fá slíka viðurkenningu.

### Eins og hálsfesti á hólnum

Saxhóll er lítill gígur, 45 m hár, miðja vegu milli Hellna og Rifs. Er nálægt þjóðveginum og aðgengilegur. „Þarna er góður útsýnisstaður yfir hraunið á utanverðu Snæfellsnesinu og upp á jökulinn. Margir koma þarna við á hringferð sinni um nesið. Áður var algengt að mönnum skrikaði fótur á leiðinni upp, enda undirlagið gljúpt. Fólk er ánægt með mannvirkið okkar, það sér maður á netinu, tröppurnar eru óspart notaðar í myndatöku,“ segir Þráinn.

Tröppustígurinn er úr stáli sem ryðgar og Þráinn bendir á að liturinn falli vel að gjallinu í hrauninu og lyngróðrinum í kring. Hann er 160 m langur, 400 þrep og 1 og ½ metri á breidd, þannig að tveir geti gengið hlið við hlið eða mæst. Svo er áningarstaður á miðri leið.

„Stígurinn vindur sig upp gíginn til norðvesturs, í átt að sólarlaginu. Hann er gerður úr einingum sem er bara púslað saman, er svolítið eins og keðja eða hálsfesti á hólnum og það eru engar fastar undirstöður, heldur skorðast hann í gjallið út af þessu bogalagi og situr þar fastur. Það væri þess vegna hægt að taka hann í burtu ef menn komast að því á einhverjum tímapunkti að hann eigi ekki heima þarna,“ segir Þráinn. Hann tekur fram að verkefnið hafi verið unnið fyrir Umhverfisstofnun, sé í þjóðgarðinum Snæfellsjökull og að Kvistfell hafi annast framkvæmdina.

### Góður útsýnisstaður

Þráinn segir 200 verkefni hafa verið send inn í samkeppnina um verðlaunin. Við fengum tilkynningu um það í lok júlí að við værum með eitt af níu tilnefndu verkefnunum sem búið væri að velja úr. Svo við hófumst handa við að útbúa hálftíma kynningu á verkefninu og fórum með hana til Barcelona. Aðaldagur þess viðburðar er þegar verkefnin eru kynnt. Þá höfðum við möguleika á að heilla dómnefndina og fullan sal ráðstefnugesta. Þarna var fólk frá öllum heimshornum. Það var lærdómur fyrir okkur að fylgjast með kynningum á hinum verkefnunum. Á lokakvöldinu kom það skemmtilega á óvart að þetta litla verk skyldi vera valið.“

Í kynningunni segir Þráinn þá félaga hafa frætt fólk um hversu ört jöklarnir á Íslandi hopuðu, meðal annars Snæfellsjökull, sem geti horfið á þessari öld. „Saxhóll er góður útsýnisstaður til jökulsins og því er hann tilvalinn fyrir upplýsingaskilti sem vekja athygli fólks á hlýnun jarðar og loftslagsáhrifunum. Við lýstum líka þeim áhrifum sem bráðnun jöklanna hefur á okkar endurnýjanlegu orku sem fæst með fallvötnunum og tengjast jöklunum. Þannig settum við verkefnið í alls konar samhengi. Eitt lykilatriði var að lýsa því að ferðamannastraumur til Íslands hefði fjórfaldast á átta árum, farið úr 500 þúsundum í tvær milljónir frá 2010 til 2017. Á fjölsóttum stöðum hafi stígar ekki verið tilbúnir að takast á við þá miklu fjölgun en við hönnun mannvirkja á þessum stöðum værum við fyrst og fremst að verja náttúruna, tryggja öryggi ferðamannsins og hámarka upplifun hans.“

Þráinn segir viðurkenninguna mikilvæga fyrir íslenska landslagsarkitekta. „Hingað til höfum við mikið leitað til útlanda eftir fyrirmyndum,“ segir hann. „Þess vegna kitlar það hégómann og er gott fyrir þá sem standa í framkvæmdum hér að sjá að það sem þeirra hönnuðir eru að gera stenst fyllilega samanburð við það sem gert er best úti í hinum stóra heimi.“



Jón Rafnar og Þráinn fengu 15.000 evrur í verðlaun en sæmdin var meira virði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> ÞAÐ VAR LÆRDÓMUR FYRIR OKKUR AÐ FYLGJAST MEÐ KYNNINGUM Á HINUM VERKEFNUNUM. Á LOKAKVÖLDINU KOM ÞAÐ SKEMMTILEGA Á ÓVART AÐ ÞETTA LITLA VERK SKYLDI VERA VALIÐ



Liturinn á tröppustígnum er í svipuðum tón og litur gjallsins í Saxhóli. Hæð milli þrepa er breytileg til að mæta lagi hólsins. MYND/LANDSLAG



GLAMOUR

# Komið í allar helstu verslanir




*Íslenskt tískutímarit*












## BÍÓ



Ólafur de Fleur með leikurum úr Malevolent, Ben Lloyd-Hughes, Florence Pugh, Georginu Bevan og Scott Chambers.

# Heimildarmyndirnar góður grunnur fyrir hryllinginn

Leikstjórinn **Ólafur de Fleur Jóhannesson** hóf feril sinn með heimildarmyndum en á einnig að baki glæpamyndir og ljúfsárar gamanmyndir. Í Malevolent spreytir hann sig í fyrsta sinn á hryllingi með þeim góða árangri að myndin verður frumsýnd á Netflix á morgun.

Frumraun Ólafs de Fleur Jóhannessonar var heimildarmyndin Blindsker: Saga Bubba Morthens. Hann hélt sig framan af við þá kvikmyndagrein og sendi frá sér Africa United, Act Normal og The Amazing Truth About Queen Raquela.

Stóra planið, frá 2008, var fyrsta leikna myndin hans í fullri lengd. Pétur Jóhann Sigfússon og Eggert Þorleifsson fóru þar á kostum í sérkennilegri, óvenju mannlegri og harmrænni glæpamynd, sem skartaði ekki ómerkari leikara en Michael Imperioli, úr The Sopranos, í aukahlutverki.

Í kjölfarið komu síðan Kurteist fólk, Borgríki og Borgríki 2 sem var frumsýnd 2014. Þótt lítið hafi farið fyrir Ólafi á þeim fjórum árum sem liðin eru hefur hann síður en svo setið auðum höndum. Hann er með mörg járn í eldinum og fyrsta hryllingsmyndin hans, Malevolent, verður gerð heimsbyggðinni aðgengileg á Netflix á morgun, föstudag.

Ólafur tók Malevolent upp í Skotlandi fyrir tveimur árum og það var ekki fyrr en á síðari stigum sem Netflix tryggði sér sýningarréttinn. „Hún er búin að vera í borðtennisklippi, eins og gengur, frá því að tökum lauk,“ segir Ólafur í samtali við Fréttablaðið.

### Netflix sló til

„Í raun og veru kom Netflix ekki að þessu fyrr en á síðari stigum. Skoska fyrirtækið Sigma Films, sem framleiddi meðal annars Hell or High Water, gerir myndina í samstarfi við fyrirtæki í Los Angeles. Þeir voru búnir að vera að þróa þetta lengi áður en ég kom um borð. Síðan skjótum við þetta og þegar fyrsta klipp kemur þá sjá allir að þetta er bara til sóma,“ segir Ólafur.

Þá fór leitin að dreifingarfarvegi fyrir myndina af stað og Ólafur segir mörg fyrirtæki hafa skoðað myndina. „Netflix var þar á meðal og ákvað að taka hana og þar með er hún orðin svokölluð Netflix-mynd.“



Ólafur íbygginn á tökustað í Skotlandi þar sem hann áttaði sig á því að með áherslu á mannlega þáttinn mætti lyfta hryllingnum á annað plan.

Ólafur er vanur því að sýna verk sín í kvikmyndahúsum en Netflix-frumsýning er vitaskuld ávísun á mun meiri áhorf.

„Þetta er bara nýi völlurinn og það er oftast ákveðin rúlletta, óháð því hversu dýr eða góð myndin er, hvort hún komist í gott og þá um leið rétt dreifingarferli og Netflix er fullkominn vettvangur fyrir svona mynd,“ segir Ólafur.

Á Netflix verður myndin aðgengileg áhorfendum út um allan heim samtímis og „þetta er líka vitnisburður um að myndin stenst ákveðnar kröfur þannig að þarna er vissum áfanga náð“.

### Enginn sérstakur hryllingsmaður

Ólafur er vanur að kvikmynda sitt eigið efni en í þessu tilfelli er hann einfaldlega ráðinn til verksins og kom hvergi nærri handritinu. Þetta er sem fyrr segir einnig fyrsta hryllingsmyndin hans og hann segist aðspurður ekki vera mikið fyrir slíkar myndir. „Enda hættir þetta að vera hryllilegt ef þú ert á kafi í þessari grein,“ segir hann og bætir við að reynsla hans af heimildarmyndunum hafi gagnast honum ákaflega vel við gerð Malevolent.

„Þegar ég byrjaði í tökum varð ég strax mjög þakklátur fyrir að hafa gert mikið af heimildarmyndum og ég áttaði mig á að með áherslu á mannlega þáttinn mætti lyfta þessari kvikmyndagrein. Ég nálgaðist þetta því með því að tala mikið við leikarana og reyna þannig að búa til manneskjur í þessu. Það var mjög skemmtilegt.“

### Sök bítur svindlara

Í Malevolent leika Florence Pugh (Lady Macbeth, The Falling, Outlaw King) og Ben Lloyd-Hughes (Divergent, War&Peace, Breathe) systkinin Angelu og Jackson sem gera út á einfaldar sálir sem trúa að þau hafi samband við handanheima og geti komið viðkomandi í samband við látið fólk.

Þegar þau reyna að flækja gamla konu, sem býr ein í yfirgefnu munaðarleysingjahæli, í svikavef sínum komast þau heldur betur í hann krappan. Konan vill að þau þaggi niður í ljótum röddum sem ásækja hana og svikahrapparnir telja ekkert því til fyrirstöðu að hafa ruglaða, gamla konu að leiksoppi. Á þau renna hins vegar nokkrar grímur þegar óhugnanleg saga hússins og óhreinir andar sem þar eru á kreiki fara að láta hressilega að sér kveða.

thorarinn@frettabladid.is

Rýmingarsala bókaútgefenda í **Holtagörðum**

# Allt að 90% AFSLÁTTUR

**Opnunartími 10-18**
**alla daga vikunnar**

**BÆKUR FRÁ 99 KR.**

**ALLIR SEM VERSLA FÁ BÓK AÐ GJÖF**




**Nýja tilvitnanabókin**
Verð: 1490 kr.




**Drauma-ráðningar frá A-Ö**
Verð: 1490 kr.




**Stríðið mikla**
Verð: 2990 kr.




**Strærsta og sniðugasta myndaorðabók í heimi**
Verð: 490 kr.




**Læknirinn í eldhúsinu**
tvær bækur í pakka
Verð: 2999 kr.




**Heklað skref fyrir skref**
Verð: 1290 kr.




**Bleika bókin**
Verð: 499 kr.




**Ævintýralandið**
Verð: 999 kr.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 4. OKTÓBER 2018

### Tónlist

**Hvað?** Helgi – útgáfutónleikar
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Bæjarbíó, Hafnarfirði
Helgi gaf út sína fyrstu breiðskífu, Skýjabönd, í lok ágúst. Í tilefni útgáfunnar ætlar Helgi ásamt öflugri hljómsveit sinni að flytja plötuna í heild sinni í fyrsta skipti í Bæjarbíói fimmtudagskvöldið 4. október. Húsið er opnað kl. 20.00 og tónleikar hefjast kl. 20.30.

**Hvað?** Af fingrum fram með Jóni Ólafs – Selma Björns
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Salnum, Kópavogi
Nú göngum við inn í 10. árið. Af fingrum fram er tónleikaröð með Jóni Ólafs og gestum í Salnum. Selma Björnsdóttir er margvíslegum hæfileikum gædd og kominn tími til að spyrja hana – þó tæplega spjörunum úr enda óviðeigandi. Hún á að baki glæsilegan feril sem söng- og leikkona auk þess að vera frábær danshöfundur og leikstjóri. Selma fer í gegnum fjölbreyttan ferilinn, allt frá Eurovisionlögum til kántrítónlistar með dassi af Grease í bland.

**Hvað?** Hekla
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Hekla tilheyrir ekki neinum tilteknum flokki tónlistar og fylgir engum ákveðnum reglum. Skrítið, einstakt og sjaldheyrt þeramínið getur verið tjáningarríkt og afar aðlögunarhæft. Í höndum Heklu dekkar hljóðfærið gífurlega vítt svið, allt frá dreifðum fuglasöng með hátíðnitísti og kvaki, að gnístandi tektónískum undirbassa.

**Hvað?** Tónlist í garðinum
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** CenterHotel Miðgarður, Laugavegi
Centertainment kynnir „Tónlist í garðinum“, tónlistar- og Happy Hour viðburði sem haldnir verða á fimmtudögum á CenterHotel Miðgarði.

**Hvað?** Prins Póló á trúnó
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hljómahöll, Reykjanesbæ
Í dag ætlar Prins Póló að hoppa upp í flugvél, koma sér alla leið frá Berufirði til Reykjanesbæjar og fara á trúnó í Hljómahöll. Prins Póló gaf nýverið út þriðju breiðskífu sína en platan ber heitið Þriðja kryddið. Á plötunni er að finna meðal annars slagarana Er of seint að fá sér kaffi núna?, Líf ertu að grínast? og Læða slæða. Áður hafði Prinsinn gefið út lög sem allir þekkja eins og Niðrá strönd, París Norðursins, Tipp Topp og fleiri.



**Í dag ætlar Prins Póló að hoppa upp í flugvél, koma sér alla leið frá Berufirði til Reykjanesbæjar og fara á trúnó í Hljómahöll.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Hausar October Drum & Bass at Paloma
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Paloma, Naustunum
Hausar rúlla áfram fyrsta fimmtudagskvöld í hverjum mánuði á Paloma. Allt það nýjasta í drum & bass í bland við gamla klassík í Funktion-One kerfi!

**Hvað?** Kokteilar & Tónlist hjá Geira Smart
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Geiri Smart, Hverfisgötu
Vigdís Vala Valgeirsdóttir, Borgþór Jónsson og Magnús Oddsson leiða saman hesta sína á Happy Hour á annarri hæð Geira Smart, (Canopy Reykjavík). Þríeykið mun flytja efni úr smiðju Vigdísar Völu sem mætti lýsa sem djass- eða blússkotinni dægurtónlist með dassi af pönki á köflum.

### Viðburðir

**Hvað?** Sigvaldi Kaldalóns – frumsýning
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hannesarholti, Grundarstíg
Tónskáldið og doktorinn Sigvaldi Kaldalóns átti litríka ævi. Hann tók við læknisembætti í einu afskekktasta læknishéraði landsins fyrir vestan. Víst var lífið þar ekki eins og í einföldum söngleik. Þrátt fyrir það samdi Sigvaldi margar af sínum helstu sönglagaperlum á Kaldalónsárunum. Rakin verður þessi litríka saga tónskáldsins fyrir vestan og fluttar helstu perlur hans. Leikurinn var frumsýndur árið 2013 og naut mikilla vinsælda og snýr nú aftur á senuna. Búast má við að margir fagni endurfundum og nýjum fundum við okkar ástkæra tónskáld Sigvalda Kaldalóns í þessari umtöluðu sýningu.

**Hvað?** Fjórða iðnbyltingin: Aftur til fortíðar?
**Hvenær?** 09.00
**Hvar?** Hlíðarendi
Fjórða iðnbyltingin mun þurrka út sum störf og skapa önnur ný. En hvaða áhrif mun hún hafa á stöðu kynjanna á vinnumarkaðnum? Spár sýna að ef konum fjölgar ekki nú þegar í iðn- og tækninámi gæti þeim fækkað mikið í orku-, veitu- og upplýsingatæknigeiranum. Færir fjórða iðnbyltingin okkur tugi ára aftur í tímann hvað varðar jafnrétti á vinnustöðum? Verður öll sú vinna sem lögð hefur verið í að jafna stöðu kynjanna í þessum atvinnugeirum fyrir gýg? Eða er fjórða iðnbyltingin einmitt tækifæri til að jafna kynjahlutföll með breyttu verklagi? Samorka og Origo, í samvinnu við Vertonet og KíO, bjóða til morgunverðarfundar til að ræða fjórðu iðnbyltinguna út frá þessu sjónarhorni og mikilvægi fjölbreytni í starfsliði fyrir öll fyrirtæki.

**Hvað?** RIFF Masterclass – Sergei Loznitsa
**Hvenær?** 13.00
**Hvar?** Norræna húsið
Venju samkvæmt stendur RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík fyrir spennandi meistaraspjalli með þeim frábæru kvikmyndagerðarmönnum sem heiðra hátíðina með nærveru sinni. Ókeypis inn og allir velkomnir. Í meistaraspjalli sínu einblínir Sergei Loznitsa á hvernig mörkin á milli skáldskapar og veruleika eru óðum að þurrkast út á tímum falsfrétta og siðsannleika. Til hliðsjónar hefur hann nýjustu mynd sína, Donbass, en fyrir hana hlaut Sergei verðlaun fyrir bestu leikstjórnina á kvikmyndahátíðinni í Cannes í flokknum Un Certain Regard.

**Hvað?** RIFF – Á veiðum í vatni tímans
**Hvenær?** 14.45
**Hvar?** Norræna húsið
Verk Lailu Pakalninu geta virst í fyrstu sundurlaus en stíll hennar er í senn alvarlegur og glettinn og hefur verið líkt við myndir Aki Kaurismäki. Við skyggnumst inn í veröld Pakalninu, rýnum í höfundareinkenni hennar og kynnumst betur þessari einstöku kvikmyndagerðarkonu.



Fatnaður fyrir fagfólk

MARTEX

Góð þjónusta byrjar með flottu útliti

Vinnufataverslun og heildverslun | Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík | 414 84 00 | www.martex.is


netto
LJÚFFENGUR HELGARMATUR
-50%
SVÍNASKANKAR
FERSKIR 1KG STK
499 KR KG
ÁÐUR: 998 KR/KG
-50%
BAYONNE SKINKA
998 KR KG
KJÖTSEL
ÁÐUR: 1.995 KR/KG
-25%
GRÍSAHNAKKI
SNEIÐAR
1.499 KR KG
KJARNAFÆÐI
ÁÐUR: 1.998 KR/KG
-22%
LAMBALÆRI STUTT
NÝSLÁTRAÐ
1.090 KR KG
ÁÐUR: 1.398 KR/KG
-25%
LAMBALEGGIR
1.349 KR KG
ÁÐUR: 1.798 KR/KG
-30%
LAMBALÆRI
ÚRBEINAÐ MEÐ PIPAROSTI
1.999 KR KG
ÁÐUR: 2.855 KR/KG
-25%
NAUTALUNDIR
2. flokkur
2.999 KR KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
-20%
NAUTAMJAÐMASTEIK
1.998 KR KG
ÁÐUR: 2.498 KR/KG
-20%
GÆSABRINGUR
3.198 KR KG
ÁÐUR: 3.998 KR/KG
-28%
DIT VALG SMOOTHIE
RAUÐ OG GRÆN
395 KR STK
ÁÐUR: 549 KR/STK
-25%
PAGEN SAMLOKUBRAUÐ
1,1KG FÍNT – 1,2KG GRÓFT
SAMLOKUBOX FYLGIR
344 KR KG
ÁÐUR: 459 KR/KG
-26%
GRANDIOSA PIZZUR
499 KR STK
ÁÐUR: 679 KR/STK
GUL MELÓNA
-50%
netto
Á NETINU
www.netto.is
Tilboðin gilda 4. – 7. október 2018 www.netto.is
Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur




**MASTERCHEF USA**
KL. 19:50
Gordon Ramsay og félagar freista þess að finna nýjan meistarakokk Bandaríkjanna. Eins og áður reynir á hugmyndaflug og færni þáttakenda og að lokum stendur einn uppi sem sigurvegari.




**Frábær fimmtudagur**
Fáðu þér áskrift á **stod2.is**

**LETHAL WEAPON**
KL. 20:35
Skemmtilegir spennuþættir sem eru byggðir á hinum vinsælu Lethal Weapon myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh.



**ANIMAL KINGDOM**
KL. 21:20
Loka þáttur
Þau eru ekki öll þar sem þau eru séð og láta ekkert stoppa sig þegar gróðavonin er annars vegar. Meinfyndin þáttaröð með Ellen Barkin í aðalhlutverki.



**BALLERS**
KL. 22:10
Frábærir þættir með Dwayne Johnson í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um hóp leikmanna NFL deildarinnar og fjölskyldur þeirra en það er aldrei lognmolla í kringum þær.




**STARTUP**
KL. 22:40
Skemmtileg og öðruvísi þáttaröð með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjót sem snúa bökum saman.



BÍÓ
**THE INFILTRATOR**
KL. 22:00
Spennumynd, byggð á sönnum atburðum, um mann sem villti á sér heimildir og bauð glæpasamtökum upp á aðstoð við peningaþvætti.



**LITTLE BRITAIN USA**
KL. 22:00
Frábærir gamanþættir með fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams.



Allt þetta og meira til á aðeins **9.990 kr.**
**stod2.is**


## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.20** Tommi og Jenni
**07.40** Strákarnir
**08.10** The Middle
**08.35** Ellen
**09.20** Bold and the Beautiful
**09.40** The Doctors
**10.20** Anger Management
**10.40** World of Dance
**11.20** Grey's Anatomy
**12.05** Lögreglan
**12.35** Nágrannar
**13.00** 3 Generations
**14.30** Skógarstríð 2
**15.45** Brother vs. Brother
**16.30** Enlightened
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Ísland í dag
**19.10** Sportpakkinn
**19.20** Fréttayfirlit og veður
**19.25** Kevin Can Wait
**19.45** Masterchef USA
**20.30** Lethal Weapon Önnur syrpa þessara spennuþátta sem byggðir eru á hinum vinsælu Lethal Weapons-myndum sem slógu rækilega í gegn á níunda og tíunda áratugnum og fjalla um þá Martin Riggs og Roger Murtaugh. Tveir ólíkir lögreglumenn í lífi og starfi, annar varkár og fer með gát að öllu en hinn lifir lífinu á ystu nöf, ná að vinna saman með einstökum árangri. Með aðalhlutverk fara Damon Wayans og Clayne Crawford.
**21.15** Animal Kingdom
**22.00** Ballers Þriðja sería þessara frábæru þátta með Dwayne The Rock Johnson í aðalhlutverki. Þættirnir fjalla um hóp amerískra fótboltaleikara og fjölskyldur þeirra.
**22.30** StartUp
**23.15** Real Time with Bill Maher
**00.10** The Sinner
**00.55** Shameless
**01.50** Queen Sugar
**02.35** Vice
**03.05** S.W.A.T.
**03.50** Wyatt Cenac's Problem Areas
**04.20** 3 Generations

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Napoli - Liverpool
**08.40** Tottenham - Barcelona
**10.20** PSG - Crvena zvezda
**12.00** Meistaradeildarmörkin
**12.30** Domino's körfuboltakvöld - Upphitun karla
**14.25** Keflavík - Stjarnan
**16.05** Evrópudeildin - fréttaþáttur 18/19
**16.55** AC Milan - Olympiacos
**19.00** Chelsea - Vidi
**21.05** Premier League World 2018/2019
**21.35** Búrið
**22.10** NFL Gameday 18/19
**22.40** UFC Now 2018
**23.30** Valur - Haukar

## STÖÐ 2 SPORT 2

**06.55** Keflavík - Stjarnan
**08.35** Bournemouth - Crystal Palace
**10.15** Dortmund - Monaco
**11.55** PSV - Inter
**13.35** Tottenham - Barcelona
**15.15** Napoli - Liverpool
**16.55** Qarabag - Arsenal
**19.00** Malmö - Besiktas
**21.05** UFC Unleashed 2018
**21.50** AC Milan - Olympiacos
**23.30** Chelsea - Vidi

## STÖÐ 3

**19.10** Great News
**19.35** The Big Bang Theory
**20.00** Seinfeld
**20.25** Friends
**20.50** The New Girl
**21.15** Boardwalk Empire
**22.15** Little Britain USA
**22.45** The Simpsons
**23.10** American Dad
**23.35** Bob's Burgers
**00.25** Seinfeld
**00.50** Friends
**01.15** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.13** Tindur
**07.23** Mæja býfluga
**07.35** K3
**07.46** Grettir
**08.00** Dóra könnuður
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.54** Mamma Mu
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Gulla og grænjaxlarnir
**10.48** Hvellur keppnisbíll
**11.00** Stóri og Litli
**11.13** Tindur
**11.23** Mæja býfluga
**11.35** K3
**11.46** Grettir
**12.00** Dóra könnuður
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Mamma Mu
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Gulla og grænjaxlarnir
**14.48** Hvellur keppnisbíll
**15.00** Stóri og Litli
**15.13** Tindur
**15.23** Mæja býfluga
**15.35** K3
**15.46** Grettir
**16.00** Dóra könnuður
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Mamma Mu
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Gulla og grænjaxlarnir
**18.48** Hvellur keppnisbíll
**19.00** Kubo and The Two Strings

**Mörgæsirnar frá Madagaskar, 08.24, 12.24 og 16.24**



## GOLFSTÖÐIN

**08.00** Golfing World 2018
**08.50** Estrella Damm Mediterrenean
**11.40** 2018 Masters
**17.10** Golfing World 2018
**18.00** Ryder Cup 2018
**21.05** Inside the PGA Tour 2018
**21.30** Safeway Open

## STÖÐ 2 BÍÓ

**13.05** An American Girl: Chrissa Stands Strong
**14.35** Step
**16.00** Date Night
**17.30** An American Girl: Chrissa Stands Strong
**19.05** Step
**20.30** Date Night Sprenghlægileg spennumynd frá 2010 með Steve Carrell og Tinu Fey í aðalhlutverkum. Myndin fjallar um miðaldra hjón sem eru að drukkna í amstri hversdagslífsins og þrá ekkert heitar en smá tíma fyrir sig sjálf og hjónabandið. Þau ákveða því að skella sér á langþráð stefnumót, fara út að borða og ætla að gera sér sem mestan mat úr. En það sem stefnir í að verða enn eitt litlausa kvöldið breytist alveg óvænt í næturlangt ævintýri sem þau eiga aldrei eftir að gleyma.
**22.00** The Infiltrator
**00.05** Twelve Monkeys
**02.10** Meet the Blacks
**03.45** The Infiltrator

## RÚV

**13.00** Úr Gullkistu RÚV: Útsvar 2009-2010
**14.00** Úr Gullkistu RÚV: 360 gráður
**14.25** Venjulegt brjálæði - Hvað kostar hégóminn?
**15.15** Úr Gullkistu RÚV: Popppunktur
**16.10** Kastljós
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Gullin hans Óðins
**18.24** Hvergidrengir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.35** Kastljós
**19.50** Menningin
**20.00** Til borðs með Nigellu
**20.35** Máttur fegurðarinnar
**21.10** Indversku sumrin
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veður
**22.20** Lögregluvaktin
**23.05** Ófærð
**00.00** Kastljós
**00.15** Menningin
**00.25** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00** Dr. Phil
**08.45** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**09.30** The Late Late Show with James Corden
**10.15** Síminn + Spotify
**12.15** Everybody Loves Raymond
**12.35** King of Queens
**12.55** How I Met Your Mother
**13.20** Dr. Phil
**14.05** America's Funniest Home Videos
**14.30** The Voice
**16.05** Everybody Loves Raymond
**16.25** King of Queens
**16.45** How I Met Your Mother
**17.10** Dr. Phil
**17.55** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**18.40** The Late Late Show with James Corden
**19.25** Ný sýn - Sunna "Tsunami" Davíðsdóttir
**20.00** Með Loga
**21.00** Man with the Golden Gun
**23.05** Diamonds Are Forever
**01.50** The Late Late Show with James Corden
**02.35** Scandal
**03.20** Marvel's Cloak & Dagger
**04.05** Marvel's Agent Carter
**04.50** Marvel's Inhumans
**05.35** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Ótrúlegt úrval af nýjum ljósum!

Hvort sem þú ert fyrir skandinavíska og stílhreina hönnun eða rómantík og sveitastíl geturðu verið örugg/ur um að finna eitthvað við þitt hæfi hjá okkur. Úrvalið hefur aldrei verið meira við erum með yfir 1000 gerðir af ljósum. Kíktu til okkar og láttu freistast.



nordlux

**Strap 27 loftljós**
Þv. 27 cm. Hæð á skerm 27 cm. Pera fylgir ekki. E27-festing, hám. 60 W. Fæst í svörtu, hvítu, burstuðu stáli og hvítu gleri.

**21.995,-**

Þv. 36 cm. Hæð 37 cm ...... 23.995,-
Þv. 48 cm. Hæð 48 cm ...... 36.995,-

nordlux
NÝTT Í BAUHAUS

**Strap gler veggljós**
Þv. 16,5 cm. Hæð 17 cm. G9-perustæði, hám. 28 W. Fæst í svörtu og hvítu.

**13.995,-**

NÝTT Í BAUHAUS
nordlux

**Strap gólflampi**
Þv. 36 cm. Hæð 152 cm. E27-perustæði, hám. 60 W. Fæst í svörtu og hvítu.

**34.995,-**

NÝTT Í BAUHAUS
nordlux

**Strap borðlampi**
Þv. 25 cm. Hæð 55 cm. E27-perustæði, hám. 60 W. Fæst í svörtu og hvítu.

**20.995,-**

nordlux

**Strap veggljós**
Þv. 16,5 cm. Hæð 17 cm. GU10-perustæði, hám. 8 W. Fæst í svörtu og hvítu.

**14.495,-**

BAUHAUS

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

FRÉTTABLAÐIÐ LÍFIÐ

# Önnur bylgja íslenskra hlaðvarpa

Hlaðvarpið er nú enn vinsælla en áður. Mörgum af nýju hlaðvörpunum er stjórnað af áhrifavöldum sem nýta sér samfélagsmiðlafylgið til að koma sér á framfæri.





## VINSÆL ERLEND

Joe Rogan, Guys We Fu**ed, My Favorite Murder og The Last Podcast on the Left eru meðal vinsælustu erlendu hlaðvarpanna hér á landi og sömuleiðis í heiminum. Sakamálin eru alltaf gríðarlega vinsæl bæði hér heima og erlendis og Joe Rogan slær alltaf í gegn hjá strákunum.



## HANDKASTIÐ

Handboltinn er tekinn föstum harpex-löðrandi tökum í þessu metnaðarfulla hlaðvarpi. Handboltasérfræðingarnir Teddi og Arnar eru með þetta á lás.



## THE SNORRI BJÖRNS PODCAST SHOW

Líklega trónir þetta metnaðarfulla hlaðvarp hans Snorra á toppnum. Snorri Björns fær til sín góða gesti í innihaldsrík og skemmtileg viðtöl – það má kannski segja að hið sívinsæla hlaðvarp Joes Rogan sé kannski eilítil fyrirmynd hérna – gestir koma í frjálslegt spjall og deila áhugaverðum sögum með hlustendum. Það er þó töluvert minna um grasreykingar.

## UPPHAFIÐ







Í ljósi sögunnar og Fílalag hafa verið langstærstu og vinsælustu hlaðvörp Íslands í langan tíma. Þau urðu til í því sem væri hægt að kalla fyrstu öldu hlaðvarpa, þegar formið kom fyrst á land á Íslandi. Nú gengur önnur bylgjan yfir og nýjar stórstjörnur eru að fæðast.

## ÞARF ALLTAF AÐ VERA GRÍN?

Snapparararnir Gói Sportrönd, Tinna BK og Tryggvi halda úti hlaðvarpinu Þarf alltaf að vera grín? Þar sem þarf alltaf að vera grín. Hver þáttur snýst um eitt umræðuefni sem þessar samfélagsmiðlastjörnur ræða í þaula og eru þau gríðarlega víðfeðm og ekki alltaf í léttum dúr, þó að spjallið sé þannig.




## TVÍHÖFÐI

Tvíhöfði er núna kominn á hlaðvarpið. Kannski eru þeir félagar ekki partur af neinni hlaðvarpsbylgju heldur útvarpsbylgjunni – en hvað um það, þeir fá að detta hér inn.








## HELGASPJALLIÐ

Helgi Ómars fær til sín áhrifavalda og ræðir við þá um heima og geima.



## DR. FOOTBALL

Hjörvar Hafliða ræðir um ástríðu sína – fótbolta, enda ætti hann að vera með doktorsgráðu í þeim efnum. Það næstbesta er að kalla sig bara „doktor“ og skella Dr. fyrir framan nafnið – það virkaði allavega fyrir Dre og Gunna.

REYKJAVÍK | 2018







# Frumherji hefur opnað nýja glæsilega skoðunarstöð að Hádegismóum 8

Við aukum enn á gæði þjónustu okkar í glæsilegum húsakynnum með fyrsta flokks tækjabúnaði.
Í stöðinni eru allar gerðir og stærðir af ökutækjum skoðaðar.



*Einar Þór Magnússon*
*Stöðvarstjóri*
*Við tökum vel á móti þér!*

## Við bjóðum góða þjónustu og hagstæð kjör á skoðunum

IS NV 19 309 ←

**Ökutæki eiga að fara í bifreiðaskoðun í þeim mánuði sem síðasti tölustafur á skráningarmerki vísar til.**

Ef ekki hefur gefist kostur á að færa ökutækið til almennrar skoðunar í skoðunarmánuði, skal það í síðasta lagi fært til skoðunar fyrir lok annars mánaðar þaðan í frá.




*Ný skoðunarstöð Frumherja er staðsett að Hádegismóum 8 - 110 Reykjavík - S. 570 9201*

Frumherji
www.frumherji.is

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is














Mads Mikkelsen var sæmdur heiðursverðlaunum RIFF-kvikmyndahátíðarinnar í Höfða fyrir framúrskarandi framlag sitt til leiklistarinnar. Mikkelsen er með allra frægustu leikurum Danmerkur en hann hefur haslað sér völl á alþjóðavettvangi meðal annars í hlutverki skúrksins Le Chiffre í James Bond-myndinni Casino Royale. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Kvöddu Mads í stúdíói Steinunnar

Steinunn Sigurðardóttir fatahönnuður hélt lokapartíið fyrir kvikmyndastjörnuna Mads Mikkelsen í stúdíóinu sínu. Mikkelsen fékk verðlaun fyrir framúrskarandi listræna hæfileika á RIFF-hátíðinni.



Pálmi og Lilja Pálmadóttir kíktu inn í stúdíóið.



Stórleikarinn umvafinn góðu fólki. Frá vinstri; Steinunn Sigurðardóttir, hjónakornin Mads og Hanne Jacobsen og Hrönn Marinósdóttir.



Eistnesku listamennirnir Pille Runk, Sigrid Saag og Kiur Aarma.



Melkorka kom og brosti sínu blíðasta.



Tómas Lemarquis, Hrönn Marinósdóttir og Pétur Óskar.



Danski stórleikarinn Mads og Kayley Riolo frá Möltu.

# Snúða-veisla

Kanilsnúðadagurinn er í dag, 4. október. Af því tilefni efnum við til kanilsnúðaveislu sem stendur til næsta sunnudags. Komdu við í bakaríinu okkar og prófaðu þá alla!



**300,-/3 í pk.**
**Ömmusnúðar**



**300,-/3 í pk.**
**Kanelsnegle**



**600,-/6 í pk.**
**Cinnabons**



**300,-/3 í pk.**
**Kanelbullar**

© Inter IKEA Systems B.V. 2018

**Verslun opin 11-21 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - **IKEA.is**













# Kóreskur sambræðingur á Prikinu

Veitingahúsið og skemmtistaðurinn Prikið og kóreski götustaðurinn Kore hefja samstarf á föstudaginn. Þessu verður fagnað í kvöld með hófi þar sem matur, drykkur og tónar verða í fyrirrúmi.

Veitinga- og öldurhúsið Prikið er komið í samstarf við veitingastaðinn Kore sem hefur verið afar farsæll í Granda Mathöll – meðal annars hefur djúpsteikti kjúklingurinn sem þar er boðið upp á ítrekað selst upp og þurfa menn að hafa hraðar hendur til að ná sér í bita.

Saman munu Kore og Prikið bjóða upp á eins konar sambræðing af matseðlum beggja staða, en Prikið er hvað þekktast fyrir hamborgara og morgunmat sem er hægt að panta alla daginn.

„Finni á Prikinu er eins og allir vita alltaf í stuði og til í að prófa nýja hluti. Hann langaði til að hrista aðeins upp í eldhúsinu og kynna nýjar bragðtegundir á gamla góða seðlinum. Kore er svona götumatar Los Angeles-snúningur á kóreska matargerð og okkur fannst það smellpassa við Prik-konseptið – tökum einfalda pælingu sem er vitað að virkar og gerum hana vel. Það verður tekinn Prik-snúningur á þetta,“ segir Geoffrey Þór Huntington-Williams, sem má segja að sé potturinn og pannan á Prikinu.





Geoffrey Þór Huntington-Williams, sem má segja að sé potturinn og pannan á Prikinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Atli Snær er maðurinn á bak við Kore. Hann útskrifaðist, fyrstur matreiðslunema, frá Michelin-staðnum Dill í maí síðastliðnum og hefur líka unnið á hinum gífurlega vinsæla Agern, stað Gunnars Karls Gíslasonar í New York.

Boðið verður upp á hamborgara með kóresku ívafi og morgunmaturinn verður að sjálfsögðu á sínum stað fyrir þá árrisulu og mögulega þá sem þjást af timburmönnum aðeins síðar um daginn.

Í kvöld verður „soft launch“ á samstarfinu og af því tilefni er smá fagnaður á Prikinu – boðið verður upp á snakk og drykk og þessi mixtúra boðin lýðnum í fyrsta sinn. Logi Pedro og rapparinn Birnir ætla að flytja nokkur góð lög og plötusnúðurinn DJ Nazareth snýr plötum. Leikar hefjast klukkan 19 og standa til 21. Samstarfið hefst svo formlega klukkan 9 á morgun, föstudagsmorgun.

**stefanthor@frettabladid.is**



**Logi Pedro stígur á svið.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Rapparinn Birnir mætir með rímur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Valdimar Birgisson *valdimar@frettabladid.is* Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli@*frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* og Ragnheiður Tryggvadóttir *heida@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir gudruninga@*frettabladid.is*

HERA BJÖRK

# ILMUR AF JÓLUM

Í BORG OG BÆ



## VIÐ HEIMSÆKJUM EFTIRFARANDI STAÐI Á AÐVENTUNNI:

| | | |
|---|---|---|
| 30. NÓV. | KL. 20:30 | HÁTEIGSKIRKJA |
| 1. DES. | KL. 17:00 | BLÖNDUÓSKIRKJA |
| 2. DES. | KL. 17:00 | AKUREYRARKIRKJA |
| 3. DES. | KL. 20:30 | SIGLUFJARÐARKIRKJA |
| 4. DES. | KL. 20:30 | HÚSAVÍKURKIRKJA |
| 6. DES. | KL. 20:30 | ESKIFJARÐARKIRKJA |
| 7. DES. | KL. 20:30 | EGILSSTAÐARKIRKJA |
| 8. DES. | KL. 17:00 | DJÚPAVOGSKIRKJA |
| 9. DES. | KL. 17:00 | HAFNARKIRKJA, HÖFN |
| 11. DES. | KL. 20:30 | KEFLAVÍKURKIRKJA |
| 12. DES. | KL. 20:30 | SELFOSSKIRKJA |
| 13. DES. | KL. 20:30 | STYKKISHÓLMSKIRKJA |
| 14. DES. | KL. 20:30 | REYKHÓLAKIRKJA |
| 15. DES. | KL. 17:00 | HÓLMAVÍKURKIRKJA |
| 16. DES. | KL. 17:00 | ÍSAFJARÐARKIRKJA |
| 18. DES. | KL. 20:30 | BORGARNESKIRKJA |
| 19. DES. | KL. 20:30 | SKÁLHOLTSKIRKJA |
| 21. DES. | KL. 20:30 | LINDAKIRKJA |

HERA BJÖRK LEIÐIR OKKUR INN Í JÓLAHÁTÍÐINA
ÁSAMT GÓÐUM GESTUM OG KÓRUM ÚR HEIMABYGGÐ.
MEÐ Í FÖR VERÐUR TÓNLISTARFÓLKIÐ BJÖRN THORODDSEN GÍTARLEIKARI,
ÁSTVALDUR TRAUSTASON PÍANÓLEIKARI OG ALDÍS FJÓLA SÖNGKONA.

**MIÐAVERÐ 4.500 KR.**
SAMA VERÐ UM ALLT LAND

Góa Stofnað 1968

MIÐASALA ER Á
midi.is

# CORE
u-sófi




Grátt slitsterkt áklæði. Hægri eða vinstri tunga

**Fullt verð: 239.900 kr.**

Aðeins **179.925 kr.**



Afmælis
**25%**
AFSLÁTTUR

# DORMA LUX
heit dúnsæng

QUILTS OF DENMARK®

Dásamlegt, heit dúnsæng frá Quilts of Denmark.
Stærð: 140×200 cm. 800 g. 90% hreinn andadúnn. 10% smáfiður.
Má þvo á 60°c en það er hitastig sem rykmaurar þola ekki – því er gott að nota sæng sem þolir þennan þvottahita ef um rykofnæmi er að ræða.



Afmælis
**30%**
AFSLÁTTUR

**Fullt verð: 27.900 kr.**

Aðeins **19.530 kr.**

# SATIN STRIPE
koddi

QUILTS OF DENMARK®

Satin stripe dúnkoddi. Tvöfalt lag. 500 gr.
Moskus dúnn og smáfiður. Stærð: 50x70 cm.

**Fullt verð: 9.900 kr.**



Afmælis
**20%**
AFSLÁTTUR

Aðeins **7.920 kr.**

# DORMA KODDI
mjúkur

QUILTS OF DENMARK®

Þægilegur Quilts of Denmark dúnkoddi.
Stærð: 50x70cm. 30% andadúnn.
70% smáfiður. 600g.



Afmælis
**30%**
AFSLÁTTUR

**Fullt verð: 7.900 kr.**

Aðeins **5.530 kr.**

# DORMA KODDI
stífur

QUILTS OF DENMARK®

Þægilegur Quilts of Denmark dúnkoddi.
Stærð: 50x70cm. 15% andadúnn.
85% smáfiður. 800g.



Afmælis
**30%**
AFSLÁTTUR

**Fullt verð: 6.400 kr.**

Aðeins **4.480 kr.**

# INTERIOR
kertaglas

Afmælis
**20%**
AFSLÁTTUR



Kertaglas fyrir sprittkerti, grátt.

**Fullt verð: 690 kr.**

**552 kr.**

# INTERIOR
Rope körfur

Gráar Rope körfur í fjórum stærðum
XL, L, M og S



Afmælis
**20%**
AFSLÁTTUR

**Fullt verð frá: 1.990 kr.**

Afmælisverð frá **1.592 kr.**

# LINN
hæginda-
stóll

Afmælis
**40%**
AFSLÁTTUR



Mjúkt sléttflauel og svartir fætur. Turkis blár, bleikur, dökkblár, ljósgrár og ryðrauður.

**Fullt verð: 49.900 kr.**

Aðeins **29.994 kr.**

**Huggulegir hægindastólar á hagstæðu verði!**

**Afgreiðslutími Rvk**
Mán. til fös. kl. 10-18 (Holtagarðar)
Mán. til fös. kl. 11-18.30 (Smáratorg)
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

*Tilboðin gilda til 31. október 2018 eða á meðan birgðir endast.*

OPIÐ Á SUNNUDÖGUM Í DORMA SMÁRATORGI

DORMA
Láttu drauminn rætast

# Dorma á afmæli og þá er veisla

www.dorma.is
VEFVERSLUN
ALLTAF OPIN



## ALVA
2ja eða 3ja sæta sófi

Fallegur sófi sem fæst tveggja eða þriggja sæta í sterku en dásamlega mjúku sléttflaueli. Fæturnir eru glæsilegir úr dökkri hnotu. Alva sófarnir hafa fremur granna arma og nýtist breiddin því vel. Bakpúðar eru þykkir og stórir með tveimur stungum.

Afmælis 20% AFSLÁTTUR

Stærð 2ja sæta: 185 x 93,5 x 78 cm
Fullt verð: 119.900 kr.
Aðeins **95.920 kr.**

Stærð 3ja sæta: 215 x 93,5 x 78 cm
Fullt verð: 134.900 kr.
Aðeins **107.920 kr.**



Afmælis 20% AFSLÁTTUR

## TEPPI
hlý og falleg, mikið úrval

Verð frá **4.493 kr.**

## INFINITY
heilsurúm



Afmælis 60% AFSLÁTTUR
af 180 x 200 cm dýnu, classic botn 20% afsláttur.

INFINITY DÝNUR
- 5 svæðaskipt-pokagormakerfi
- 7 cm latex toppur
- Bómullaráklæði
- 320 gormar pr m²
- Steyptar kant-styrkingar

Infinity heilsudýna með Classic botni og fótum.
Stærð: 180x200 cm.
Fullt verð: 229.900 kr.

Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á Classic botni.

Aðeins **111.960 kr.**

DORMA
Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5800**

**Ritstjórn** 512 5801 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 512 5401 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is **Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Guðrúnar Vilmundardóttur




## Glöggskyggni

Ég er ekki mannglögg. Í vor var útgáfuboð fyrir dr. Guðmund Eggertsson. Þegar ég hafði lokið embættisskyldum sem útgefandi og bóksali, blandaði ég mér í selskapinn í kringum höfund. Þar var fríðleiksmaður, Guðmundur greinilega gamall kennari hans (ég kann að lesa aðstæður, þó að ég sé ekki mannglögg), sem fólk óskaði til hamingju með nýtt starf. Ég vatt mér í samræðurnar með nokkurri sveiflu: „Og hvert er starfið, sem óskað er til hamingju með?“ Fólk horfði vinsamlega, en með ákveðið vorkunnarblik í auga, á mig. „Umhverfisráðherra,“ svaraði maðurinn vingjarnlega. „Einmitt,“ sagði ég. „Gratúlera.“ Leit svo í kringum mig og velti fyrir mér hverjir af viðstöddum höfundum væru líklegir til að leita sér tafarlaust að öðrum útgefanda. „Ég hef verið erlendis,“ sagði ég. Það var ákveðinn hálfsannleikur. Ég dvaldi í London í febrúar.

Fyrir fáeinum árum var ég með vinkonu minni á þeim fræga veitingastað Sirkus. Á þessum tíma vann ég í Borgarleikhúsinu. Þetta var seinnipartinn og ég sótti handa okkur drykki á barinn – þar hitti ég gamlan stjörnuleikara – slíkir leikarar þekkjast langar leiðir – en mig langaði ekki til að ræða leikhúsmál svo ég lét nægja að nikka kumpánlega, og hann á móti. Við vorum greinilega dús. Þegar ég kom aftur til vinkonu minnar sagði hún: „Það fer aldeilis vel á með ykkur.“ Ég útskýrði fyrir henni að leiklistin sameinaði fólk. „Við erum öll á sama báti,“ sagði ég. Eitthvað var einsog hún væri efins um það að við tvö værum sem einn maður og spurði: „Manstu, Gurra mín, hvað þessi gamli kollegi þinn heitir?“ Nei, ekki kom ég því nú fyrir mig. Þá dró hún fram servéttu og penna og skrifaði: Harrison Ford. Ég leit aftur á manninn við barinn. Og sá í hendi mér að ég hefði þekkt hann, hefði hann verið með hattinn.








